FRÉTTABLAÐIÐ

113. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 16. MAÍ 2020



> Sjálfur er ég glaður að við eignuðumst ekki barn fyrr – líf okkar hefur að mörgu leyti verið svolítið kreisí.

Músíkalskt par

Hjónin Víkingur Heiðar og Halla Oddný nýttu sér sannarlega að Víkingur komst ekki til tónleikahalds í útlöndum. Þau nutu þess í stað samverunnar með ungum syninum og fluttu og framleiddu sjónvarpsþætti. ➔ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Forstjóri 23 ára

Guðrún Hafsteinsdóttir hætt sem formaður Samtaka iðnaðarins. ➔ 28



Geggjað glimmer

Sögulega sjúklegir Eurovision-búningar. ➔ 46




Skipuleggur brúðkaup

Ása Berglind missti vinnuna í mars en sneri vörn í sókn. ➔ 26



Veður



Norðlæg átt 8-15 m/s, hvassast austast á landinu. Víða léttskýjað, en lítils háttar él norðaustan til, og skúrir á Suðausturlandi síðdegis. Rofar til fyrir norðan í kvöld. Áfram bjart sunnan- og vestanlands.
SJÁ SÍÐU 38



Sýnin verða send beint í greiningu.

Sýni kosti ekki yfir 50 þúsund

COVID-19 Miða skal verkferla og afköst fyrirhugaðrar sýnatöku á Keflavíkurflugvelli við að geta tekið allt að þúsund sýni á dag. Þetta kemur fram í skipunarbréfi verkefnisstjórnar sem Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur skipað vegna undirbúnings verkefnisins.

Greining sýna skal liggja fyrir innan fimm klukkustunda.


Eins og greint var frá í vikunni verður ferðamönnum sem koma til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll gefinn kostur á að fara í sýnatöku í stað tveggja vikna sóttkvíar. Mun þetta fyrirkomulag gilda frá 15. júní og verður það endurskoðað að tveimur vikum liðnum.

Verkefnisstjórninni er einnig falið að greina hvaða kröfur þurfi að gera til vottorða frá öðrum löndum og hvernig þau verði metin.

Sýnin verða send án tafar á veirufræðideild Landspítalans og skal greining liggja fyrir innan fimm klukkustunda. Þá er stefnt að því að heildarkostnaður við hvert sýni verði ekki meiri en 50 þúsund krónur.

Hildur Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á Landspítala, er formaður verkefnisstjórnarinnar. Ítarleg verk- og tímaáætlun auk kostnaðaráætlunar á að liggja fyrir 25. maí. **– sar**

Kalt á heitu tinþaki



Sólin baðaði borgina í gær og borgarbúar þustu út og nutu hennar. Á þaki Þjóðleikhússins höfðu nokkrir komið sér fyrir, eins og til að vera nær blessaðri sólinni. Þar var þó ekki köttur sjáanlegur, eins í sögunni eftir Tennessee Williams. Sjá má á trjánum að baki Ingólfi að senn taka þau að laufgast og verða brátt komin í fullan í sumarskrúða. Ingólfur lét sér fátt um finnast og horfði staðfastur til vesturs sem fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Næsta skref er að tengja skipin

UMHVERFISMÁL „Þetta er stórt skref í loftslags- og loftgæðamálum á Íslandi. Þessi áfangi um rafvæðingu flutningaskipa á að geta dregið úr losun mengandi lofttegunda á starfssvæði Faxaflóahafna um tuttugu prósent," segir Skúli Helgason, stjórnarformaður Faxaflóahafna.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Faxaflóahafnir, Veitur, Samskip og Eimskip undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um að taka í notkun háspennibúnað fyrir flutningaskip við Sundabakka og Vogabakka í Reykjavík.

Faxaflóahafnir, Veitur og ríkið leggja til 100 milljónir króna hvert um sig í verkefnið. Skúli segir að næsta skref verði svo að tengja skemmtiferðaskipin við rafmagn. „Við lítum á þetta sem upptakt fyrir landtengingu skemmtiferðaskipa við rafmagn en það verður öllu stærra og fjárfrekara verkefni." **– ab**



Gamall Egils-trékassi orðinn að forláta gítar

Gunnar Örn Sigurðsson gítarsmiður hefur nánast lagt lokahönd á forláta gítar sem gerður er úr gömlum viðarkössum frá Ölgerðarinni. Gítarinn fer upp á vegg en einnig mun tónlistarfólk koma í heimsókn til að spila á þennan glæsilega grip.

TÓNLIST Gunnar Örn Sigurðsson, gítarsmiður í Brautarholti, er að leggja lokahönd á smíði tveggja forláta gítara úr um 70 ára gömlum viðarkössum frá Ölgerðinni, sem nýttir voru til að ferja Malt, Appelsín og fleiri gosdrykki um miðja síðustu öld. Annar gítarinn er smíðaður úr Pepsi-kössum en hinn úr Egils-kössum. Hann mun afhenda Ölgerðinni Egils-gítarinn eftir helgi.

Þegar Fréttablaðið bar að garði hjá Gunnari í Brautarholti var hann að fínstilla gítarinn. Þegar það var búið voru nokkur riff tekin og hljómurinn sem gítarinn framleiðir var ekkert minna en stórkostlegur.

„Hann væri frábær í kántrí," segir hann. Fyrir utan að vera stórkostlegur gítarsmiður er Gunnar góður gítarleikari og getur tekið á sínum eigin smíðum. „Ég fékk þessa kassa frá bróður mínum og svo fór ég upp í Ölgerð og fékk aðeins að gramsa. Sá strax að þetta yrði góður gítar," segir hann undir fögrum undirleik.

Ölgerðin er einmitt að tína til sín hljóðfæri þessa dagana og stefnan er að fá tónlistarfólk til að kíkja í heimsókn og taka lagið af og til á þau hljóðfæri sem safnast hafa. „Þetta er algerlega frábært framtak hjá Gunnari og gaman að sjá hlut úr rúmlega hundrað ára sögu fyrirtækisins nýttan með þessum hætti. Það þekkja allir Íslendingar sem komnir eru yfir miðjan aldur gömlu Egils-trékassana og frábær upplifun að sjá einn þeirra fá þarna óvænt nýtt hlutverk.

Í tengslum við 100 ára afmæli Ölgerðarinnar fyrir um sjö árum síðan lögðum við í umtalsverða vinnu með eldri muni tengda fyrirtækinu og höfðum til sýnis af tilefninu. Má þar nefna fjörgamalt reiðhjól með trékassa sem Tómas Tómasson, stofnandi fyrirtækisins, og starfsfólk hans notaði til dreifingar á glerflöskum í árdaga fyrirtækisins, heljarinnar vask sem smíðaður var úr kopar fyrir um öld síðan og hefur nú verið gerður upp og er að fara í notkun hjá okkur á næstu vikum og ýmislegt fleira.



Gunnar á verkstæði sínu í Brautarholti með gítarinn góða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Lógóið sést ennþá vel á gítarnum.

Egils-gítarinn mun fara upp á vegg hjá okkur á Egilstorgi, mathúsi fyrirtækisins, þar sem starfsfólk og gestir geta notið smíðinnar. Þá er hugmyndin að fá tónlistarfólk í heimsókn til okkar í auknum mæli og að sjálfsögðu verður liður í því að taka lagið á þetta einstaka hljóðfæri," segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.

Gunnar hefur ekki farið varhluta af ástandi heimsins, en hann átti að vera að sýna afurðir sínar í Berlín. „Það er samt nóg að gera. Ég er með námskeið í gítarsmíði við Tækniskólann og það eru fjölmargir sem hafa munað eftir að þeir spiluðu einu sinni á gítar og eiga einn slíkan í geymslunni. Þá þarf oft að gera við." **benediktboas@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG



1.490 kr

Stjúpur
10 stk.

10 stk.



Broil King

83.990 kr
~~89.900 kr~~

Gasgrill Baron 320
Grillflötur: 38 x 67cm, 3 ryðfríir brennarar 9,3 Kw, hitamælir í loki og hjól undir grilli.
3000611

Með drifi



45.595 kr
~~56.995 kr~~

20%

Sláttuvél með drifi RL 460TR/W
Texas, bensínmótor 139cc/2,3kW, sláttubreidd 46 cm drif, 6 hæðastillingar 28-75 mm, 3in1 kerfi, dekk 7" og 10", þyngd 33 kg.
5085309



1.990 kr/stk.

Sýpris
Flott í útipottana.



3.990 kr

Blómakonfekt
Blönduð sumarblóm í potti, hægt að hengja upp, krókur fylgir.



20%

4.790 kr
~~5.990 kr~~

Hortensía stór
Sumarblóm.



21%

1.790 kr
~~2.290 kr~~

Snædrífa
Sumarblóm.

Pottaplöntur
Ný sending



33%

990 kr
~~1.490 kr~~

Ástareldur
10,5 cm pottur.

Evrópskt gæðamerki á ótrúlegu verði
husa.is



33.990 kr

Reiðhjól Energy 20”
Grátt og appelsínugult 10, stellastær: 10" úr stáli fyrir 20", bremsur: TEKTRO V, handbremsa: TEKTRO resin, gírar: 6, þyngd: 10,9 kg m.v. 10"
3901788



20%

Viðarvörn
og pallaolía



20%

38.875 kr
~~48.595 kr~~

Bensínsláttuvél
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd: 46 cm, 65 ltr. safnari.
5085301

25%



32.240 kr
~~42.990 kr~~

Gasgrill Solo
Grillflötur: 62,8x40,6 cm. Frábært grill fyrir heimilið eða bústaðinn.
3000393

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

TÖLUR VIKUNNAR 10.05.2020 TIL 16.05.2020

4,5
trilljónum Bandaríkjadala hafa þjóðir heims varið í aðgerðapakka.

38%
Íslendinga ætla að versla meira við íslensk fyrirtæki en áður, samkvæmt könnun Zenter.

39
milljónir króna er kostnaður Ísafjarðarbæjar af snjóflóðunum sem féllu á Flateyri.

96%
afgreiddra umsókna frá fyrirtækjum um greiðslufrest á lánum hafa verið samþykkt.

25
prósenta aukning á að verða á innlendri framleiðslu á grænmeti á næstu þremur árum.

Þrjú í fréttum
Ráðgjafarráð, Hæstiréttur og Eurovision

Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra



tók sæti í ráðgjafaráði sem nefnist Progressive International. Um er að ræða nýtt alþjóðlegt bandalag vinstri hreyfinga um allan heim. Í ráðinu sitja stjórnmálamenn, aðgerðasinnar og fræðimenn frá öllum heimshornum. Meðal þeirra eru Noam Chomsky, Naomi Klein, Arundhati Roy, Yanis Varoufakis og Fernando Haddad.

Daði Freyr
tónlistarmaður og Eurovision-fari



vann Eurovision-keppni Svía sem haldin var í vikunni. Söngvakeppnin átti að fara fram á laugardag en var blásin af vegna COVID-19. Daði hlaut milljón atkvæði sem er þó nokkur sárabót fyrir að fá ekki að stíga á svið í Rotterdam eins og til stóð.

Sigurður Tómas Magnússon
dómari við Landsrétt



hefur verið skipaður dómari við Hæstarétt Íslands frá 18. maí næstkomandi. Hann var metinn hæfastur umsækjenda um embætti dómara við Hæstarétt að mati dómnefndar sem skilaði niðurstöðu sinni í síðustu viku.

Asbest fannst í sólbekkjum og klæðningu í Varmárskóla

Við athugun á níu byggingum Mosfellsbæjar í vetur fannst asbest á þremur stöðum í Varmárskóla, í gólfklæðningu og sólbekkjum. Bekkirnir verða fjarlægðir í sumar, en högg sást á þeim á stöku stað. Árið 2009 var rekið dómsmál um hvort asbestvinna í skólanum hefði valdið dauða manns áratugum síðar.

HEILBRIGÐISMÁL Asbest fannst á þremur stöðum í Varmárskóla í Mosfellsbæ við athugun í vetur. Annars vegar í tveimur sólbekkjum í gluggum og hins vegar í ysta lagi gólfklæðningar. Samkvæmt skýrslu Skimu, sem skoðaði skólann, er ekki talin þörf á að fjarlægja gólfklæðninguna þar sem hún sé ekki aðgengileg að utan, en mælst er til þess að sólbekkirnir verði fjarlægðir.

Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi Miðflokksins, fór þess á leit að könnun yrði gerð á asbesti í opinberum byggingum, sérstaklega leik- og grunnskólum. En borist hafði erindi frá íbúa um asbest í Varmárskóla, þegar þar voru nýlega gerðar framkvæmdir vegna myglu.

Skima skoðaði húsnæði í alls níu byggingum. Asbest fannst á þremur stöðum í Varmárskóla. Hinar byggingarnar voru asbestlausar, til dæmis leikskólarnir Hlíð og Hlaðhamrar, íþróttamiðstöðin að Varmá og Bæjarleikhúsið.

Asbest, sem er samheiti yfir nokkrar steintegundir sem mynda þráðkennda kristalla, var bannað á Íslandi árið 1983, með undanteknigum, vegna þess að það telst afar heilsuspillandi.

Asbest brotnar auðveldlega niður, og myndar ryk í nálaformi sem festist í lungum við innöndun. Skaðinn kemur oft fram áratugum síðar, meðal annars sem lungnakrabbamein, fleiðrukrabbamein eða steinlunga, og getur leitt til dauða.

Ástæða erindis íbúans var dómsmál er varðaði asbest í Varmárskóla. Ekkja manns sem lést árið 2006 krafðist 7 milljóna króna bóta frá Mosfellsbæ, Kjósarhreppi og íslenska ríkinu fyrir dómstólum, vegna þess að hann hafði verið látinn saga og sníða asbestplötur fyrir skólann sem lærlingur árið 1975.



Asbest fannst í sólbekkjum og í gólfklæðningu skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árið 2009 úrskurðaði héraðsdómur og taldi að vissulega hefði hinn látni þarna komist í tæri við asbest og að það hefði leitt hann til dauða. En sýknaði sveitarfélögin og ríkið á grundvelli þess að hættan hafi ekki verið mönnum kunn á þeim tíma. Hæstiréttur taldi hins vegar vitnisburð læknis ekki nægja ástæðu til að sýna fram á orsakasamhengi þessarar tilteknu vinnu og sjúkdómsins sem leiddi umræddan mann til dauða, og sýknaði einnig.

Sveinn telur mikilvægt að kortleggja nákvæmlega hvar asbest sé og að allir séu upplýstir. „Mér finnst þörf á að taka alvarlega á þessu máli og sérstakt að það hafi ekki verið gert löngu, löngu fyrr," segir hann. „Starfsfólk þarf að vera vel upplýst um þetta því eins og mér skilst þá má ekki einu sinni negla nagla í veggi með asbesti."

> **Mér finnst þörf á að taka alvarlega á þessu máli og sérstakt að það hafi ekki verið gert löngu, löngu fyrr.**
>
> Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi Miðflokksins



En samkvæmt skýrslu Skimu var hoggið upp úr sólbekkjum á tveimur eða þremur stöðum. Ekki er vitað hvenær það gerðist en við loft- og stroksýnatökur fundust ekki merki um asbest í starfsmannarými. Telur Sveinn eðlilegt að heilbrigðiseftirlitið hafi aðkomu að málinu.

„Samkvæmt þeim leiðbeiningum sem bæði Vinnueftirlitið og Skima hafa veitt Mosfellsbæ er óhreyft eða innpakkað asbest ekki hættulegt og notkun á húsnæði þar sem þannig háttar til óhætt," segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

„Umhverfissvið Mosfellsbæjar hefur hins vegar lagt til, og bæjarráð staðfest þá tillögu, að umrætt byggingarefni verði fjarlægt af verktökum sem uppfylla skilyrði Vinnueftirlitsins til þess háttar vinnu og verður verkið unnið nú í sumar."

kristinnhaukur@frettabladid.is




Land Cruiser

Ávísun á ævintýri

TOYOTA

ALWAYS A **BETTER** WAY



Verð frá: 9.350.000 kr.

Framúrskarandi ferðafélagi
Leitaðu ekki langt yfir skammt í sumar – á Íslandi eru ævintýrin á hverju strái og endalausir möguleikar til útivistar og afþreyingar. Með fjallmyndarlegum Land Cruiser 150 verða þér allir vegir færir, enda er hann rómaður fyrir gæði, þægindi og öryggi. Til að auka enn á ánægjuna fylgir nú, með nýjum Land Cruiser 150, glæsilegt gjafabréf að andvirði 400.000 kr. hjá einhverri af eftirtöldum verslunum – þitt er valið:

Lífland selur hágæðavarning tengdan hestamennsku.
Veiðihornið er sérverslun veiðimannsins.
Ellingsen býður upp á allt fyrir útivistina og meira til.

Komdu við hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota og kannaðu hvernig landið liggur. **Sjá nánar á toyota.is**



GLÆSILEGT
GJAFABRÉF
að andvirði 400.000 kr.

með nýjum Land Cruiser
hjá einhverri af eftirtöldum
verslunum:

ELLINGSEN LÍFLAND VEIÐIHORNIÐ

3+4 ÁBYRGÐ 2 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni	Toyota Akureyri	Toyota Reykjanesbæ	Toyota Selfossi
Kauptúni 6	Baldursnesi 1	Njarðarbraut 19	Fossnesi 14
570 5070	460 4300	420 6600	480 8000

Gjafabréfið fylgir ekki með öðrum tilboðum. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

STYRKIR
TIL HUGVITSMANNA
2020
HEILDARÚTHLUTUN ER KR. 2,5 MILLJÓNIR
Samgöngustofa auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsóknarverkefna sem miða að því að auka öryggi á sjó.
Sjá nánar á vef Samgöngustofu, www.samgongustofa.is/styrkur
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 31. MAÍ 2020
Samgöngustofa



Borgaryfirvöld í Reykjavík telja aðrar leiðir en þá að Björgun fái athafnasvæði á Álfsnesi illfærar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vilja friðlýsa nýja lóð Björgunar á Álfsnesi

Minjastofnun Íslands hyggst senda tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um friðlýsingu menningarlandslags á Álfsnesi og við Þerneyjarsund. Það gerði út um þau áform borgaryfirvalda að Björgun hf. fái þar athafnasvæði.

REYKJAVÍKUR Áætlanir um að efnisvinnslufyrirtækið Björgun ehf. flytji á nýja lóð við Álfsnesvík hafa verið á teikniborðinu í rúm þrjú ár.

Í byrjun apríl samþykkti borgarráð Reykjavíkur breytingu á aðalskipulagi, sem gerði ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði fyrirtækisins á svæðinu. Sú breyting liggur hjá Skipulagsstofnun til staðfestingar. Málið var keyrt í gegnum borgarskipulagið, þótt Minjastofnun Íslands hafi verið andvíg því frá upphafi.

„Skoðun Minjastofnunar hefur verið mjög afdráttarlaus frá því að þessi hugmynd var fyrst kynnt okkur á fundi í febrúar 2017. Það hefur lengi legið fyrir að þarna eru merkar minjar og því hefur legið fyrir frá upphafi að Minjastofnun gæti ekki fallist á að starfsemi fyrirtækisins verði á þessum stað," segir Agnes Stefánsdóttir, sviðsstjóri Rannsókna og miðlunar hjá Minjastofnun Íslands.

Nefnir Agnes sem dæmi að í grein Kristjáns Eldjárn, fyrrverandi forseta Íslands og þjóðminjavarðar, árið 1980, segi að staðurinn sé einn af fyrirrennurum Reykjavíkur og eigi að varðveitast eins og hann er.

Fornleifaskráning svæðisins lá þó ekki fyrir, en sú vinna var sett í gang um sumarið 2017 og lá skýrsla fyrir í júní 2018. Á grundvelli skráningarinnar sendi Minjastofnun Íslands bréf til borgarráðs, þar sem þeirri skoðun stofnunarinnar var lýst að varðveislugildi minja á svæðinu væri hátt og að gildi þeirra fælist einkum í því að sú einstæða minjaheild væri ósnortin.

> Við teljum að verið sé að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.

Reykjavíkurborg hefur þrátt fyrir þetta haldið áformunum til streitu. Í júní 2019 var skrifað undir samkomulag um að Björgun fengi lóðina í Álfsnesvík og eins og áður segir var samþykkt að breyta aðalskipulaginu fyrir rúmum mánuði.

Þann 29. apríl síðastliðinn skrifaði Minjavernd bréf til borgarráðs þar sem farið var yfir feril málsins og margs konar athugasemdir gerðar við umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um málið. Meðal annars að ranglega væri farið með dagsetningar, sem og að í sumum tilvikum hefðu rangar ályktanir verið dregnar af fyrri samskiptum Minjastofnunar og borgaryfirvalda.

Ákvörðun borgaryfirvalda byggir að miklu leyti á ítarlegu kostamati en niðurstaða þess er að illfært sé að leita annað með starfsemi Björgunar.

Í áðurnefndu bréfi Minjastofnunar kemur fram að ítrekað hafi verið gerðar athugasemdir við „hið svokallaða kostamat". Í því hafi ekki verið lagt mat á mismunandi kosti, með tilliti til áhrifa á menningarminjar, þó að öðru sé haldið fram.

Enn fremur kemur fram að með ákvörðun sinni hafi Reykjavíkurborg tekið hagsmuni byggingariðnaðarins fram yfir hagsmuni almennings um varðveislu minja á svæðinu og að það sé andstætt tilgangi laga um menningarminjar.

„Við teljum að verið sé að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Við höfum því hafið undirbúning að tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra að friðlýsingu menningarlandslags á Álfsnesi og við Þerneyjarsund," segir Agnes.

bjornth@frettabladid.is

Loks samið við landsbyggðardýralækna

KJARAMÁL Fimm ára samningar hafa verið undirritaðir við dýralækna á landsbyggðinni. Mikil óánægja hafði verið með kerfið undanfarin ár og hætta á að mörg byggðarlög yrðu dýralæknislaus.

Dýralæknarnir eru verktakar og í raun á vakt allan sólarhringinn allt árið, án þess að fá umbun fyrir það.

Landbúnaðarráðherra skipaði starfshóp sem hefur breytt kerfinu og veitt dýralæknum staðaruppbætur. Hins vegar hefur umdæmum verið fækkað og tvær héraðsdýralæknastöður felldar niður.

„Við erum sátt við að ráðuneytið hafi nálgast málið með opnum huga og sett aukafjármagn í þetta nýja kerfi, því hið gamla var búið að sýna að það virkaði ekki," segir Charlotta Oddsdóttir, formaður Dýralæknafélags Íslands. „Við þurfum að sjá hvernig hið nýja virkar og það mun þurfa aðlögunartíma."

> Við erum sátt við að ráðuneytið hafi nálgast málið með opnum huga og sett aukafjármagn í þetta nýja kerfi, því hið gamla var búið að sýna að það virkaði ekki.



Charlotta Oddsdóttir, formaður Dýralæknafélags Íslands

Með nýrri reglugerð hefur bakvakt loksins verið skilgreind og þar segir ekki hægt að ætlast til þess að dýralæknir sé meira en 960 klukkustundir á bakvakt á ári. Þá er dýralæknunum einnig heimilt að taka að sér verk fyrir Matvælastofnun, sem hingað til hefur ekki mátt.

Samningarnir eru ekki kjarasamningar í sjálfu sér, og hver dýralæknir setur sína verðskrá. Nú hefur verið samið við alla.

„Við eigum sjálfsagt eftir að sjá einhverja vankanta á þessu en fólk er að minnsta kosti það vongott með kerfið að það er tilbúið að binda sig í fimm ár," segir Charlotta.

– khg





Þín stund
Café
Pennan Eymundsson
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG • LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM
Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar viðskiptum.

LOKSINS LOKSINS

TAX FREE SNYRTIVÖRU DAGAR

Í HEILA VIKU 14.-20. MAÍ

TAXFREE* AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

GARÐABÆR, SKEIFAN, SPÖNG OG AKUREYRI
Snyrtivörudeildir opnar frá 10 til 22 á Taxfree dögum

KRINGLAN OG SMÁRALIND
Hér finnur þú mesta úrvalið og meira pláss

HAGKAUP
Snyrtivara

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.



Vestmannaeyjar í góðu veðri.

HSU segir upp ræstingafólki

VESTMANNAEYJAR Bæjarráð Vestmannaeyja skorar á stjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, HSU, að draga áform sín um að segja upp fólki og nota aðkeypta ræstingu, til baka.

Framkvæmdastjórn HSU, að undanskildum forstjóra, mætti á fund bæjarráðs á fimmtudag til að gera grein fyrir málefnum stofnunarinnar og sér í lagi áhrifum af ákvörðun yfirstjórnarinnar um aðkeypta ræstingu.

„Það er nöturlegt til þess að hugsa að á sama tíma og atvinnuleysi eykst á Íslandi í kjölfar heimsfaraldurs Covid, skuli forsvarsmenn HSU áforma að segja upp starfsfólki í ræstingu við stofnunina í Vestmannaeyjum, sem unnið hefur undir miklu álagi á undanförnum mánuðum. Það eru kaldar kveðjur í ástandinu sem ríkir í samfélaginu á sama tíma og sveitarfélagið hefur markvisst unnið að því að tryggja störf og koma til móts við bæjarbúa, t.a.m. með frestun gjaldheimtu. Þar að auki hafa aðgerðapakkar ríkisstjórnarinnar miðað að því að verja störf, einkum og sér í lagi kvennastörf," segir í niðurstöðu bæjarráðs. **– bb**

Auki fjárstyrki til kvikmynda

Kvikmyndaframleiðendur vilja hækkun endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar til að auka samkeppnishæfi Íslands. Ráðherra segir landið samkeppnishæft og að forgangsatriði sé að geta svarað eftirspurninni.

COVID-19 Íslenskir kvikmyndaframleiðendur leggja til við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að endurgreiðsla vegna kvikmyndagerðar hækki tímabundið úr 25 prósentum í 35 prósent vegna COVID-19. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, segir forgangsatriði að geta svarað eftirspurn.

Leifur B. Dagfinnsson, framkvæmdastjóri True North, segir að hækkun á endurgreiðslum myndi bæði flýta fyrir ákvörðunum erlendra framleiðenda um að koma með verkefni til Íslands og hafa bein áhrif á ferðaþjónustu á Íslandi.

„Hækkun á endurgreiðslum myndi auka samkeppnishæfi okkar og við værum að markaðssetja landið á mjög góðan og öflugan hátt, án þess að leggja í beinan kostnað."

Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, segir að hækkun yrði greininni tvímælalaust til framdráttar.

„Erlendir aðilar vita af mikilli fagmennsku íslensks kvikmyndagerðarfólks, innviðir eru góðir og auðvelt að nálgast stórkostlega tökustaði, auk þess sem nú er starfrækt kvikmyndastúdíó sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur," segir hún.

Leifur segir áhuga erlendra framleiðenda á að koma til Íslands og taka upp kvikmyndir í stúdíói vera að aukast.



Kvikmyndagerðarmenn vilja nú fá 35 prósenta endurgreiðslu frá ríkinu.

> **Þetta myndi hafa bein áhrif á ferðaþjónustu og tekjuflæði inn í landið.**
>
> Leifur B. Dagfinnsson, framkvæmdastjóri True North



„Þá myndi hópurinn koma og vera hér við tökur í kannski sjö vikur, í stað þess að dvelja í eina viku. Þetta myndi hafa bein áhrif á ferðaþjónustu og tekjuflæði inn í landið," segir Leifur.

„Það er allt búið að vera stopp í framleiðsluvélinni, svo það er farið að vanta efni á veiturnar þannig að öll stúdíó í nágrannalöndum okkar eru yfirfull og framleiðendur þurfa að komast einhvers staðar að þar sem er góð þjónusta, fagfólk og góð endurgreiðsla. Þannig getum við stækkað þennan iðnað hérna á Íslandi," segir Leifur.

Í svari ráðherra við fyrirspurn Fréttablaðsins um mögulega hækkun endurgreiðslna, segir að ívilnunarkerfið hér sé vel samkeppnishæft. „Besta sönnun þess er sú gífurlega eftirspurn sem er eftir þátttöku í því. Síðasta ár var þannig algjört metár og sá áhugi virðist ekkert vera að dvína, nema síður sé. Öflug innlend þjónustufyrirtæki hafa leikið þarna lykilatriði," segir Þórdís Kolbrún.

„Opnun okkar á landinu þrátt fyrir Covid og lækkun á gengi krónunnar eru svo tveir þættir til viðbótar sem styrkja samkeppnisstöðu okkar enn frekar. Við erum því í sterkri stöðu til að nýta þessi dýrmætu tækifæri."

Laufey segir að þrátt fyrir áhuga erlendra framleiðenda á Íslandi sé mikilvægt að vera samkeppnishæf.

„Við mat á hvar á að taka upp er litið til kostnaðar og fyrirgreiðslu, samanber endurgreiðslur, og mjög víða eru lönd að bjóða hærri, og jafnvel mun hærra en 25 prósent, svo þetta myndi bæta samkeppnisstöðuna mjög mikið. Þótt krónan sígi þessar vikurnar er landið alltaf tiltölulega dýrt í samanburði við flest önnur lönd," segir Laufey Guðjónsdóttir. **birnadrofn@frettabladid.is**

Forsetaefni
með víðtæka reynslu

Ég býð mig fram til forseta Íslands sem forseti allra Íslendinga, en ekki sem hagsmunaaðili stórfyrirtækja eða stjórnmálaflokka. Er það mín ósk að þetta embætti sé notað á þann hátt að forseti geti fært valdið til þín í umdeildum málum.

Framboðið mitt er kostað af mér og þigg ég enga styrki en þarf nauðsynlega á meðmælum að halda svo það geti orðið af því.

Nú þarf ég að safna meðmælendum hratt og hef til þess nokkra daga, fram að miðnætti 19. maí. Það er gert í gegnum kosningakerfi á www.skra.is. Notast er við rafræn skilríki eða Íslykil.

Magnús Ingberg Jónsson





Ásthildur Sturludóttir segir ríkið bera ábyrgð á rekstri hjúkrunarheimila.

Gera kröfu um að Akureyri ábyrgist rekstur nýs heimilis

AKUREYRI Ágreiningurinn um rekstur hjúkrunarheimila á Akureyri heldur áfram. Ríkið krefst þess af bænum að hann ábyrgist rekstur hjúkrunarheimilis í Lögmannshlíð sem stendur til að byggja, ellegar verði það ekki byggt. Bæjarstjórn stendur fast á kröfu sinni um að ríkið beri ábyrgð á rekstrinum, sem og öðrum hjúkrunarheimilum, sem bærinn hyggst hætta að koma að.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri segir ríkið setja þessi skilyrði í alla nýja samninga. Í yfirlýsingu bæjarráðs er ríkið því sagt mismuna íbúum, því ef sveitarfélög fallist ekki á að taka á sig reksturinn falli þjónustan niður.

Mikill hallarekstur hefur verið á hjúkrunarheimilum bæjarins, þrátt fyrir að ekki sé verið að veita þjónustu umfram þjónustulýsingu. Nægt fjármagn berist ekki frá ríkinu, sem lagalega beri ábyrgð á rekstrinum.

> **Ég er alveg sannfærð um að ráðherra vilji leysa þessi mál.**
>
> Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrarbæjar

Samkvæmt Ásthildi er ennþá samtal í gangi á milli ráðuneytisins, framkvæmdasýslunnar og Akureyrarbæjar um þetta mál. Segir hún best að þetta mál leysist fljótlega svo hægt sé að koma hjúkrunarheimilinu í hönnunarsamkeppni og útboð. Engin tímamörk hafi þó verið ákveðin.

„Þetta er okkar afstaða og við erum stíf á henni," segir Ásthildur. „Ég er alveg sannfærð um að ráðherra vilji leysa þessi mál." **– khg**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU

5

Audi A1 Sportback
Bensín / Sjálfskiptur
Kjarakaup 4.290.000
Fullt verð 4.660.000
Afsláttur 670.000



KJARAKAUP

Takmarkað magn

Byrjaðu sumarið á nýjum bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluaksturbíla og fleiri valdra bíla frá Audi, Volkswagen, Skoda og Mitsubishi. Úrvalið má skoða í sýningarsalnum okkar á netinu.

hekla.is/kjarakaup

Skoda Octavia
Combi / Bensín / Sjálfskiptur — **Afsláttur**

KJARAKAUP 4.190.000 kr. — **850.000 kr.**
Fullt verð: 5.040.000 kr.



Mitsubishi L200
Double Cab / Dísil / 4x4 / Sjálfsk. — **Afsláttur**

KJARAKAUP 7.390.000 kr. — **500.000 kr.**
Fullt verð: 7.890.000 kr.



Volkswagen Golf GTE PHEV
Bensín / Rafmagn / Sjálfsk. — **Afsláttur**

KJARAKAUP 4.490.000 kr. — **1.000.000 kr.**
Fullt verð: 5.490.000 kr.



Volkswagen Passat GTE
Variant / Bensín / Rafmagn / Sjálfsk. — **Afsláttur**

KJARAKAUP 5.990.000 kr. — **1.050.000 kr.**
Fullt verð: 7.040.000 kr.



MMC Outlander PHEV
Invite / 4x4 / Rafm. / Bensín / Sjálfsk. — **Afsláttur**

KJARAKAUP 4.890.000 kr. — **400.000 kr.**
Fullt verð: 5.290.000 kr.



Skoda Superb
L&K / 4x4 / Dísil / Sjálfsk. — **Afsláttur**

KJARAKAUP 5.990.000 kr. — **1.100.000 kr.**
Fullt verð: 7.090.000 kr.



Birt með fyrirvara um prentvillur.

HEKLA Laugavegi 170 · Sími 590 5000 · Hekla.is

Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.
Bíll á Kjarakaupum er sýningarbíll, reynsluakstursbíll eða bíll sem HEKLA hefur náð að tryggja á hagstæðu gengi.

Vilja að ríkið rukki fyrir upplýsingar

Samtök atvinnulífsins kalla eftir kæruheimild í upplýsingalög fyrir fyrirtæki og einstaklinga og leggja til að frestur til að veita upplýsingar verði lengdur. Siðfræðistofnun telur frumvarp um breytingar á lögunum neikvætt fyrir upplýsingarétt almennings.

STJÓRNSÝSLA Samtök atvinnulífsins vilja að tekin verði upp gjaldtaka fyrir aðgang að upplýsingum frá hinu opinbera. Þetta kemur fram í umsögn SA um frumvarp forsætisráðherra um breytingar á upplýsingalögum, sem er til meðferðar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

Í umsögninni er vísað til þess að í stjórnsýslulögum sé kveðið á um heimild til gjaldtöku af aðila máls hjá stjórnsýslunni og enn ríkari ástæður séu fyrir því að innheimta slík gjöld af utanaðkomandi aðilum sem krefjast upplýsinga á grundvelli upplýsingalaga.

„Með því er bæði staðið undir þeim kostnaði sem hlýst af öflun gagna og jafnframt hvatt til þess að ekki sé óskað eftir gögnum og upplýsingum að óþörfu," segir í umsögninni.

Yrði fallist á þessa ósk SA myndi slíkur kostnaður væntanlega falla á fjölmiðla enda langflestar beiðnir um upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga frá blaða- og fréttamönnum.

Frumvarpið sem umsögn SA lýtur að, er lagt fram í kjölfar ábendingar SA um mikilvægi þess að hagsmuna þriðja aðila sé gætt við veitingu upplýsinga frá hinu opinbera.

Verði frumvarpið að lögum verður opinberum aðilum skylt að leita eftir afstöðu þess sem upplýsingarnar geta varðað, til birtingar eða veitingar upplýsinga, nema það sé bersýnilega óþarft. Þá yrði úrskurðarnefnd um upplýsingamál gert að senda þriðja aðila afrit af úrskurði um afhendingu upplýsinga, auk þess sem þriðja aðila er veittur réttur til að krefjast frestunar réttaráhrifa úrskurðar.



Frumvarpið var samið í forsætisráðuneytinu að frumkvæði Samtaka atvinnulífsins. Það er til meðferðar í Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, þar sem SA hafa gert grein fyrir efni umsagnar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þriðji aðili geti líka kært

Í umsögn SA er einnig lagt til að heimild til að bera mál undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál verði útvíkkuð, þannig að einkaaðilar geti kært til hennar ákvörðun stjórnvalds um að veita upplýsingar sem þá varðar, enda ljóst að einkaaðilar geti haft hagsmuni af niðurstöðu stjórnvalda um afhendingu gagna.

Þá vilja samtökin að bætt verði við upplýsingalögin ákvæði, um að fyrirspyrjandi geri grein fyrir ástæðum þess að upplýsinganna sé óskað.

„Afstaða Samtaka atvinnulífsins snýr að engu leyti að því að takmarka aðgang að upplýsingum, heldur að einstaklingar og fyrirtæki sem gögnin varða séu upplýst um, og hafi um það að segja, að verið sé að afhenda um þau upplýsingar," segir Davíð Þorláksson, forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs SA. Samtökin fagni tímabærum breytingum á upplýsingalögum en vilji að betur sé gætt að réttarstöðu einkaaðila í málsmeðferð upplýsingabeiðna en frumvarpið gerir ráð fyrir, líkt og fram kemur í umsögn samtakanna.

> **Afstaða Samtaka atvinnulífsins snýr að engu leyti að því að takmarka aðgang að upplýsingum.**
>
> Davíð Þorláksson forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs SA



Átta umsagnir hafa borist um málið og skiptar skoðanir eru um efni þess. Umsagnir bæði Isavia og Samtaka iðnaðarins eru jákvæðar og taka undir mikilvægi frumvarpsins.

Myndi lengja málsmeðferð

Í umsögn Blaðamannafélagsins er hins vegar varað við því að breytingin myndi leiða til verulegra tafa á afgreiðslu beiðna um upplýsingar, en langur afgreiðslutími úrskurðarnefndar um upplýsingamál hafi ítrekað komið til umræðu í samfélaginu og á Alþingi.

Tekið er í sama streng í umsögn Borgarskjalasafns, þar sem vakin er athygli á því að stjórnvöldum kunni nú þegar að vera skylt að leita eftir áliti þess sem upplýsingar varði, til að upplýsa mál. Verði breytingarnar að lögum verði mat á því hvort veita skuli upplýsingar, áfram hjá hinu opinbera, því upplýsingaréttur byggi á lögum en ekki afstöðu þriðja aðila. Er það mat safnsins að því verði lítill ávinningur af fyrirhuguðum breytingum, einkum þegar tekið er tillit til þess hve íþyngjandi þær kunni að verða stjórnvöldum.

Í umsögn safnsins er einnig vakin athygli á því að stjórnvöld kunni að vera bundin trúnaði við þann sem óski upplýsinga og að lokum bent á að samkvæmt upplýsingalögum er tímafrestur stjórnvalda til að veita umbeðnar upplýsingar sjö dagar. Sá frestur sé óraunhæfur verði breytingarnar að lögum og óhjákvæmilegt annað en að lengja hann.

Í fyrrnefndri umsögn SA er reyndar lagt til að brugðist verði við þessu með því að lengja sjö daga frestinn í fjórtán daga. Í umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga er líka minnst á þetta atriði og leiddar líkur að því að fleiri mál muni þurfa að afgreiða á grundvelli ákvæðis um 30 daga frest. Telur sambandið slíkan frest þó ásættanlegan svo hægt sé að tryggja réttindi þriðja aðila.



Dæmi um þriðju aðila

Meðal „þriðju aðila" sem falla myndu undir breytinguna samkvæmt frumvarpinu, eru útgerðarfélög sem stefndu ríkinu vegna úthlutunar Fiskistofu á aflaheimildum í makríl, sjálfstæðir framleiðendur sem sömdu við RÚV um kaup á dagskrárefni, starfsmaður Seðlabankans sem fékk 18 milljónir í námsstyrk hjá bankanum, matvælaframleiðendur og lögbýli sem hafa sætt eftirliti Matvælastofnunar vegna gruns um slæman aðbúnað dýra og umsækjendur um uppreist æru.

Skref aftur á bak

Siðfræðistofnun Íslands leggst gegn frumvarpinu. Breytingarnar muni þrengja aðgang almennings að upplýsingum og getu fjölmiðla til að veita stjórnvöldum aðhald.

„Að þessu leyti vinnur frumvarpið gegn markmiði nýsamþykktra laga um útvíkkun gildissviðs upplýsingalaga, sem miða meðal annars að því að styrkja upplýsingarétt almennings og stytta málsmeðferðartíma." Þá er vísað til athugasemdar frá forsætisráðuneytinu, um að æskilegt væri að málsmeðferðartími væri mun styttri en nýju lögin heimili. Að mati Siðfræðistofnunar er hætt við að með frumvarpinu verði hins vegar stigið skref aftur á bak.

„Siðfræðistofnun telur mikilvægt að löggjafinn tryggi með afgerandi hætti að bætt og skýrari réttarstaða þriðja aðila, verði ekki til þess að málsmeðferðartími úrskurðarnefndar um upplýsingamál lengist og að afgreiðsla beiðna um upplýsingar á grundvelli upplýsingaréttar almennings tefjist ekki á ómálefnalegum forsendum. Eins og frumvarpið er úr garði gert er það ekki tryggt." **adalheidur@frettabladid.is**

Rannsóknasjóður

Umsóknarfrestur 15. júlí

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Rannsóknasjóði fyrir styrkárið 2021. Umsóknarfrestur rennur út 15. júlí 2020 kl. 16:00.

Umsækjendur eru beðnir um að kynna sér vel reglur Rannsóknasjóðs fyrir styrkárið 2021 áður en hafist er handa við gerð umsóknar.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku.

Nánari upplýsingar og aðgang að rafrænu umsóknarkerfi má nálgast á **www.rannis.is**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Segir mikilvægt að fá fljótlega línur um fjármögnun fyrir samgönguáætlunina

SAMGÖNGUMÁL „Samgönguáætlun er enn í vinnslu og það er dálítil vinna eftir. Við fáum vegamálastjóra til okkar eftir helgi og svo fulltrúa ýmissa stofnana. Í framhaldinu fer nefndin í það að reyna að hnýta saman lausa enda," segir Bergþór Ólason, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Nefndin fjallaði um samgönguáætlun á tveimur fundum í lok síðustu viku en þá hafði áætlunin ekki verið á dagskrá síðan 9. mars.

„Okkur hefur kannski gengið hvað erfiðlegast að fá upplýsingar um það hvað af þessum viðbótarfjárveitingum við fáum til ráðstöfunar til verkefna samgönguáætlunar. Það er enn ekki búið að sundurgreina til að mynda 60 milljarða framkvæmdapakkann á árunum 2021 til 2023. Hvað af því fer í vegagerð, hvað í ofanflóðavarnir og dvalarheimili svo dæmi séu tekin."

Samkvæmt uppfærðri starfsáætlun á Alþingi að starfa til 25. júní. „Í sjálfu sér er nægur tími til stefnu en það er mikilvægt að fá fljótlega línur hvað varðar fjármögnunina," segir Bergþór.



Endurnýjun Ölfusárbrúar er í samgönguáætluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Í sjálfu sér er nægur tími til stefnu en það er mikilvægt að fá fljótlega línur.**
>
> Bergþór Ólason, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Frumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir er einnig á borði nefndarinnar. Rennur umsagnarfrestur út næsta föstudag.

„Það er alveg fristandandi mál en er auðvitað haft til hliðsjónar við vinnu samgönguáætlunar," segir Bergþór. **– sar**

FRYSTUM GENGIÐ

ÓBREYTT VERÐ Á NÝJUM BÍLUM!



SSANGYONG

Rexton - 4x4 jeppi ársins

7 manna
Hátt og lágt drif
Fimm ára ábyrgð

Byggður á grind
3 tonna dráttargeta
Sjálfstæð fjöðrun að aftan


Óbreytt verð:
7.990.000 kr. sjálfskiptur

Aukabúnaður á mynd: 33" hækkun. Verð: 590.000 kr. - mikil veghæð 29 cm.

Bílabúð Benna hækkar ekki verð!

Þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun undanfarið er Bílabúð Benna staðráðið í að standa verðlagsvaktina og hefur því ekki hækkað verð á nýjum bílum. Þetta er okkar framlag til verðstöðugleika og þannig hyggst fyrirtækið létta undir með því fólki sem er í bílahugleiðingum.

Takmarkað magn í boði!.



Gengi íslensku krónunar á vef Landsbankans 8. maí, 2020.



SSANGYONG

Tivoli 4x4

Fjórhjóladrif m/læsingu, fimm ára ábyrgð

3.990.000 kr. sjálfsk.



Opel

Ampera-e 60 kwh

100% rafmagn og nóg pláss

Óbreytt verð:

4.790.000 kr. sjálfsk.



Opel

Grandland X

Þýsk gæði og mikill búnaður

Óbreytt verð:

4.490.000 kr. sjálfsk.



SSANGYONG

Korando 4x4

2ja tonna dráttargeta, fjórhjóladrif með læsingu

Óbreytt verð:

4.490.000 kr. beinsk.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

benni.is
Nánari upplýsingar um verð og búnað

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
420 3330

Reykjavík
Krókhálsi 9
590 2000

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Nýta fámenni til að stækka moskuna

Framkvæmdir eru hafnar við Stórmoskuna í Mekka á nýjan leik og ekki hefur enn verið hvikað frá því að klára verkið á þessu ári. Stækkunin kostar jafnvirði fimmtán hundruð milljarða króna og þrjú hundruð þúsund fermetrar af landi hafa verið þjóðnýttir.

SÁDI-ARABÍA Þriðja stækkun Stórmoskunnar í Mekka, hinni helgu borg múslima, hefur hafist að nýju. Fækkun pílagríma hefur valdið því að framkvæmdir eru auðveldari á svæðinu. Meðal þess sem gert verður er að koma upp steinloftum, steinbogum við garða og breyta aðalhliðum moskunnar.

Stækkunin var ákveðin árið 2008 og er sú langstærsta í sögu moskunnar. Um 300 þúsund fermetra svæði norðvestan við moskuna var þjóðnýtt og verður því heildarstærð svæðisins tvöfaldað. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina var 10 billjónir Bandaríkjadala, eða um 1.500 milljarðar króna.

Stórmoskan er sú stærsta í veröldinni og umkringir Kaaba, helgustu byggingu múslima. Múslimar verða að fara einu sinni á ævinni til Mekka og ganga sjö hringi í kringum Kaaba, innan í Stórmoskunni. Þetta hefur gert Mekka að einum mesta ferðamannastað veraldar, jafnvel þó aðeins múslimar megi heimsækja hana.

Vegna fjölgunar mannkynsins á 20. og 21. öldunum, úr 1,6 milljörðum árið 1900 í 7,8 árið 2020, er Stórmoskan löngu sprungin. Áætla Sádi-Arabar að 30 milljónir pílagríma muni heimsækja moskuna árlega og eftir stækkunina geta 2,5 milljónir komið þar saman í einu, miðað við tæplega 800 þúsund áður.



Stórmoskan í Mekka er sú stærsta í veröldinni en er þó löngu sprungin vegna ört vaxandi aðsóknar. MYND/GETTY

Moskan var upprunalega reist við upphaf íslams á sjöttu öld, en hefur tekið margvíslegum breytingum í gegnum aldirnar. Fyrsta nútímastækkunin var gerð milli 1955 og 1973 og önnur á milli 1982 og 1988. Þriðja stækkunin var fyrirskipuð af Abdullah konungi, sem lést árið 2015.

Þegar hefur ein ný álma verið opnuð, Masaa. Auk þess að stækka og lagfæra er einnig verið að nútímavæða moskuna. Til að mynda hafa 79 sjálfvirk hlið verið sett upp, nýr spítali, rafmagnskerfi og öryggisgæslan uppfærð. Það er ekki að ósekju, því árið 1979 hertóku hryðjuverkamenn moskuna og héldu þar gíslum í tvær vikur. Þá er svæðið í kringum Kaaba, þar sem hringganga pílagrímanna fer fram, stækkað, til að koma fleirum fyrir.

Stækkun moskunnar hefur þó ekki gengið áfallalaust fyrir sig. Stærsta áfallið var þegar byggingarkrani féll á hliðina, kramdi 111 manns til dauða og særði tæplega 400. Allir hinir látnu voru útlendingar, flestir frá Bangladess og Egyptalandi. Framkvæmdir voru stöðvaðar um tíma eftir slysið.

» Með stækkuninni er hægt að koma fyrir 2,5 milljónum manna í moskunni, miðað við tæplega 800 þúsund áður.

Framkvæmdir voru aftur stöðvaðar í byrjun mars vegna COVID-19 faraldursins. Þá voru einnig settar miklar takmarkanir á pílagríma en þeim fækkaði mjög mikið vegna ferðatakmarkana víða um heim. Fækkun pílagríma olli því þó að mun auðveldara var að vinna að framkvæmdum við moskuna og því var ákveðið að byrja á nýjan leik. Þá hafa einnig verið sett upp sérstök sótthreinsunarhlið sem allir verða að ganga í gegnum.

Upprunalega átti að ljúka við þriðju stækkunina árið 2019 en því var frestað til ársins 2020. Ekki er vitað hversu mikil áhrif lokunin hefur haft, en framkvæmdaleyfishafinn, Saudi Binladin Group, hefur ekki gefið út breytingu á því.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu ***Margar hendur vinna létt verk*** sumarið 2020.

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnin lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknarform með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Fyrirspurnir sendist á netfangið **lettverk@landsvirkjun.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2020. Umsóknarform er að finna á landsvirkjun.is.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA



Rúmlega fimmtán hundruð hafa greinst með COVID-19 í Litháen. MYND/EPA

Eystrasaltslöndin opna afmarkað ferðasvæði

EVRÓPA Í morgun opnuðu Eistland, Lettland og Litháen landamæri sín á milli. Þetta er fyrsta afmarkaða ferðasvæðið sem sett hefur verið á í Evrópu, síðan þjóðir hófu að loka landamærum sínum vegna kórónaveirunnar.

Samkvæmt nýju reglunum mega þeir sem ekki hafa ferðast utan Eystrasaltsríkjanna undanfarnar tvær vikur, ferðast frjálst á milli landanna þriggja, að því gefnu að þeir hafi ekki greinst með smit eða verið í návígi við smitaðan einstakling. Aðrir þurfa að sæta tveggja vikna sóttkví við komu til landanna.

Einnig hefur verið leitað til Finnlands og Póllands um aðild að ferðasvæðinu.

„Eystrasalts-ferðasvæðið gefur fyrirtækjum tækifæri til opna á nýjan leik og fólki vonarglætu um að lífið sé að komast aftur í eðlilegt horf," sagði Saulius Skvernelis, forsætisráðherra Litháens, í yfirlýsingu.

» Innan við 150 hafa látist í Eystrasaltslöndunum af völdum COVID-19 til þessa.

Eystrasaltslöndin hafa sloppið betur frá faraldrinum en mörg önnur lönd Evrópu. Færri en 150 hafa dáið af völdum kórónaveirunnar í löndunum þremur miðað við tölur John Hopkins-háskóla. Hafa þau nú þegar slakað á aðgerðum vegna faraldursins. **– atv**


4
Loforð Vodafone um betri þjónustu
Við höfum stækkað 4G netið okkar svo um munar
Árni Tómas
Söluráðgjafi
Við munum flest ferðast innanlands í sumar. Þá kemur sér vel að við höfum stækkað 4G kerfið okkar gríðarlega síðastliðin ár sem nær í dag til 99,7% íbúa.
Starfsfólk Vodafone
vodafone
vodafone.is/nyttupphaf

MIKIÐ ÚRAVAL AF SUMARLEGRI SMÁVÖRU



EIGHTMOOD
Pottastandur
3 stærðir.
7.690–13.990 kr.





EIGHTMOOD
Púði, grænn
5.990 kr.



BROSTE
AMBER Glös.
Verð frá:
1.690 kr.

BROSTE COPENHAGEN

BROSTE
Vasi **5.290 kr.**



20%
KYNNINGARAFSLÁTTUR

NINJA
Hornsófi úr Ninja línunni 2H2. Eins og önnur húsgögn frá BRAFB er hann úr álgrind og handofinn úr sérlega endingargóðu fléttuefni. Fyrsta flokks svampur í sessum og bakpullum. Endingargott Olifin áklæði. Stærð: 252 x 252 x 80 cm

279.992 kr.
~~349.990 kr.~~



NINJA
Flottur 3ja sæta útisófi í Ninja línunni frá BRAFAB.

Stærð: 212 x 80 x 88 cm
183.992 kr. ~~229.990 kr.~~

NINJA
Stóll úr Ninja línunni.



Stærð:
86 x 88 x 80 cm
67.992 kr. ~~84.990 kr.~~

Brafab



NINJA
Sófaborð með gleri úr Ninja línunni. Stærð: 90 x 90 x 46 cm

39.992 kr.
~~49.990 kr.~~

NINJA
Borð og sæti/hnallur úr Ninja línunni. Þú tekur pulluna af og þá virkar hnallurinn sem borð.
Stærð: 76 x 76 x 32 cm





42.392 kr. ~~52.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
12 – 18 virka daga
12 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
12 – 18 virka daga
12 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 27. maí eða á meðan birgðir endast

SUMAR DAGAR

– ÚTI OG INNI –

VEFVERSLUN

www.husgagnahollin.is

SENDUM FRÍTT

LEONE
Hornsófi úr Leone línunni 2H2. Svört álgrind og gráar sessur og bakpullur úr fyrsta flokks svampi. Stærð: 203 x 203 x 80 cm

Sófarborð úr svörtu áli með reyklitaðri glerplötu fylgir sófanum. Stærð: 70x70x30 cm (Annað borð á mynd)

Brafab

SUMARHÚSGÖGN

Vönduð og stórglæslieg útihúsgögn frá sænska fyrirtækinu Brafab. Húsgögnin þola vel íslenska veðráttu.

RYÐFRÍTT STÁL Í ÖLLUM GRINDUM. | OLIFIN ÁKLÆÐI SEM ENDIST. | FALLEG OG EINSTAKLEGA ÞÆGILEG ÚTIHÚSGÖGN.

SOHO
Flottur þriggja sæta útisófi frá BRAFAB.
Stærð: 187 x 79 x 90 cm

111.992 kr.
~~139.990 kr.~~





SOHO
Hornsófi 2H2.
Stærð: 201 x 201 x 90 cm

159.992 kr. ~~199.990 kr.~~



SOHO
Stóll
Stærð: 79 x 74 x 90 cm

42.392 kr. ~~52.990 kr.~~



SOHO
Soho sólbekkur.
Stærð: 193 x 60 x 33 cm

55.992 kr. ~~69.990 kr.~~



Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Aðhaldið



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Fjölmiðlar eru stundum nefndir fjórða valdið vegna aðhaldsins sem þeir veita. Fjölmiðlar sem telja sig hafa hlutverki að gegna í þessu sambandi álíta það skyldu sína að fjalla um beitingu ríkisvaldsins og ráðstöfun almannafjár.

Einn lykilþáttur við að rækja þessa skyldu er greiður aðgangur að upplýsingum. Settar hafa verið lagareglur sem beinlínis er ætlað að greiða fjölmiðlum aðgang að upplýsingum frá stjórnvöldum og öðrum opinberum aðilum í þessu skyni og á hátíðisdögum tala ráðamenn um mikilvægi þess að þessi aðgangur sé sem greiðastur.

Þrátt fyrir þetta reka fjölmiðlamenn sig oft á magnaða tregðu þessara aðila við að veita aðgang að upplýsingum sem telja má sjálfsagðan, sé höfð hliðsjón af lagareglum.

Fjölmörg dæmi má nefna um að mál, sem fjallað var um í fjölmiðlum á grundvelli upplýsinga sem aflað var í krafti upplýsingalaga, hafi ratað í bættan farveg.

Í vikunni fjallaði Fréttablaðið til dæmis um kaup Ríkisútvarpsins á efni af sjálfstæðum framleiðendum, en stofnunin hefur skuldbundið sig til að halda þeim kaupum í tilteknu hlutfalli af heildartekjum. Blaðið hafði upplýsingar um að farið hefði verið á svig við þetta viðmið, en stofnunin synjaði um aðgang að gögnum. Það var fyrst eftir að úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafði fjallað um upplýsingabeiðnina að stofnunin lét gögnin af hendi og kom þá í ljós að upplýsingar blaðsins reyndust réttar.

Annað dæmi og nýlegt af síðum Fréttablaðsins er að atbeina dómstóla þurfti til svo samningur um námsstyrk starfsmanns Seðlabankans fengist afhentur.

Allt bendir þetta til að stjórnsýslan treysti ekki fjölmiðlum til að meðhöndla upplýsingar og jafnvel telur að þær komi fjölmiðlum og almenningi ekki við, þó að sýslað sé með almannafé.

Á ritstjórnum ritstýrðra fjölmiðla fer fram mat á hverjum einasta degi á hvort og hvaða upplýsingar eigi að birta. Hvort tiltekið mál sé frétt eða ekki. Hvort nafngreina eigi aðila máls, eða birta af þeim mynd.

Og á hverjum tíma búa starfsmenn á þessum ritstjórnum yfir upplýsingum sem sumar hverjar eru viðkvæmar og sæta þessu sama mati. Blaðamaður sem setur nafn sitt við frétt er persónulega ábyrgur fyrir efninu og framsetningu þess og getur sætt refsiábyrgð hafi illa tekist til við mat á hvort segja eigi frétt eða ekki. Auðvitað er fjöldi viðkvæmra persónuupplýsinga meðal gagna hjá opinberum aðilum – en það eru úrræði til að bregðast við því, svo sem að afmá þann hluta.

Eins og greint er frá í blaðinu í dag liggur nú fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á upplýsingalögum. Í því er það nýmæli að leita þurfi álits þeirra sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, áður en aðgangur að upplýsingum er veittur.

Þannig væri skylt að leita sjónarmiða fyrirtækja sem nýtt hafa hlutabótaleið um að það sé upplýst. Þá er einnig gert ráð fyrir að fyrirtækið geti leitað til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og eftir atvikum borið þann úrskurð undir dómstóla.

Þessar hugmyndir eru ekki fallnar til þess að styrkja aðhaldshlutverk fjölmiðla. Þvert á móti.

Á ritstjórnum ritstýrðra fjölmiðla fer fram mat á hverjum einasta degi um hvort og hvaða upplýsingar eigi að birta.

Háteigskirkja

Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundi Háteigssóknar,
sem vera átti 17. maí, hefur verið frestað,
af óviðráðanlegum orsökum.

**Fundurinn verður haldinn þ. 4. júní n.k.
í Safnaðarheimili kirkjunnar kl.17.**

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Söknarnefnd.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Krumlan í klinkkrúsinni

Nú í vikunni var tekið að slaka lítillega á kóróna-veiru-sóttkvínni hér í Bretlandi sem staðið hefur í tæpa tvo mánuði. Samkvæmt skoðanakönnun töldu Bretar sig hafa farið vel að fyrirmælum stjórnvalda. Aðeins þrjú prósent svarenda sögðust til að mynda hafa brotið bann við að yfirgefa heimili sitt að óþörfu síðustu vikuna, en Bretar máttu aðeins fara að heiman til að kaupa í matinn eða stunda líkamsrækt úti við.

Þegar þátttakendum í skoðanakönnuninni var boðið að svara spurningunum í skjóli nafnleyndar kom hins vegar annað hljóð í strokkinn. 29 prósent viðurkenndu að hafa brotið fyrrnefnd tilmæli. Upphaflega sögðust átta prósent hafa hitt vini og ættingja í sóttkvínni, þrátt fyrir blátt bann við slíku, en hlutfallið hækkaði í 31 prósent undir nafnleynd.

„Fólk segist oft hegða sér í takt við þau viðhorf og gildi sem eru samfélaginu þóknanleg," kváðu aðstandendur könnunarinnar. „En orð og gjörðir fara ekki alltaf saman." Þeir sögðu þekkt að einstaklingar ýki eigin reglufylgni til að verða sér ekki félagslega til skammar.

Rannsóknir sýna að fólk lagar hegðun sína að viðhorfum samfélagsins, þegar aðrir sjá til. Ein slík rannsókn, sem fram fór á almenningssalerni, sýndi að 77 prósent kvenna þvoðu sér um hendurnar eftir að hafa farið á klósettið. Það gerðu þær þó aðeins ef einhver annar var inni á snyrtingunni. Ef konurnar töldu sig einar þvoðu aðeins 39 prósent sér um hendurnar.

Við virðumst líkamlega víruð til að forðast félagslega skömm. Nýlegar rannsóknir á sviði taugavísinda sýna að félagsleg útskúfun virkjar sömu heilastöðvar og líkamlegur sársauki. Svo sterk er löngun okkar til að komast hjá fordæmingu samborgara okkar að hún getur hlaupið með okkur í gönur. Fræg er sálfræðirannsókn sem gerð var við Columbia háskóla á sjöunda áratug síðustu aldar. Nemanda var gert að sitja inni í herbergi og fylla út eyðublað. Reyk var dælt inn í herbergið. Ef nemandinn var einn í herberginu þaut hann beint út. Ef nemandinn var í herberginu ásamt tveimur vitorðsmönnum sálfræðinganna, sem höfðu fengið það hlutverk að sitja sem fastast þrátt fyrir reykjarmökkinn, fór „tilraunadýrið" að fordæmi hinna í herberginu og fór ekki fet.

Millistjórnandi á Range Rover

Reiði greip um sig í íslensku samfélagi þegar fréttir bárust af því að stöndug fyrirtæki hefðu nýtt sér hlutabótaleiðina, úrræði ríkisstjórnarinnar til að aðstoða fyrirtæki í rekstrarvanda vegna COVID-19 faraldursins.

Ef upp kæmist að millistjórnandi af Nesinu hefði sótt sér jólasteikina hjá Fjölskylduhjálp á Range Rovernum sínum, yrði hann snarlega fordæmdur af samborgurum sínum. En getum við gert sömu siðferðiskröfur til fyrirtækja og við gerum til samfélagsþegna?

Hafi bankahrunið 2008 kennt okkur eitthvað, væri það helst að markaðurinn býr ekki yfir skynsemi, manngæsku, langtímasýn eða teljandi siðferðisþreki. Markaðurinn virðist þó eiga einn eiginleika sameiginlegan með mannfólki: Hann hræðist samfélagslega útskúfun. Þegar upp komst um móralska misnotkun á hlutabótaleiðinni og til tals kom að birta opinberlega lista yfir þá sem nýttu sér hana hafði fjöldi fyrirtækja samband við Vinnumálastofnun og óskaði eftir því að fá að endurgreiða þá fjármuni sem þau fengu úr neyðarpottinum.

Hlutabótaleiðina má lagfæra með lagasetningu og aukinni eftirlitsheimild. Vegir hinnar ósýnilegu handar eru þó óútreiknanlegir og aldrei er hægt að sjá fyrir allar glufur sem krumlan kann að smeygja sér inn um.

Gegnsæi er eitt vanmetnasta stjórnunartæki samtímans. Það er einfaldara en lagabálkur, ódýrara en eftirlitsstofnun og áhrifamátturinn er studdur vísindarökum. Hvað myndu margir Panamaprinsar hugsa sig tvisvar um áður en þeir héldu kokhraustir í skattasniðgöngu, ef vegferð um slíka ranghala yrði aðeins farin fyrir opnum tjöldum?

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Bókaðu þinn tíma

Bókaðu tíma á einfaldan hátt á vef Íslandsbanka og við höfum samband og aðstoðum þig símleiðis.

Ef erindið krefst afgreiðslu í útibúi bókum við fund í kjölfar símtalsins og tökum vel á móti þér á tíma sem þér hentar.

islandsbanki.is/radgjof

Stjórnendur þurfa að vera sýnilegri

Sömu grunnlögmál gilda um Real Madrid, FH eða Leikni og íþróttasambönd líkt og ÍSÍ og NBA þó að umsvifin séu meiri og fjármálahliðin allt önnur. Þetta segir Hallsteinn Arnarson sem lýkur námi í „sports management“ við Real Madrid Graduate School.



Real Madrid er eitt stærsta félag heims. Félagið er í samstarfi við Evrópuháskólann þar sem Hallsteinn er í meistaranámi. MYND/GETTY

Hallsteinn Arnarson lýkur meistaranámi (Executive MBA) í „sports management“ við Real Madrid Graduate School í júlí. Námið er samstarfsverkefni Real Madrid og Evrópuháskólans í Madrid. Félagið er fyrirmynd margra annarra þekktra íþróttafélaga, til dæmis varðandi stjórnun og rekstur, bestu vinnubrögð og góða stjórnarhætti.

„Í náminu hef ég lært um flest sem snýr beint að íþróttum og íþróttatengdri starfsemi, eins og stjórnun og fjármálum/rekstri íþróttafélaga, íþróttasambanda og íþróttamannvirkja, stefnumótun og stjórnarháttum félaga og sambanda, skipulagningu íþróttaviðburða, markaðssetningu, lög og siðferði, frumkvöðlafræði, tækninýjungar og samskiptamál.

Við lærum allt það sama og kennt er í hefðbundnu MBA-námi, en að auki lærum við um sérstöðu íþrótta. Það eru mörg atriði sem aðgreina íþróttir og íþróttastarfsemi frá öðrum vörum og þjónustu og frá annarri starfsemi, til dæmis stjórnun og rekstri venjulegra fyrirtækja. Kennararnir leggja til að mynda mikla áherslu á mikilvægi faglegrar þekkingar við stjórnun íþróttafélaga og -sambanda og að forystufólk sem starfar við íþróttir skilji vel eðli þeirra.“

Hallsteinn segir að rekstur íþrótta- og ungmennafélaga, sérstaklega deilda stærri boltagreina innan félaga, hafi alltaf verið og muni líklega alltaf verða erfiður – nema starfsumhverfið breytist verulega. Félögin og deildirnar séu mjög háð stuðningi velviljaðra fyrirtækja og ríkis og sveitarfélaga og reksturinn sé því afar viðkvæmur. Íþrótta- og ungmennafélögin megi illa við stórum skelli á borð við COVID-19. Ljóst sé að mörg félög og deildir hafi spennt bogann of hátt síðustu ár og staða þeirra verið strembin fyrir útbreiðslu faraldursins.

Sömu grunnlögmál

Sömu grunnlögmál gilda, samkvæmt Hallsteini, hvort sem um er að ræða Real Madrid, Dallas Cowboys, FH, Leikni, KR eða önnur íþróttafélög eða íþróttasambönd líkt og ÍSÍ og NBA, nú eða íþróttagreinar á borð við golf, hafnabolta og handbolta – jafnvel þó að umsvifin séu mun meiri erlendis og fjármálahliðin allt önnur.

„Það er unnið blómlegt starf í félögunum og fólkið sem stýrir þeim og deildunum innan þeirra á Íslandi stendur sig að mörgu leyti ágætlega við krefjandi aðstæður og í sjálfboðaliðastarfi. En ég tel engu að síður að stjórnir og aðrir stjórnendur margra félaga og deilda, ættu að nýta tækifærið núna til að endurskoða sín mál rækilega, sérstaklega rekstrarlíkönin að baki afreksstarfinu. Í krísuástandi er oft ágætt að staldra aðeins við og fara yfir stöðuna.

Félögin byggja á góðum grunni og ég skora á stjórnendur að skoða vel hvort þeir og félögin séu að starfa í samræmi við gildi, hlutverk, markmið og stefnu félaganna. Vita stjórnendur hvað félögin vilja standa fyrir og hvernig þau vilja vera í framtíðinni? Er verið að vinna eftir skýrri og markvissri stefnu við að ná fyrir fram skilgreindum markmiðum hennar?

Mörg félög eiga sér glæsta sögu sem ber að vernda og varðveita á sama tíma og þau verða að aðlagast breytingum í umhverfinu.“

Hallsteinn leggur til að félögin vandi sig þegar þau velja fólk í sínar stjórnir og mikilvægast er að valdir séu einstaklingar sem hafi eitthvað fram að færa og séu tilbúnir að vinna fórnfúst og frekar vanþakklátt starf í þágu félagsins.

„Það er lítið gagn í máttlausum og meðvirkum stjórnarmönnum. Formenn félaga og deilda verða að hafa getu til að sameina félagsmenn, útdeila verkefnum og virkja sjálfboðaliða, sérstaklega á tímum sem þessum. Sterkir leiðtogar eiga ekki að þurfa að hafa já-fólk í kringum sig.“

Aðgengilegri stjórnendur

Hann segir að sín skoðun sé sú að stjórnendur félaganna ættu að vera miklu aðgengilegri og sýnilegri og vera meira með puttann á púlsinum varðandi upplifun og væntingar iðkenda, foreldra og forráðamanna og stuðningsmanna um félagið og starfið.

„Stjórnendur gætu til að mynda fundað oftar með aðstandendum iðkenda um starfið og kannað ánægju þeirra og hvað megi bæta. Einnig gætu þeir haldið fleiri fræðslu- og kynningarfundi fyrir aðstandendur þar sem til dæmis þjálfarar fara vel yfir þætti þjálfunarinnar og hvetja aðstandendur til að styðja á réttan og uppbyggilegan hátt við bakið á börnum sínum – og sýna jákvæða hegðun á hliðarlínunni.“ Þá bendir hann á að orðið íþróttafélag sé samsett úr tveimur orðum. Seinna orðið vísar til félagsskapar. „Þó svo fjármál og mannvirki séu vissulega mikilvæg hverju íþróttafélagi, mega menn og konur ekki gleyma því að félögin eru ekk-



Hallsteinn þekkir vel til í Hafnarfirði. Hann segir að félögin eigi að vinna meira saman utan vallar.



Félögin ættu að leggja meiri rækt við félagslega þáttinn og virkja betur félagsandann innan félaganna segir Hallsteinn.

> **Það er lítið gagn í máttlausum og meðvirkum stjórnarmönnum. Formenn félaga og deilda verða að hafa getu til að sameina félagsmenn, útdeila verkefnum og virkja sjálfboðaliða.**
>
> Hallsteinn Arnarson



ert nema fólkið sem myndar þau. Félögin ættu að leggja meiri rækt við félagslega þáttinn, virkja betur félagsandann innan félaganna svo að félagsmenn samsami sig meira félögunum og gildum þeirra, og vilji tilheyra þeim alla ævi. Að eldri félagar, sem hafa kannski unnið gríðarmikið starf fyrir félögin í gegnum árin, séu heiðraðir og finnist þeir ávallt velkomnir í kaffi.“

Félög eiga að tengjast hverfu

Hann segir að félögin eigi að vera sameiningartákn bæjarfélaga, eða hverfa innan þeirra. Fjölmörg félög beri heiti síns bæjarfélags í nafni sínu, eins og Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) og Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR). „Félögin ættu að tengja sig miklu betur við sitt nærumhverfi, bæjarfélögin og hverfin. Þau ættu að skipuleggja og setja upp annars konar viðburði heldur en íþróttaviðburði fyrir fólkið í bæjarfélögunum og hverfunum, aðstoða við mikilvæg mál í sínum sveitarfélögum og hverfum og leggja meira af mörkum til samfélagsins. Einnig ættu félögin að kynna sér betur starf erlendra íþróttafélaga og tækninýjungar í tengslum við íþróttir og íþróttastarf.“

Stóru aðstoði þau smærri

Hann vill einnig sjá félögin deila reynslu og þekkingu sín á milli. Stærri félög ættu að aðstoða þau sem smærri eru.

„Að lokum hvet ég félög og deildir þeirra til að starfa miklu meira beint með öðrum félögum og deildum. Mér finnst til dæmis að FH og Haukar í Hafnarfirði ættu að vinna meira saman. Bæði félög eiga sér langa sögu og tengingar eru milli þeirra.

Félög eiga að keppa sín á milli með heiðarlegum hætti inni á vellinum, en utan vallar ættu þau að deila reynslu og þekkingu sín á milli, og styðja hvert við annað í meira mæli en áður. Íþrótta- og ungmennafélögin ættu að tileinka sér, og starfa meira eftir ábyrgum og vönduðum stjórnarháttum, á borð við gagnsæi, upplýsingagjöf og samfélagslega ábyrgð, til að byggja upp betri ímynd og meira traust og trúverðugleika.

Hluti af slíkri samvinnu og vinnubrögðum gæti verið að gera fjármál félaganna enn skýrari og sýnilegri, aðgreina rekstur mannvirkja og svo framvegis. Mögulega ættu félögin að taka upp erlenda mælikvarða eða setja sér eigin viðmið í tengslum við lykiltölur úr rekstrinum, sem þau öll myndu reyna að virða eftir fremsta megni. Það veitti þeim ákveðið aðhald og með því sýndu þau ábyrga fjármálastjórn, gott fordæmi og væru öðrum til eftirbreytni. Að mínu mati myndi það líka auka tiltrú styrktaraðila og sveitarfélaga og eyða vangaveltum um fjárhagsstöðu félaganna, auk þess að efla bæði félögin og íþróttalíf almennt í landinu.“

benediktboas@frettabladid.is

Kynntu þér gott úrval bíla fyrir ferðalagið á notadir.is

SUMARTILBOÐ Á NOTUÐUM BÍLUM

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

500.000 kr. afsláttur



Verð nú
5.490.000 kr.
Verð áður 5.990.000 kr.

MERCEDES-BENZ V-Class
Árgerð 2016, ekinn 78 þús. km, dísil, 2143 cc, 164 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994674 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða

400.000 kr. afsláttur



Verð nú
3.450.000 kr.
Verð áður 3.850.000 kr.

KIA SPORTAGE EX
Árgerð 2018, ekinn 88 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994715 Staðsetning: Kletthálsi

300.000 kr. afsláttur



KIA
CEED EX
Árgerð 2019, ekinn 13 þús. km, bensín, 1353 cc, 140 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994559 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Verð áður 3.690.000 kr.
3.390.000 kr.

300.000 kr. afsláttur



KIA
CARENS LUXURY
Árgerð 2018, ekinn 15 þús. km, dísil, 1685 cc, 142 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 391230 Staðsetning: Kletthálsi
Verð áður 4.190.000 kr.
3.890.000 kr.

490.000 kr. afsláttur



SKODA
OCTAVIA COMBI
Árgerð 2015, ekinn 91 þús. km, dísil, 1598 cc, 105 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994256
Verð áður 2.480.000 kr.
1.990.000 kr.

300.000 kr. afsláttur



HYUNDAI
I10 COMFORT
Árgerð 2018, ekinn 35 þús. km, bensín, 998 cc, 66 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994302 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Verð áður 1.690.000 kr.
1.390.000 kr.

300.000 kr. afsláttur



KIA
CEED SPORTSWAGON
Árgerð 2017, ekinn 66 þús. km, bensín, 998 cc, 100 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994811 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Verð áður 1.990.000 kr.
1.690.000 kr.

690.000 kr. afsláttur



BMW
X1 XDRIVE18D
Árgerð 2017, ekinn 71 þús. km, dísil, 1995 cc, 150 hö sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 390942 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Verð áður 4.680.000 kr.
3.990.000 kr.

490.000 kr. afsláttur



MERCEDES-BENZ
GLA 200 CDI 4MATIC
Árgerð 2015, ekinn 64 þús. km, dísil, 2143 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 292507 Staðsetning: Kletthálsi
Verð áður 4.280.000 kr.
3.790.000 kr.

700.000 kr. afsláttur



MERCEDES-BENZ
B-Class 200 d 4MATIC
Árgerð 2017, ekinn 49 þús. km, dísil, 2143 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994208 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Verð áður 3.990.000 kr.
3.290.000 kr.

300.000 kr. afsláttur



HYUNDAI
TUCSON CLASSIC
Árgerð 2018, ekinn 93 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994403 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Verð áður 3.450.000 kr.
3.150.000 kr.

560.000 kr. afsláttur



KIA
SORENTO EX
Árgerð 2017, ekinn 58 þús. km, dísil, 2199 cc, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994267 Staðsetning: Kletthálsi
Verð áður 5.550.000 kr.
4.990.000 kr.

590.000 kr. afsláttur



HYUNDAI
SANTA FE STYLE
Árgerð 2017, ekinn 97 þús. km, dísil, 2199 cc, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 292290 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Verð áður 4.980.000 kr.
4.390.000 kr.

400.000 kr. afsláttur



AUDI
A3 SPORTBACK E-TRON
Árgerð 2016, ekinn 44 þús. km, bensín/rafmagn, 1395 cc, 150 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 994544 Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Verð áður 3.250.000 kr.
2.850.000 kr.

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

**Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með völdum notuðum Mercedes-Benz.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxli

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
16. MAÍ 2020 LAUGARDAGUR



Flosi Jón fer stoltur fyrir íslenska aðdáendaklúbbnum sem þarf ekki einu sinni að styðjast við margrómaða höfðatöluna til þess að teljast stór á evrópskan mælikvarða. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Ekkert stöðvar Júrósins þunga nið

COVID-19 náði ekki að kveða Eurovision alveg í kútinn því RÚV hefur kynt vel undir bráðabirgða Júró-gleðinni sem nær seinna hámarki vikunnar í kvöld, þótt engin keppni verði í Rotterdam.

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hefur síðan 1956 verið árviss og næstum jafn áreiðanlegur vorboði og lóan. Kannski bara aðeins falskari á stundum.

En nú er bleikum söngfuglum víða um lönd brugðið þar sem Eurovison 2020 varð COVID-19 að bráð. Eða því sem næst. Glimmerglansandi Júróvísjón-fólkið er nefnilega hjúpað regnbogalitri áru óbilandi bjartsýni og ódrepandi lífsgleði sem stappar stundum nærri fullkominni veruleikafirringu.

Þannig að víða er bullandi Júróvisjón-stemmari í gangi og enn sem fyrr klýfur þetta sígilda og safaríka þrætuepli drjúgan hluta þjóðarinnar í misstórar fylkingar þeirra sem hata keppnina, elska að hata hana, hata að elska hana og auðvitað þá sem elska að elska hana.

Fagra gleði…

Lífsafstaða skattborgarans ræður eiginlega öllu um hversu mikið hann fær fyrir nefskattinn til Ríkisútvarpsins þessa vikuna þar sem sögulegt messufallið hefur bergmálað sem aldrei fyrr í hásal Efstaleitis, þar sem áhorfendur eru ýmist hrifnir eldi eða engjast sem í vítisloga.

„Rúmlega fimm tíma Eurovision-dagskrá á fimmtudagskvöldi, þótt það sé engin Eurovision. Þessari þjóð er officially ekki viðbjargandi," skrifaði Ásgeir H. Ingólfsson, menningarrýnir, á Facebook á meðan Íslandsdeild Evrópusöngsambandsins lét öllum illum látum í Sjónvarpinu þar sem Daði Freyr hefði í fullkomnum heimi verið að syngja Think About Things í Rotterdam.

Flosi Jón Ófeigsson formaður FÁSES, Félags áhugafólks um söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, lítur Júrósilfrið eðlilega allt öðrum augum og er hæstánægður með tökin sem RÚV tók vandann.

„Spennan var á fimmtudagskvöld sem var okkar kvöld vegna þess að það snerist um hvaða landi við gáfum 12 stig. Þannig að þarna var tilfinningin sterkust fyrir Eurovision-aðdáandann og við erum voða ánægð að RÚV skuli gefa okkur þetta," segir Flosi og bætir við að nær því að upplifa Gísla Martein Baldursson lýsa úrslitunum í raun og veru, verði ekki komist að þessu sinni.

Tár falla

En þetta er samt ógeðslega fúlt, er það ekki? Þetta er málamiðlun sem þið gerið ykkur greinilega alveg ánægð með en er þetta samt ekki bara ógeðslega súrt?

„Jú, jú og svona án gríns þá veit ég um aðdáendur sem eru bara búnir að fella tár í vikunni, því þeir missa af að hitta vini sína," segir Flosi og á þá við fólk úr harðasta kjarnanum sem væri undir eðlilegum kringumstæðum í hringiðu atburðanna í Rotterdam.

„Þessi spenna og stemning sem er á keppninni sjálfri, er í raun og veru ekkert sem hægt er að lýsa í einhverjum svona sjónvarpsþáttum, og maður upplifir það sko ekkert í einhverri beinni útsendingu hjá RÚV."

> ÉG VEIT ALVEG UM AÐDÁENDUR SEM ERU ALVEG DOLFALLNIR EN HAFA KANNSKI LÁTIÐ TILFINNINGARNAR AÐEINS TAKA YFIR OG FELLT NOKKUR TÁR.

Je ne sais quoi

„Ég er búinn að fara á hverju ári síðan 2010 þegar ég fór að styðja Heru Björk með Je ne sais quoi í Osló. Þannig að ef allt væri eðlilegt þá væri ég í Hollandi í búbblunni svokölluðu og væri lítið sofinn. Það er aldrei mikið sofið þessa vikuna þegar maður er úti," segir Flosi og hlær dátt. „Þessi búbbla er í raun og veru bara orðið fjölskyldan manns sko, númer tvö, sem maður hittir þarna einu sinni á ári," segir hann og gengst við trega fjarverunnar.

„Maður reynir bara ekki að hugsa mikið um það, en ég veit alveg um aðdáendur sem eru alveg dolfallnir, en hafa kannski látið tilfinningarnar aðeins taka yfir og fellt nokkur tár.

Partísamband Evrópu

„Ég var nú bara rólegur með eiginmanninum að horfa og njóta með popp og kók, segir Flosi um fimmtudagskvöldið, en býst við að „taka kannski vel á því" í kvöld þegar hann fer í klassískt Júrópartí ásamt fleiri félögum í FÁSES.

„Þar erum við að fara að hittast á Zoom," heldur Flosi áfram, en vegna fjöldatakmarkana samkomubanns neyðist Júróvisjón-fólkið til að sameinast í gleðinni á samskiptaforritinu.

„Allir sem eru með einhvers konar partí, sama hvort það er eins manns partí eða aðeins fleiri, geta hist með okkur á Zoom og dansað með Eurobandinu sem verður með ball í Hörpu."

Flosi segir FÁSES vitaskuld fyrst og fremst aðdáendaklúbb fyrir Íslendinga sem elska Eurovision, en héðan liggi þó víða þræðir rósfingraðrar sönggyðjunnar. „En Ísland er bara svo vinsælt land hjá aðdáendum út um allan heim, þannig að smá prósenta af meðlimum okkar er erlendis. Maður hittir þetta lið yfirleitt á keppninni sjálfri og við ætlum að reyna að tengja okkur saman á Zoom fyrst þetta er nú svona."

FÁSES var stofnað 2011 og hefur að sögn Flosa vaxið og dafnað nokkuð vel. „Við höfum verið meðal stærstu klúbbanna í Evrópu og meira að segja án þess að miða við höfðatölu. Við erum bara frekar stór klúbbur," segir formaðurinn hlæjandi.

Eigi skal gráta Daða Frey

„Þetta er hluti af lífi manns og maður byrjar í desember að horfa á forkeppnirnar, svo eykst spennan og svo kemur Söngvakeppnin og þá verður allt vitlaust og hámarkinu er náð hérna heima þegar við finnum okkar atriði.

Þótt Flosa takist að halda aftur af tárunum og einhverjir félaga hans reyni að brosa í gegnum sín, harma þau sigurinn sem Daði okkar Freyr hefði getað unnið á því merkisári 2020.

„Þetta er náttúrlega enn þá grátlegra þegar atriðið er eitthvað sem maður bara dáist að og er stoltur af, eins og í ár. Og já það er svolítið þannig að þetta er enn grátlegra þegar það var jafnvel möguleiki á sigri," segir Flosi og finnur glufu til þess að negla þessa tilfinningu, stöngin inn.

„Ég held að fleiri geti kannski tengst okkur og skilið okkur núna vegna þess að Evrópukeppninni í knattspyrnu verður líka frestað og knattspyrnuáhugamenn hljóta að finna þetta líka. Það verður ekkert í sumar," segir Flosi og hlær.



Sammála?

Við á Hvíta húsinu erum **sammála** um tvennt:

Að til að skila frábærum verkum í skapandi grein eins og auglýsingagerð þarf að vera svigrúm til að vera **ósammála.** Að takast á, að ögra og láta ögra sér.

Og að til að skapa þannig svigrúm þarf öllum að geta liðið vel. Það þarf góðan starfsanda, fyrsta flokks vinnuaðstöðu, trausta stjórnun, sveigjanleika og svigrúm fyrir frumkvæði, góða ímynd og jafnréttishugsun þarf að ríkja yfir öllu í starfseminni.

Og svo erum við líka öll **sammála** um að Hvíta húsið er þannig vinnustaður.

Ókei, þrennt.

Hvíta húsið er fyrirtæki ársins 2020
og auglýsingastofa ársins 2019.

VR
FYRIRTÆKI ÁRSINS 2020

auglýsingastofa ársins 19 20



Víkingur Heiðar og Halla Oddný spjalla mikið um tónlist heima fyrir og ákváðu að koma því spjalli í stutta sjónvarpsþætti sem teknir eru upp í Eldborgarsal Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Græddu tíma saman

Hjónin **Víkingur Heiðar Ólafsson** og **Halla Oddný Magnúsdóttir** nýttu sér það svo sannarlega að Víkingur kemst ekki til tónleikahalds í útlöndum og nutu samverunnar með ungum syninum auk þess að flytja og framleiða sjónvarpsþættina Músíkmola.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Flest ár er píanóleikarinn Víkingur Heiðar á faraldsfæti ríflega helming daganna, en nú á tímum heimsfaraldurs hefur lokun tónleikahúsa og verulega skertar samgöngur gert það að verkum að hann er heima. Sem varð meðal annars til þess að hægt var að láta áralangan draum hans og eiginkonunnar Höllu Oddnýjar um sjónvarpsþætti verða að veruleika.

Við mælum okkur mót í húsakynnum RÚV þar sem þau hjón sitja þessa dagana ásamt Agli Eðvarðssyni, framleiðanda þáttanna sem fengið hafa nafnið Músíkmolar, við síðustu fínpússningu, en fyrsti þátturinn fer í loftið nú á sunnudaginn.

„Þetta eru stuttir þættir, 10 mínútur hver, sem eru teknir upp á sviði Eldborgar en þó eins og við værum bara heima í stofu að spjalla. Egill gerir þetta allt svo ótrúlega vel, það er vandað til hvers skots og búið að hugsa fyrir öllu, það er svo gott að finna að maður er í þannig umhverfi. Þannig getum við líka verið afslöppuð og spjallað, því við vitum að við erum í góðum höndum," útskýrir Halla sem er mætt aðeins á undan eiginmanni sínum sem enn situr í framleiðsluherberginu.

Þættirnir sýna þau hjónin á sviði Eldborgar fyrir tómum sal að gera það sem þau gera svo mikið af, ræða um tónlist. „Við tölum um þessi tónverk sem Víkingur hefur verið að spila og taka upp og það sem hann var með í fingrunum frá nýjustu plötunni, verk Rameau, Debussy og Bach, og svo laumuðust einhverjir gamlir kunningjar með."

Halla Oddný er sjálf lærð í píanóleik og hefur áður spilað með eiginmanni sínum í sjónvarpi en hlær þegar hún er spurð hvort hún láti ljós sitt skína á því sviði í nýju þáttunum: „Ég lét það alveg vera, við erum með ágætan mann í því," segir hún í léttum tón.

Eins og fyrr segir eru þættirnir teknir upp fyrir tómum sal Eldborgar og viðurkennir Halla að tilfinningin sé sérstök. „Það fyndna við Eldborg er að þetta er svo þversagnakennt rými og getur alveg virkað sem notaleg stofa ef rétt er haldið á spöðunum.

Við ræðum mikið tónlist okkar á milli, en ég hef sagt í gríni að þetta sé öðrum þræði heimild um þær skelfilegu aðstæður sem við bjóðum syni okkar að alast upp við, með þessum nördalegu foreldrum. En það er svona sem við tölum um músík, það er mjög óformlegt og létt og við erum ekki að kenna neinum tónmennt eða neitt slíkt.

Við segjum líka sögur, eins og til dæmis hvernig spurningum Víkingur stendur frammi fyrir þegar hann er að spila tónlist frá átjándu öld og það er hnakkrifist í sérfræðingasamfélaginu um hverja einustu skrautnótu. Mönnum finnst hann jafnvel vera að fremja einhvers konar helgispjöll með því að spila tónlistina á nútíma Steinway-flygil, því hún er skrifuð fyrir sembal. Það eru heitar tilfinningar, sem er það dásamlega við þetta – fólki er ekki sama."

> ÞAÐ ER EITTHVERT FRELSI Í ÞESSARI MENNINGU, EINS OG HÚN ER FÁRÁNLEGA GÖLLUÐ LÍKA. ÞAÐ ER ÓMÓTSTÆÐILEGT.
>
> Víkingur

Víkingur og Halla gerðu fyrir nokkrum árum tvær þáttaraðir fyrir RÚV sem hétu Útúrdúr og höfðu þau margoft rætt að gera meira í svipuðum anda. „RÚV hafði sýnt því áhuga að fara í slíka framleiðslu með okkur, en Víkingur hefur verið nánast stöðugt erlendis í tónleikaferðum og því ekki gefist tími til neins slíks."

Blómstrandi baðstofumenning

Að öllu jöfnu hefði það sama verið uppi á teningnum núna, en þar sem Víkingur er landfastur hér kom upp sú hugmynd hjá þeim hjónum að ráðast í verkefnið.

„Mér finnst þessi baðstofumenning sem hefur fengið að blómstra á heimilum fólks í þessu samkomubanni svo falleg, og þetta er liður í því að ýta undir hana. Ég hef heyrt af fjölda fullorðins fólks sem hefur farið að æfa sig aftur á píanó. Maður hefur orðið vitni að mörgu skemmtilegu sem fólk hefur farið að sinna fyrir sjálft sig, enda höfum við öll mikla þörf fyrir eitthvað fallegt og uppbyggilegt í þessu ástandi.

Þó svo að slakað hafi verið á samkomubanninu eru enn ýmis höft í gildi og svo eru það allir þessir viðkvæmu hópar sem enn eru í óvissu. Nú vitum við ekkert hvernig þetta verður, fólk er enn áhyggjufullt þó að brúnin sé farin að lyftast eftir þennan slag. Við höfum trú á að falleg músík sé góð fyrir sálina í fólki og finnst þetta því kjörið tækifæri."

Halla bendir á að mikið hafi verið um beint streymi á tónlist. „Það er frábært og mikil gróska og kraftur, en að sama skapi nær það bara ákveðið langt að horfa á beint streymi sem einhver tekur upp á símann sinn með misjöfnum hljóðgæðum. Okkur fannst alla vega rosalega gaman að geta gert hlutina með góðri hljóðupptöku, frábærri upptökustjórn og þessum rosalega flottu fagmönnum á öllum póstum.

Þótt það sé mikils virði að geta brugðist hratt við og geta gert hlutina hráa, þá eru ákveðin gæði í þessu sem alla vega ég var farin að sakna. Þetta á auðvitað ekki að koma í stað þess að fara á tónleika en það er kannski líka ágætt að fólk finni fyrir að það sakni þess að vera á staðnum."

Gegndarlaust þakklæti

Það er augljóslega mikið um tónlist á heimilinu en ætli það sé aðeins klassík?

„Við hlustum mikið á klassík, það væri óheiðarlegt að neita því. En við hlustum líka á djass og ýmislegt popp og rokk, en ég ætla ekkert að láta eins og við séum eitthvað meira kúl en við erum," segir Halla og brosir.

Halla segir samkomubannið hafa lagst nokkuð vel í fjölskylduna sem nú hefur verið sameinuð á Íslandi vikum saman. „Við erum þakklát fyrir að hafa ekki þurft að fara í sóttkví og að enginn í okkar innsta hring hefur veikst. Maður verður að muna það. Við eigum líka vini víða um heim og þegar maður horfir upp á fólkið sem má ekki fara út af heimilum sínum er þakklætið, fyrir að vera ekki fastur inni í illa loftkældri lítilli íbúð í stórborg, gegndarlaust."

Hálft árið á faraldsfæti

Víkingur er sestur hjá okkur og eru þau hjón sammála um að nóg hafi verið að gera undanfarnar vikur. „Við höfum bæði haft nóg að gera þó að ég hafi ekki verið að umpotta eða baka súrdeigsbrauð eins og margir. Þetta verkefni hefur tekið sinn tíma og svo hefur Víkingur verið að streyma ýmsu og ég þá verið kameru- og tæknimaður. Svo hefur sonurinn verið alfarið heima, enda ekki kominn inn á leikskóla og því í nægu að snúast," segir Halla.

„Hliðarverkunin af þessu ástandi er svo að Víkingur hefur fengið að vera heima hjá fjölskyldunni og maður er þakklátur fyrir það," segir Halla.

„Ég var að telja þetta, ég held ég hafi verið einhverja 160-70 daga erlendis árið 2019 svo þetta var nánast annar hver dagur. Samt var ég óvenju mikið heima því við eignuðumst barn," segir Víkingur og það er augljóst að hann hefur notið þessa óvænta fris vel.

„Fólk var mjög bratt þó að það hafi átt að vera augljóst í hvað stefndi, þar til allt í einu allt lokaðist. Ég var að spila í Amsterdam dagana 6. og 7. mars fyrir fullum sal Concertgebouw, sem ég held að taki rúmlega 2.000 manns í sæti og vikuna á undan var ég að spila í París.

Það mátti heyra á fólki að það hélt

Framhald á síðu 24 ▶



Sumarið byrjar í 66°Norður

20% afsláttur af öllum hlaupa- og gönguskóm 14. - 18. maí



La Sportiva TX5 GTX
Gönguskór

Skórnir eru úr leðri með vatnsheldri Gore-Tex filmu sem andar. Henta fyrir gróft undirlag og eru með góðu gripi.

~~35.000 kr.~~ 28.000 kr



La Sportiva Stream GTX
Gönguskór

Léttir alhliða gönguskór með vatnsheldri Gore-Tex filmu.

~~31.900 kr.~~ 25.520 kr



La Sportiva Helios III
Hlaupaskór

Alhliða hlaupaskór fyrir náttúruhlaup sem henta einnig á malbiki þar sem þeir eru mjúkir og með góða dempun.

~~25.000 kr.~~ 20.000 kr.



La Sportiva Trango TRK Leather GTX
Gönguskór

Gönguskór sem anda vel, eru með vatnsheldri Gore-Tex filmu og veita góðan stuðning. Henta vel í grófu undirlagi í íslenskum aðstæðum.

~~46.000 kr.~~ 36.800 kr



Snæfell
NeoShell® útivistarjakki

Vatnsfráhrindandi og vindheldur jakki með einstaka öndun. Hentar frábærlega í alhliða útivist. Dömu- og herrasnið.

62.000 kr.



Grettir
Polartec® Power Dry® hálfrennd peysa

Grunnlag sem heldur vel hita en andar um leið vel. Dömu- og herrasnið.

14.000 kr.



Staðarfell jakki
Polartec® NeoShell® sport jakki

Vatnsfráhrindandi og vindheldur jakki með einstaka öndun. Hentar vel fyrir hlaup, hjól, golf og almenna útivist. Dömu- og herrasnið.

39.000 kr.



Steinn
Buxur

Buxur úr teygjanlegu og vatnsfráhrindandi efni sem henta vel í fjallgöngu, í golfið eða dagsdaglega í borginni. Dömu- og herrasnið.

19.000 kr.

La Sportiva skórnir fást í vefverslun og í verslun okkar Faxafeni 12.


Verslaðu á **66north.is**
Fylgdu okkur á Instagram **@66north**

Framhald af síðu 22 ◄

í mesta lagi að það yrði tekin pása fram í lok apríl.

Umræðan var allt önnur og það var ekkert augljóst að tónleikar væru að fara að hætta í Concertgebouw, en svo fimm dögum eftir að ég spilaði þar var bara búið að loka.

Ég átti að vera með heimsfrumflutning í Helsinki og heilmikið af stórum viðburðum sem ég hlakkaði mikið til og var búinn að undirbúa lengi. Þegar þetta hverfur skyndilega allt er það sjokk, praktískt sjokk, skyndilega er ég bara atvinnulaus, með engar tekjur en fullt af skuldbindingum eins og allir. En maður fær ákveðið perspektív við að sitja heima við hestaheilsu að hugsa: Hvað á maður að gera?“



Víkingur og Halla eignuðust son fyrir rúmu ári, en Víkingur segist fyrst núna hafa það vald yfir lífi sínu að geta verið pabbi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Spilar vikulega í tómri Eldborg

Eins og fyrr segir höfðu þættirnir verið í umræðunni hjá þeim hjónum í mörg ár, en Víkingur aldrei verið nógu lengi á landinu til að hægt væri að láta hugmyndina verða að veruleika. „Nú kom það óvænt upp að ég er á landinu í langan tíma, en þá er auðvitað ekkert sjálfsagt að það sé hægt að láta þetta gerast svona hratt. Það er svolítið íslenskt og hluti af sjarma Íslands að svona lagað sé mögulegt.

Að við skulum hafa fengið inni í Hörpu, sem að mínu mati er tónlistaraltari Norður-Evrópu, er stórkostlegt, hvað þá að við séum þar þremur vikum eftir að við látum okkur dreyma um það. Þetta eru stórar stofnanir sem við erum að vinna með, RÚV og Harpa, sem maður hefði búist við að væru þunglamalegar, en þær tóku okkur inn með hraði sem er svo fallegt og ég verð að gefa yfirmönnum þessara stofnana hrós fyrir það.“

Víkingur viðurkennir að það sé skrítin tilfinning að spila fyrir tómum Eldborgarsal. Hann ætti þó að vera farinn að venjast því, enda hefur hann undanfarið verið staðarlistamaður í þættinum Front Row í breska ríkisútvarpinu, BBC, sem teknir eru upp í Hörpu vikulega.

„Það er að mörgu leyti sérstakt verkefni, því það er stærsta públíkum sem ég hef spilað fyrir en einhverjar milljónir manna hlusta á þáttinn, en á sama tíma er ég í galtómum sal. Þetta er skrítin þversögn. Ég fíla það reyndar mjög vel og ætti náttúrlega bara að vera á baðsloppnum því stemningin er svo heimilisleg,“ segir Víkingur í léttum tón.

„Ómurinn í salnum er auðvitað allt annar þegar hann er tómur. Þetta er svolítil Palli var einn í heiminum fílingur,“ segir Víkingur og er handviss um að þættirnir muni eiga sérstakan stað í hjarta þeirra beggja seinna meir, enda heimild um undarlega tíma.

Hann er spurður hvort það hafi alltaf verið hugmyndin að taka þættina, sem hafa verið svo lengi á teikniborðinu, upp í Eldborgarsal. „Nei, glætan, það er ekki séns. Þessi salur er aldrei laus nema kannski klukkan sex á aðfangadagskvöld og mögulega á gamlárskvöld. Það að maður fái svona sal helst í hendur við þessa undarlegu tíma.“

Vilja ala soninn upp á Íslandi

Þau hjón bjuggu um árabil í Berlín og eru þar enn með annan fótinn, en nú er stefnan að pakka saman og koma alfarið heim, enda bæði sammála um að viðhorfið hafi breyst við komu sonarins fyrir rúmu ári. „Við þorum reyndar ekki að segja upp leigunni, því það er algjörlega óljóst hvenær við komumst út til að pakka niður búslóðinni. Þar er aðalflygillinn okkar og mikið af tónlistarnótum og fleiru,“ segir Víkingur.

„Það er dásamlegt að geta haft ömmur og afa og aðra ættingja í nálægð, en þegar ég var í Berlín var ég oft ein á meðan Víkingur var á tónleikaferðalögum,“ segir Halla.

„Ég held að það sé mjög algengt að þegar fólk eignast barn sjái það hvað Ísland er æðislegt og vilji bara vera hér í þessu umhverfi, með tengslin við allt þetta góða fólk sem maður á að.

Það er líka eitthvað við það að setja barnið á íslenskan leikskóla og inn í þetta pínulítið villta, en skemmtilega samfélag. Ef maður ber það saman við til dæmis Berlín, sem er líka frábær barnaborg, þá eru svo margir kostir sem Ísland hefur fram yfir. En við erum auðvitað Íslendingar, svo maður er ekki hlutlaus, en það eru vissulega styttri boðleiðir. Það er einhver villimennska og frelsi sem maður vill ekki alveg hefla af. Það er eitthvert frelsi í þessari menningu, eins og hún er fáránlega gölluð líka. Það er ómótstæðilegt,“ segir Víkingur og heldur áfram:

„Þýska skólakerfið, án þess að ég vilji gagnrýna mikið, er þannig uppsett að foreldrar verða að ákveða mjög snemma, með barninu eða fyrir það, hvað það vill leggja fyrir sig. Það eru strax í kringum ellefu ára aldur barnsins teknar stórar ákvarðanir. Þetta finnst mér hrikalegt. Ég á vini sem eiga börn á þessum aldri sem eru að fara í svona samræmd próf sem ákvarða framtíð þess. Mamma barnsins er bara hætt að vinna svo þau geti kennt honum að flytja fyrirlestra og svo framvegis.“

„Gömlu hverfin í Berlín hafa yngst upp mjög hratt, svo það er komin rosaleg samkeppni,“ segir Halla.

> ÞAÐ TEKUR SVO LANGAN TÍMA, SVO MÖRG ÁR, AÐ BYGGJA UPP FERILINN. ÉG ÞURFTI LENGI VEL AÐ SEGJA JÁ VIÐ ÖLLU.
>
> Víkingur

Erum bara svo eftir á

Víkingur og Halla hafa verið par frá því um tvítugt eða í um fjórtán ár og eignuðust sitt fyrsta barn fyrir rétt rúmu ári.

„Það hefur bara verið svo mikið að gera,“ segir Halla en Víkingur bætir við: „Við erum bara svo eftir á.“

Þau hlæja bæði en eru sammála um að þau hafi viljað vera búin að koma undir sig fótunum áður en þau bættu við barni.

„Sjálfur er ég glaður að við eignuðumst ekki barn fyrr – líf okkar hefur að mörgu leyti verið svolítið kreisí. Ég hef fyrst núna smá vald yfir lífi mínu, til að geta verið pabbi.

Það tekur svo langan tíma, svo mörg ár, að byggja upp ferilinn. Ég þurfti lengi vel að segja já við öllu. Eitt er að fá að spila með þessum geggjuðu hljómsveitum og svo framvegis, en hitt er að fá að gera það þegar maður vill og þá tónlist sem maður vill.

Það kemur miklu seinna, það er fyrst núna sem ég hef náð því. Þá getur maður farið að skipuleggja líf sitt betur, að fá að vera pabbi og vera ekki alltaf með hjartslátt yfir næstu viku. Nú getur maður farið að minnka stressfaktorinn aðeins,“ segir Víkingur, ákveðinn í að einfalda líf sitt í framtíðinni. „Ætlunin er að spila þéttari túra, fleiri tónleika á skemmri tíma. Nú er ég að skipuleggja tónleika árin 2022 og 2023 og jafnvel 2024, enda bókað langt fram í tímann í þessum bransa.“

Eins og fyrr segir hefur verið í nægu að snúast hjá þeim hjónum undanfarnar vikur, ekki síst þar sem þau voru að kaupa sér hús og flytja.

„Það er ágætt fyrir svona ofvirkan mann eins og mig að hafa nóg við að vera þessa dagana og það hefur þurft að gera eitt og annað.“

> VIÐ HÖFUM TRÚ Á AÐ FALLEG MÚSÍK SÉ GÓÐ FYRIR SÁLINA Í FÓLKI OG FINNST ÞETTA ÞVÍ KJÖRIÐ TÆKIFÆRI.
>
> Halla

Aðspurður hvort hann sé handlaginn svarar Víkingur ákveðið neitandi, en Halla bætir við: „Það væri mjög vond forgangsröðun að setja þig í að smíða. Það er aðeins meira í húfi en fyrir marga aðra sem gætu klemmt sig.“

„Ég er ekki verkheppinn. Við notum ekki orðið verklaginn heldur verkheppinn,“ segir hann í léttum tón.

Halla: „Það er frekar ég sem tek naglana. En ég er meiri varfærnismanneskja. Ég vil hugsa málið og stundum svæfi ég bara hlutina í nefnd á meðan Víkingur vill meira hjóla í þá.“

Víkingur: „Ætli ég sé ekki óþolandi manneskjan í sambandinu á meðan hún er sú þolandi.“

Halla: „Við erum óþolandi hvort á sinn hátt. Það er fallegt jafnvægi í þessu.“

Víkingur: „Ég er mjög hvatvís og ef ég fæ hugmynd vil ég kýla á hana strax.“

Halla: „Ég finn oft góðum hugmyndum ýmislegt til foráttu og er efasemdamanneskja í mér.“

Víkingur: „Þú stoppar líka margt sem þarf að stoppa.“

Þetta er tími tilrauna

Verkefni undanfarinna vikna hafa einnig verið í tónlistinni, þrátt fyrir að tónleikahald hafi legið niðri og það er augljóst að allir leggjast á eitt til að finna nýjar leiðir til að koma listinni til fólksins.

„Ég tók þátt í Piano day hjá Deutsche Grammophon, þá spilaði ég og Halla tók það upp á símann heima í stofu. Þetta var 15 mínútna upptaka og ég var ekki einu sinni með míkrófón. Svo voru 850 þúsund manns sem horfðu á þetta, án þess að maður hefði lagt mikið í pródúksjónina,“ segir Víkingur hissa.

„Fram undan er svo verkefni sem ég held að aldrei hafi verið gert áður. Ég er að fara að taka þátt í pínókonsert með Fílharmóníuhljómsveit Bergen í Noregi, en ég spila einleikspartinn í Hörpu. Þetta verður sem sagt pínókonsert á milli landa. Ég veit ekki til þess að það hafi verið gert áður. Það þarf svona aðstæður til þess að fólk þori að gera svona hluti. Þetta er tími tilraunanna.

Þetta er rosalega skrítið. Að einhverju leyti svolítið einmanalegt, en að mörgu leyti líka svo frelsandi. Að vera alltaf heima og þurfa ekki að fara klukkan fimm upp í Leifsstöð. Maður aðlagast hratt og ég fæ alveg viðbrögðin sem ég þarf í gegnum þessi verkefni sem ég hef verið í. Það er magnað hvernig bransinn hefur aðlagað sig.“

„Þú hefur nú samt saknað þess að fara á svið,“ segir Halla.

„Já, maður þrífst náttúrlega á þessu,“ svarar Víkingur.

„Það er gott að vera jákvæður en það er líka gott að finna að maður saknar þess sammannlega,“ segir hún. „Ég held að þessi reynsla verði að mörgu leyti góð fyrir fjölskyldulífið. Við þurfum ekki að fljúga svona mikið eða vera sífellt föst í umferð á morgnana, við erum búin að læra að það er hægt að vinna mikið meira heima og það er gott fyrir börnin að foreldrarnir séu meira heima,“ segir hann að lokum.

Ný grísk jógúrt frá Arla

FRÁBÆR MEÐ MÚSLÍ, Í SÓSUR, BAKSTUR OG MARGT, MARGT FLEIRA



Fullkomið jafnvægi
Ekki of sæt, ekki of súr

Nýja gríska jógúrtin frá Arla kemur skemmtilega á óvart. Prátt fyrir minna sykurmagn fékk hún hæstu einkunn í bragðprófunum sem framkvæmdar voru í hótel- og veitingaskólum í Danmörku. Fimm stjörnur af fimm mögulegum. Í umsögnum dómara segir „Fullkomið sýrustig og ferskleiki sem minnir helst á jurtaríkið. Bragðast einstaklega vel“



Ása Berglind og sambýlismaður hennar ákváðu að bíða ekki með brúðkaupið, þegar faðir Ásu greindist með alvarlegt krabbamein rétt fyrir síðustu jól. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Auðvitað græja ég þetta bara

Ása Berglind Hjálmarsdóttir sneri vörn í sókn þegar hún missti vinnuna í mars og hefur sett í loftið vefsíðuna tofrandibrudkaup.is þar sem hún býður upp á þjónustu fyrir þá sem eru í brúðkaupshugleiðingum.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Þau Ása Berglind og sambýlismaður hennar Tómas Jónsson tónlistarmaður höfðu ákveðið að gifta sig nú í sumar og halda enn í vonina, þrátt fyrir að fjölmörg pör hafi frestað stóra deginum. Þau ætla aðeins að sjá hvernig mál þróast og hafa sínar ástæður fyrir því.

„Rétt fyrir jól greindist pabbi minn með alvarlegt krabbamein, aðeins 57 ára gamall. Það ýtti við okkur, því lífið er jú bara akkúrat núna. Þar að auki get ég ekki hugsað mér að gifta mig án þess að hafa pabba minn með og eins og þetta leit út til að byrja með, þá vorum við ekki sérlega bjartsýn. En það er gaman að segja frá því að við fengum stórkostlegar fréttir í lok apríl, þegar niðurstöður úr rannsóknum sýndu að hann er að svara lyfjameðferð mjög vel, svo nú horfum við bjartari augum fram á veginn," segir Ása einlæg.

En það er skammt stórra högga á milli og í lok mars missti Ása vinnuna.

„Það má segja að ég og maður minn höfum strax fundið fyrir efnahagslegum áhrifum COVID. Hann er sjálfstætt starfandi tónlistarmaður og missti öll sín verkefni strax í lok febrúar og sér ekki fyrir endann á því. Ég var að vinna á fallegum veitingastað í Þorlákshöfn við markaðsmál og tónleikahald, en var sagt upp í lok mars. Það er alveg sérstök tilfinning að missa vinnuna og vondur staður að vera á, sérstaklega þegar ástandið er eins og það er."

10 ráð frá Ásu fyrir verðandi brúðhjón

- Það er æskilegt (ekki lífsnauðsynlegt þó) að gefa sér að minnsta kosti 6-12 mánuði í undirbúningstíma.
- Búið til kostnaðaráætlun og fylgist með því sem þið eruð að eyða. Þetta safnast fljótt saman.
- Brúðarkjóla og sérhannaðan fatnað þarf oft að panta með að minnsta kosti 6 mánaða fyrirvara, stundum fyrr, til að vera 100% örugg um að fá það sem ykkur langar mest í.
- Nýtið ykkur íslenska þjónustuaðila. Oft er ekkert mikið ódýrara að panta á erlendum síðum þegar öll gjöld eru komin ofan á.
- Kaupið notað eins og hægt er.
- Matur er manns gaman. Matur getur verið alls konar og engin ein leið er rétt, bara hafa nóg af honum og passa að það séu góðir valmöguleikar fyrir vegan fólk.
- Fáið aðstoð! Og ekki gleyma að undirbúa niðurtekt í veislusal ef hún er á ykkar vegum.
- Munið að njóta ferðalagsins. Undirbúningurinn er líka skemmtilegt ferli og stór hluti af þessum tímamótum, verið saman í því ferli og hafið gaman að því.
- Bókið tíma fyrir ykkur saman í spa eða eitthvert dekur í vikunni fyrir brúðkaupið. Andið, njótið og leyfið ykkur að hlakka til.
- Sama hvernig allt fer þá verður þetta töfrandi og ógleymanlegur brúðkaupsdagur, treystið því og þá þarf enginn að fara yfir um.

Umboðsmennska og tónleikar

Ása stundar mastersnám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst, en áður hafði hún lokið tónlistarnámi frá Listaháskólanum og hefur mestmegnis starfað á því sviði. „Ég hef frá árinu 2012 verið umboðsmaður og tónleikahaldari og unnið með frábæru fólki við að setja upp metnaðarfulla viðburði, sem er með því skemmtilegra sem ég geri."

En að brúðkaupsskipulaginu, hugmyndina að þjónustunni segir Ása hafa komið upp þegar þau hjónaleysin ákváðu að gifta sig.

„Ég fór þá á internetið í leit að upplýsingum. Ég var að vonast til að finna síðu sem myndi leiðbeina og veita mér innblástur, því brúðkaup er alveg sérstakur viðburður.

Okkur langar að fagna þessum degi með stórum hópi vina og ættingja og það er í virkilega mörg horn að líta í undirbúningnum. Ég fann margar erlendar síður með skemmtilegum sögum, praktískum upplýsingum, gullfallegum myndum sem veittu mér mikinn innblástur og hugsaði oft: Af hverju í ósköpunum er enginn búinn að gera þetta á Íslandi?

Svo bara kviknaði á perunni – auðvitað græja ég þetta bara og býð þá að auki upp á eigin þjónustu. Þegar ég svo missti vinnuna myndaðist tími og rými til að hrinda þessu í framkvæmd."

Vefurinn tofrandibrudkaup.is er nú kominn í loftið en þar er að finna praktískar og skemmtilegar upplýsingar sem tengjast brúðkaupum og undirbúningnum öllum, bæði í bloggi og hlaðvarpi. „Í hlaðvarpið fæ ég til mín fagaðila sem munu fræða, gefa góð ráð og segja sögur úr brúðkaupsbransanum, og á blogginu verða ýmsar praktískar upplýsingar og sögur frá íslenskum brúðhjónum, svo eitthvað sé nefnt."

> RÉTT FYRIR JÓL GREINDIST PABBI MINN MEÐ ALVARLEGT KRABBAMEIN, EN HANN ER AÐEINS 57 ÁRA GAMALL OG ÞVÍ VAR ÞAÐ MIKIÐ ÁFALL.

Ása ætlar jafnframt að gefa þjónustuaðilum; ljósmyndurum, veisluþjónustum, verslunum, tónlistarfólki og fleirum, kost á að koma sér á framfæri. „Síðast en ekki síst er ég með ólíkar þjónustuleiðir fyrir tilvonandi brúðhjón, allt frá litlum skipulagspakka fyrir þau sem vilja gera allt sjálf og upp í það að sjá alfarið um skipulag og framkvæmd brúðkaupsins. Þar að auki býð ég upp á að útbúa heimasíður sem margir nota orðið í staðinn fyrir, eða með fram, boðskortum."

Mikilvægt að halda geðheilsunni

Ása viðurkennir að það sé sérstök tilfinning að opna viðburðaþjónustu í miðju samkomubanni. „Fyrir mig persónulega gefur það mér tilgang, jafnvel þó ég viti að það muni örugglega líða svolítill tími þar til ég fer að fá tekjur úr þessu verkefni. Auðvitað er þetta gríðarlega erfiður tími fyrir fyrirtæki sem veita þjónustu á viðburðum, en á sama tíma má vonandi reikna með því að það verði tvöfalt meira að gera næsta sumar. Eins er rétt að hafa í huga að þau sem ætla að gifta sig næsta sumar eru farin, eða fara mjög fljótlega, af stað í að undirbúa sig og bóka hitt og þetta. Svo það er von."

Aðspurð um algengustu mistökin sem brúðhjón geri segir Ása það vera að ætla sér að gera allt sjálf. „Það er virkilega mikilvægt að halda geðheilsunni og vera ekki farin yfir um af stressi þegar dagurinn kemur loks, svo það er nauðsynlegt að fá aðstoð. Að virkja fjölskyldu og vini og ráða inn fagaðila í ólík verkefni og gæta þess að úthluta verkefnum á skipulagðan hátt."

FÓLK
LAUGARDAGUR 16. MAÍ 2020
Helgin



Grafíski hönnuðurinn og gönguleiðsögumaðurinn Sigrún Sæmundsen situr ekki auðum höndum í samkomubanninu og tók forstofuna í gegn.

→8





Það er allt komið á fullt í Keiluhöllinni í Egilshöll. Jói og Andrea Pétursdóttir, framkvæmdastjóri hallarinnar, hlakka til að taka á móti gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allt að hressast hjá Gleðipinnum


Flestir veitingastaðir Gleðipinna hafa nú tekið gleði sína á ný og eru opnir fyrir viðskiptavini. Keiluhöllinni og Shake&Pizza hefur verið skipt upp í fjögur svæði og geta því tekið á móti 200 gestum á hverjum tíma. →2





Keiluhöllinni hefur verið skipt niður í svæði svo öryggið er tryggt fyrir spilara.

Ráðstafanir í Keiluhöllinni og Shake&Pizza vegna Covid-19



Við leggjum okkur fram um að tryggja öryggi viðskiptavina okkar og starfsfólks. Við förum eftir leiðbeiningum Almannavarna og Landlæknis og höfum gert miklar ráðstafanir hjá okkur.

Hólfaskipting í Keiluhöllinni og Shake&Pizza
Keiluhöllinni er skipt niður í fjögur svæði. Á hverju svæði er leyfilegur fjöldi 50 manns. Við minnum fólk á að virða 2 m regluna.

Borðaskipan
Setið er á öðru hverju borði á veitingastað og spilað á annarri hverri braut til að viðhalda 2 m reglunni eins og kostur er.

Hreinlæti
Handspritt er aðgengilegt við alla afgreiðslukassa og á öllum keilubrautum. Við sótthreinsum alla sameiginlega snertifleti með reglubundum hætti.

2 m fjarlægðarmörkin
Fjarlægðarmerkingar eru á gólfum til að tryggja 2 m fjarlægðarmörkin.

Talið inn
Talið er inn í hvert rými þegar það á við til að tryggja að fjöldatakmarkanir séu virtar.

Merkingar
Merkingar um handþvott og áminningar um 2 m fjarlægðarmörkin eru áberandi og aðgengilegar.

Heimsending/heimtaka
Hægt er að panta mat á Shake&Pizza á **shakeandpizza.is** og fá matinn sendan heim eða sækja hann til okkar.

Framhald af forsíðu

Það er fullt í öllum hólfum hjá okkur núna og við finnum hvað fólk er orðið þyrst eftir afþreyingu. Við getum varla beðið eftir mánudeginum 25. maí en þá verður starfsemin eðlileg aftur. Þá munum við notast við 2 svæði og allt verður eins og það á að vera," segir Jóhannes Ásbjörnsson (Jói), talsmaður Gleðipinna, og fagnar því að sjá fólk aftur í keilu.

„Við lokuðum um það bil helmingi staðanna okkar á meðan 20 manna samkomubannið var ríkjandi. Þann 4. maí fór þetta að hressast og við gáum hólfað svæðin niður með merkingum, svipað og stórar verslanir hafa gert," útskýrir Jói. „Við fundum strax fyrir því að fólk var farið að sakna þess að geta ekki komið í keilu og fengið sér pizzu. Þann 4. maí urðu svo ákveðin kaflaskil í hugarfari landsmanna sem voru farnir að sakna mannlegra samskipta. Þegar við máttum hafa 50 manns í hverju rými breyttust allar aðstæður. Núna er orðið virkilega gaman í Keiluhöllinni aftur," segir hann.

Jóhannes bendir á að það hafi verið frábærar fréttir á miðvikudag þegar tilkynnt var um enn frekari afléttingu 25. maí. „Allt verður eins og áður, nema fólk þarf að gæta sín áfram eins og það hefur gert. Það er bjart yfir komandi vikum. Viðburðirnir fara aftur á fullt fimmtudaginn 28. maí en þá verður Dr. Football Hjöbb Quiz á dagskrá. Frá þeim degi verður mjög þétt viðburðadagskrá út árið. Við erum að vinna með frábærum skemmtikröftum og listamönnum, sem hafa líkt og aðrir ekki haft neitt að gera síðustu vikurnar. Við ætlum þess vegna að gefa allt í botn og fjölga viðburðum hjá okkur. Sumarið verður algjörlega geggjað í Keiluhöllinni."



Gleðipinnar voru nýbúnir að hefja spennandi samstarf við listakokkinn og fjölmiðlakonuna Evu Laufeyju, áður en samgöngubannið hófst. „Eva Laufey er magnaður kokkur og mikill pizzuaðdáandi. Hugmyndin var að setja saman eina pizzu en hún leyfði okkur að smakka svo margar ómótstæðilegar að niðurstaðan var að búa til sérstakan Popp-Öpp matseðil með fjórum pizzum. Þarna er indversk pizza, Eva Masala, mexíkósk pizza, Eva Sombrero, sveppapizza sem ber nafnið Sveppi Krull og ævintýralega góð ostapizza sem við ákváðum að kalla Ost við fyrstu sýn. Þessi Popp-Öpp matseðill er tímabundinn og því hvetjum við fólk til að koma og smakka sem fyrst. Það er auðvitað hægt að koma að borða á staðnum, en einnig er hægt að panta á shakeandpizza.is og taka með sér heim. Svo er hægt að fá sent heim með Hreyfli, en við höfum verið í frábæru samstarfi með þeim undanfarnar vikur. Það gildir um alla staði okkar Gleðipinna," bætir Jóhannes við.



Á Hamborgarafabrikkunni er líka glænýr borgari sem landsmenn ættu að leggja leið sína til að smakka. Það er sjálfur Laddinn, hamborgari allra landsmanna. „Þetta er afar einfaldur hamborgari en ofsalega bragðgóður. Uppskriftin er eftir Ladda sjálfan en Eyþór Rúnarsson, hinn landsþekkti sjónvarpskokkur, sá um að útfæra hann."



Að sögn Jóa setti Laddi tvö skilyrði fyrir samstarfinu. Í fyrsta lagi að það væru súrar gúrkur á hamborgaranum og í öðru lagi að hann yrði borinn fram með kartöflusalati í stað franskra.

Jóhannes segir að undanfarin misseri hafi verið unnið markvisst í gæðamálum staðanna með það að markmiði að gera gott enn betra. Nú er kominn nýr og virkilega spennandi matseðill á Saffran. „Landsliðskokkarnir Viktor Örn og Hinrik Lárusson eru búnir að gera ótrúlega magnaða hluti á Saffran. Virkilega spennandi nýir réttir komnir á matseðil. Mitt persónulega uppáhald er Kimchi kjúklingasalatið. Það er hreint út sagt ávanabindandi. Ég mæli með að skreppa í heimsókn á Saffran og prófa þessa nýju frábæru rétti," bætir Jói við.

Saffran er nú opið á tveimur stöðum, í Glæsibæ og á Dalvegi.

„Við erum fegin því að lífið er smátt og smátt farið að nálgast það að verða eðlilegt aftur. Við verðum að sjálfsögðu að fara varlega og við munum svo sannarlega gera það á okkar stöðum. Við förum eftir leiðbeiningum almannavarna og landlæknis," segir Jói. „Mér finnst mjög gaman að sjá lífið kvikna á ný í Reykjavík og við hlökkum til að taka á móti viðskiptavinum okkar aftur. Við ætlum að eiga frábært sumar, fólk ætlar að njóta lífsins og hluti af því er að fara út að borða og í keilu," segir Jói.

Veitingastaðir Gleðipinna sem eru opnir

- **Hamborgarafabrikkan:** Höfðatorgi og Kringlunni
- **Keiluhöllin og Shake&Pizza:** Egilshöll
- **American Style:** Skipholti, Bíldshöfða, Hafnarfirði og Kópavogi
- **Aktu Taktu:** Skúlagötu, Mjódd, Garðabæ og Fellsmúla
- **Blackbox:** Borgartúni og Mosfellsbæ
- **Eldsmiðjan:** Suðurlandsbraut
- **Pítan:** Skipholti
- **Saffran:** Glæsibæ og Dalvegi
- **Kaffivagninn:** Granda



Keilubrautirnar bíða eftir stórum sem smáum snillingum í leikinn.

Á vefsíðu Gleðipinna má nálgast ýmsar upplýsingar gledipinnar.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Ég er þakklát fyrir betri líðan

Sólveig Dalrós hefur fundið mikinn mun á tíðni mígrenikasta eftir að hún fór að nota Bio-Kult Migréa, en frá því að hún man eftir sér hefur hún verið gjörn á að fá höfuðverki og mígreniköst.

Þarmaflóran gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í heilsufari okkar, hvort sem um er að ræða líkamlega eða andlega heilsu. Gagnlegir stofnar góðgerla geta dregið úr líkum á ýmsum kvillum.

Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að þarmaflóran gegni lykilhlutverki í samspili þarma og heila (gut-brain-axis) og getur ójafnvægi í þarmaflórunni m.a. tengst ýmsum taugasjúkdómum. Tenging milli tauga- og meltingarfærasjúkdóma getur hugsanlega verið afleiðing aukins gegndreypis í þörmunum þar sem óæskileg efni frá þeim ná að komast út í blóðrásina og valda ýmiss konar kvillum. Gagnlegir stofnar af örverum í þörmunum gegna lykilhlutverki í að styðja við heilbrigði meltingarfæranna.

Ójafnvægi á þarmaflóru

Þegar ójafnvægi kemst á þarmaflóruna (örveruflóruna) í meltingarveginum koma fram óþægindi sem geta verið af ýmsum toga. Þetta er til dæmis:

- Uppþemba
- Brjóstsviði
- Harðlífi/húðvandamál
- Þreyta og eymsli
- Iðraólga (IBS)
- Höfuðverkur
- Einbeitingarskortur

Mataræði, lyf og streita

Það er ýmislegt sem getur valdið ójafnvægi á þarmaflórunni þannig að við finnum fyrir óþægindum. Slæmt mataræði hefur mikil áhrif og eins og alltaf þá eru unnin matvæli og sykur þar fremst í flokki. Lyf eins og sýklalyf, sýrubindandi lyf og gigtarlyf eru slæm fyrir þarmaflóruna og svo getur streita einnig haft alvarlegar afleiðingar.


Varð skýrari í kollinum

Sólveig Dalrós hefur góða reynslu af Bio-Kult Migréa en hún hafði þetta að segja;

„Frá því að ég man eftir mér hef ég verið gjörn á að fá mikinn höfuðverk og mígreniköst. Eftir að ég fór að taka inn Bio-Kult Migréa fann ég fljótt mikinn mun á mér. Höfuðverkirnir og mígreniköstin urðu færri og vægari ásamt því að ég fann hversu skýr ég varð í kollinum. Áður fyrr fannst mér ég oft fá hálfgerða heilaþoku sem kom út frá mígreniköstunum sem nú er nær horfin. Ég er ótrúlega ánægð og þakklát fyrir betri líðan og get mælt með Bio-Kult Migréa af heilum hug.“



Sólveig Dalrós hefur góða reynslu af af Bio-Kult Migréa.



Bio-Kult Migréa er ný vara í Bio-Kult línunni. Það er þróað til að ná til meltingarfæra- og heilastarfsemi.

„Frá því að ég man eftir mér hef ég verið gjörn á að fá mikinn höfuðverk og mígreniköst en fann fljótt mikinn mun á mér eftir að ég byrjaði að taka Bio-Kult Migréa. Höfuðverkirnir og mígreniköstin urðu færri og vægari ásamt því að ég fann hversu skýr ég varð í kollinum.

Sólveig Dalrós

Bio-Kult Migréa

Bio-Kult Migréa er blanda af fjórtán góðgerlastofnum sem inniheldur einnig magnesíum og B6-vítamín sem saman stuðla að eðlilegri starfsemi taugakerfisins og dregur úr þreytu og lúa. Magnesíum stuðlar einnig að eðlilegri sálfræðilegri starfsemi en B6 stuðlar á hinn bóginn að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og að því að halda reglu á hormónastarfseminni.

Bio-Kult Migréa er ný vara í Bio-Kult góðgerlalínunni sem margir kannast við. Hver vara er einstök og hönnuð til að vinna á eða draga úr ákveðnum einkennum. Migréa, eins og nafnið bendir til, er þróað með það í huga að ná bæði til meltingarfæra og heilastarfsemi. Eins og fram kemur hér að framan eru tengsl milli þarmaflóru og annarrar líkamsstarfsemi vel þekkt og er talið að léleg þarmaflóra geti m.a. haft áhrif á höfuðverki og tíðni þeirra.

Bio-Kult Migréa inniheldur:

- 14 góðgerlastofna (tveir milljarðar gerla í hverju hylki)
- B6-vítamín
- Magnesíum

Hylki og innihald er vegan og hentar einnig fyrir ófrískar konur.

Heilbrigður lífsstíll

Eins og ávallt þá þarf að huga vel að lífsstílnum og tileinka sér heilbrigt líferni. Sofa nóg, hreyfa sig daglega, drekka vatn og borða hreinan og ósunninn mat. Forðast óreglu, sykur og áfengi í óhófi og muna að þakka fyrir hvern dag og vera glaður. Við getum öll náð ótrúlegum árangri ef viljinn er til staðar.

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaða.



Skylmingar og fróðleikur

Reykjavík HEMA Club var settur á laggirnar síðastliðið haust. Þar kemur áhugafólk um evrópska bardagalist saman og æfir sig í miðaldaskylmingum, ásamt því að rýna í handrit frá miðöldum.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



HEMA stendur fyrir „Historical European Martial Arts“ eða „Western Martial Arts“, sögulega, evrópska bardagalist þar sem skylmingar eru í aðalhlutverki. Þjálfunin byggir að mestu leyti á miðaldaritum eftir þýska skylmingameistarann og sverðasmiðinn Joachim Meyer.

Þýski stíllinn vinsæll

Atli Freyr Guðmundsson er einn af þjálfurunum í Reykjavík HEMA-klúbbnum. „Við æfum miðaldaskylmingar og erum þá aðallega að fara eftir gömlum handritum skylmingameistara frá miðöldum og aðhyllumst einkum þýska stílinn, eins og hann er kallaður. Þá förum við mestmegnis eftir handriti Joachim Meyer frá 1571. En við döðrum við aðra meistara, bara til þess að fylla inn í og til að skoða aðrar hliðar á skylmingum.“

Þó að íslenski hópurinn sé tiltölulega nýr þá er að finna fjölda sams konar hópa úti um allan heim. „Það er frekar stórt og mikið samfélag í kringum þetta. Það eru margar alþjóðlegar keppnir, sú stærsta er væntanlega Swordfish, sem er haldin seint á árinu, í september eða október. Okkur dreymir náttúrulega um að geta sent einhvern á hana en það fá bara þeir sem eru efstir á listum að taka þátt, þeir fá alltaf miðana fyrst. Það þyrfti að senda fleiri á erlend mót, það eru einhverjir okkar sem hafa farið á mót erlendis og verða væntanlega fleiri og fleiri eftir því sem líður á.“

Atli segir mikinn áhuga meðal erlendra félaga á Íslandi. „Við ætluðum að halda fyrsta íslenska mótið í apríl en það gekk ekki út af Covid þannig að við þurftum að fresta því og ætlum að bíða þangað til öllum helstu höftum hefur verið aflétt og halda þá innanlandsmót. En það er rosa mikill áhugi á að koma á mót að utan, við höfum alveg fengið að heyra það. Um leið og við höldum opið mót verður alveg örugglega strax uppselt. Það eru mörg félög úti sem vilja endilega fá að koma.“



Atli Freyr er hér til vinstri ásamt liðsfélaga sínum úr Reykjavík HEMA Club. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Það er mikið um að vera á æfingum félagsins.

Áhersla á skylmingar

Blaðamaður spyr Atla hvort það sé mikill áhugi á sagnfræði innan hópsins. „Já, svona inn á milli þá erum við algjörir nördar í raun-inni,“ segir hann og hlær. „Ef þú vilt lesa upprunalegu handritin, eins og til dæmis bara handritið hans Joachim Meyer þar sem hann skrifar á háþýsku, þá þarf svolítið að kunna að lesa í handritin. Það er líka gott að kunna að lesa í myndirnar og velta fyrir sér af hverju hann kennir þetta svona eða hinsegin. Það þarf svolítið að setja sig í spor tímanna, eða tímans, og huga að því að þeir hafa náttúrulega verið að berjast á móti fólki í brynjum.“

> **Það þarf svolítið að setja sig í spor tímanna, eða tímans, og huga að því að þeir hafa náttúrulega verið að berjast á móti fólki í brynjum.**

Félagið leggur fyrst og fremst áherslu á skylmingar. „Við einbeitum okkur að langsverðum og saber, svona bjúgsverði, og svo einnar handar sverði og skjöldum. Það er það sem við einbeitum okkur helst að, en reynum að taka líka glímu, og hnífa sem tengjast þessu.“

Vel er tekið á móti byrjendum. „Félagið sér byrjendum fyrir plastsverðum, skjöldum og brynjum svo að hægt sé að stunda skylmingarnar. En svo eftir því sem þú ert lengur í félaginu, þá er mjög líklegt að einstaklingar fari að kaupa sér sjálfir sínar eigin brynjur og sverð. Það er ekkert alltof gaman að vera að fara í lánaðar brynjur sem eru kannski orðnar svolítið sveittar og illa lyktandi,“ segir Atli og hlær. „Það eru nokkrir sem eiga sín eigin stálsverð, þau eru að sjálfsögðu ekki beitt. Það væri auðvitað frekar leiðinlegt að meiða liðsfélagana og svo kæmust þeir ekki á æfingu fyrr en eftir nokkra mánuði.“

Öryggið er í fyrirrúmi. „Sverðin eru ekki beitt en annars eru þau alvöru, eða svipar til þeirra sem var verið að nota í þá daga, svona æfingasverð. Þetta heitir fjaðursverð, þar sem því svipar til fjaðrar. Við erum með hjálma, hanska og brynjur og erum alltaf að bæta við í safnið okkar, aðallega brynjum og svona og núna ættum við að eiga nokkuð vel af slíku.“

Félagið stendur fyrir æfingu í dag og gefst áhugasömum þá kostur á að kynna sér fræðin. „Æfingin er klukkan fjögur. Við verðum á Klambratúni og mér skilst að það eigi að vera gott veður, svo það ættu einhverjir að mæta.“

Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.

Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann.



Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. Hylkin eru nú komin í nýjar umbúðir eins og sjá má á myndinni. MYND/GVA

Magnús, sem er 69 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.

Við notum Probi® Mage mjólkursýrugerla fyrir meltinguna, þarmaflóruna og varnir líkamans



Sigríður Rita Ragnarsdóttir

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi® Mage** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.
- ***Sigríður Rita Ragnarsdóttir***

Ég hef notað **Probi® Mage** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr.
- ***Þórunn Kristjónsdóttir***



Þórunn Kristjónsdóttir



Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Einkenni eins og niðurgangur, hægðatregða, vindgangur eða uppþemba er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. **Þorbjörg Hafsteinsdóttir** næringarþerapisti notar **Probi® Mage** mjólkursýrugerla fyrir sig og sína.

Birgir Þórðarson, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi® Mage** gerði honum gott og tekur það inn daglega.



Birgir Þórðarson



Fríða Britt Bergsdóttir

Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi® Mage** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn. - ***Fríða Britt Bergsdóttir***




Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi!

abel heilsuvörur

Probi® Járn - mjólkursýrugerlar, járn, C vítamín og fólasín - fyrir aukna uppöku járns og til að viðhalda góðum járngildum

Algengt er að einungis örlítill hluti af járni úr hefðbundnum háskammta járnbætiefnum nýtist í líkamanum og óupptekið járn getur því valdið óþægindum á borð við magaverk, ógleði og hægðatregðu.




Probi® Járn vinnur gegn járnskorti á alveg nýjan máta, með því að auka **upptöku** járns, ekki eingöngu inntöku. Útkoman er því jafnari upptaka járns, magi og melting í jafnvægi og heilbrigðari þarmaflóra.

Probi® Járn er milt í maga og er góð leið til að viðhalda góðum járngildum. Hentar einnig á meðgöngu.

Probi® Family - mjólkursýrugerlar, fólasín, D-vítamín og B-12 vítamín fyrir ónæmiskerfið

Stór hluti ónæmiskerfis okkar er staðsett í meltingarveginum. Virkni og almennt heilbrigði meltingarvegarins ræðst meðal annars af samsetningu örveruflóru hans, þarmaflórunni.



Sterkt ónæmiskerfi er nauðsynlegt vörnum okkar og til þess að við séum í okkar besta formi dag hvern. **Probi® Family** eru bragðgóðar tuggutöflur fyrir alla fjölskylduna frá 3 ára aldri.

Grillsumarið er byrjað

Það er komin sumarstemning og þá er upplagt að grilla. Það styttist í að hægt verði að borða utanhúss.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Ljúffengir grillréttir á góðum degi og þá er sumarið komið. Það er veður til að grilla þessa helgi.

Hér eru tvær uppskriftir sem eru sumarlegar og henta vel á grillið. Það er einfalt að grilla lax og hann verður mjög góður eldaður þannig. Síðan eru það lambakótelettur en þær geta aldrei klikkað. Bara passa að brenna þær ekki.

Grillaður lax með krydduðu núðlusalati

Mjög góð uppskrift sem vert er að prófa í góða veðrinu. Það er þægilegt að grilla lax og með þessu flotta salati verður til sumarleg og góð máltíð. Uppskriftin miðast við fjóra.

600 g laxaflak án beina og roðs
1 tsk. salt
½ tsk. nýmalaður pipar
1 msk. olía til að pensla með

Chilli-dressing
1 msk. chillimauk (sambal oelek)
2 msk. olía
Safi og börkur af einni límónu
1 dl sæt sojasósa eða hoisin-sósa

Núðlusalat
100 g eggjanúðlur
3 vorlaukar
1 mangó

Sjóðið núðlurnar eftir leiðbeiningum á umbúðum, kælið síðan undir rennandi köldu vatni. Blandið öllu saman sem á að fara í chilli-dressinguna. Skerið vorlauk og mangó. Blandið chilli-dressingu saman við núðlurnar og hrærið vorlauk og mangó saman við. Ágætt er að leyfa þessu að vera í að minnsta kosti hálftíma í ísskáp.



Grillaður lax er veislumatur. Laxinn er góður fiskur til að grilla. MYNDIR/GETTY



Kótelettur klikka ekki þegar þær eru grillaðar. Matur sem flestum líkar vel.

Skerið laxinn í um það bil 150 gramma stykki. Penslið með olíu og bragðbætið með salti og pipar. Grillið laxinn í 2-3 mínútur. Hafið þennan tíma á kröftugum hita en haldið síðan áfram á óbeinum hita undir loki, allt þangað til laxinn er fulleldaður en það fer svolítið eftir þykkt bitanna.

Berið fram með núðlusalatinu.

Lambakótelettur með grísku salati

Lambakótelettur eru alltaf góðar, sérstaklega þegar þær eru grillaðar. Hérna eru þær gerðar svolítið Miðjarðarhafslegar. Það má hugsa um sand og sól á meðan grillað er. Uppskriftin miðast við fjóra.

800 g marineraðar kótelettur

Það má nota tilbúna BBQ-sósu en það er líka hægt að gera sína eigin maríneringu. Hér er uppskrift.

1 dl jómfrúarolía
1/5 sítróna, safinn
1 kvistur ferskt rósmarín
2 hvítlauksrif
Salt og pipar

Penslið kóteletturnar og leyfið þeim að bíða í um það bil hálftíma.

Grillið kóteletturnar á háum hita í tvær mínútur á hvorri hlið. Setjið þá á óbeinan hita og grillið áfram í 3-4 mínútur með loki.

Grískt salat
2 tómatar
½ agúrka
½ rauðlaukur
Jöklasalat
1 krukka fetaostur
3 dl grísk jógúrt
½ tsk. salt
½ tsk. nýmalaður pipar
1 dl svartar, steinlausar ólífur

Skerið tómata í báta, agúrku og lauk í sneiðar. Setjið jöklasalat í skál og tómata, lauk og agúrku yfir ásamt fetaosti og ólífum.

Bragðbætið jógúrtina með salti og pipar og hafið sem sósu.

Gott er að hafa hvítlauksbrauð með réttinum.





Það er hressandi að þvo gluggana, enda gefa hreinir gluggar ferskan blæ.

Inn með litadýrð vorsins!

Það spáir sól um helgina og þá æpa óhreinindi vetrarins á gluggarúður húsanna. Eitt af skemmtilegu vorverkunum er gluggaþvottur og einkar ánægjulegt að sjá afrakstur erfiðisins í skínandi hreinum gluggum sem skerpa sýn á bjart vorið og litríkan gróðurinn sem nú er að vakna.

Auðvelt er að búa til eigin rúðuúða, með því að blanda saman ½ til 1 dl af borðediki í einn lítra af vatni. Sömuleiðis er gott að blanda nokkrum dropum af uppþvottalegi og sirka einum desilítra af borðediki út í eina fötu af volgu vatni, þvo gluggana með svampi og fara yfir með gluggasköfu úr gúmmíi að lokum.

Heimagerðan rúðuúða er hægt að setja í blómaúðabrúsa. Edikið klýfur fitu sem liggur í óhreindum og myndar gljáa á rúðurnar. Munið að þurrka vel yfir með þurrum, mjúkum klút jafnóðum.

Pússið glerið með gömlum dagblöðum, krumpið blöðin í höndina og nuddið vel. Prentsvertan í dagblöðunum eykur gljáa.

Gleymið ekki gluggakistunum. Þær er best að þvo með volgu vatni og uppþvottalegi. Gott er að pússa sólbekki úr steini með dagblöðum og ösku, ef þeir eru svartir.

Best er að þvo glugga þegar sólin skín ekki á þá, því annars þornar glerið of hratt og skilur eftir sig kám og tauma á rúðunni.

Þvoið glugga að utan með ediksblöndu eða vatni og uppþvottalegi. Þurrkið strax með gluggasköfu, alltaf í sömu átt. Spegla er gott að þvo með örtrefjaklút, undnum úr köldu vatni, og þurrka vel á eftir með mjúkum klút.

Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna, leidbeiningastod.is

Safnadagurinn

LAUGARDAGUR 16. MAÍ 2020



Safnstjórar við Safnahúsið. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Hilmar Malmquist, Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Guðbrandur Benediktsson og Ólöf K. Sigurðardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslensku safnaverðlaunin 2020

Íslandsdeild alþjóðaráðs safna (ICOM) og Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) standa að Íslensku safnaverðlaununum sem eru veitt íslensku safni fyrir framúrskarandi starfsemi. ➔2

Í ljósi heimsfaraldursins COVID-19, eru söfn hvött til að færa viðburði yfir í hinn stafræna heim og vekja þannig athygli á starfi safna, samfélaginu til góðs. FÍSOS og ICOM hvetja alla til að virða reglur almannavarna um að það séu ekki fleiri en 50 manns í hverju rými og virða viðmið um tveggja metra fjarlægð milli fólks.

Á hverju ári velur ICOM þema fyrir Alþjóðlega safnadaginn og í ár er yfirskrift dagsins: Söfn eru jöfn: Fjölbreytni og þátttaka allra 2020. Söfn um heim allan munu fagna Alþjóðlega safnadeginum þann 18. maí og dagana í kring með því að nota stafrænar lausnir vegna COVID-19. Þátttaka í Alþjóðlega safnadeginum fer vaxandi meðal safna um heim allan. Árið 2019 tóku yfir 37.000 söfn þátt í atburðinum í 158 löndum.

Ýtum undir fjölbreytni

Höfuðatriði samfélagslegs gildis safna er möguleikinn á því að bjóða fólki af ólíkum uppruna og með ólíkan bakgrunn að upplifa einstaka hluti. Söfn eru í senn virtar stofnanir og breytingaafl og nú er rétti tíminn til að þau sýni fram á mikilvægi sitt með því að taka þátt í pólitískum, samfélagslegum og menningarlegum veruleika nútíma samfélags með uppbyggilegum hætti.

Sú áskorun sem þátttaka fjölbreytts hóps hefur í för með sér, og þeir erfiðleikar sem fylgja því að fjalla um flókin, samfélagsleg málefni í umhverfi þar sem klofningur eykst stöðugt, er ekki bundin við söfn og menningarstofnanir eingöngu, en þessar stofnanir skipta þó miklu máli, þar sem þær eru í hávegum hafðar í samfélaginu.

Sívaxandi væntingar um samfélagslegar breytingar hafa drifið áfram umræðuna um möguleika safna á að vera jákvætt samfélagsafl, með því að halda sýningar, ráðstefnur, gjörninga og standa fyrir fræðsludagskrám og framtaksverkefnum. Hins vegar er mikið óunnið í þá átt að sigrast á meðvituðum og ómeðvituðum breytum sem geta skapað ójöfnuð innan safna, og á milli safna og gesta þeirra.

Slíkur ójöfnuður getur tekið til margra atriða; til dæmis þjóðernis, kyns, kynhneigðar og kynvitundar, félagslegs bakgrunns, menntunarstigs, líkamlegrar getu, stjórnmálaskoðana og trúarbragða.

Undir yfirskriftinni „Söfn eru jöfn: Fjölbreytni og þátttaka allra“, leitast Alþjóðlegi safnadagurinn 2020 við að verða sameinandi afl, sem í senn fagnar þeim ólíku sjónarmiðum sem finna má í samfélögum og starfsliði safna, og leitast við að koma auga á og sigrast á hvers konar slagsíðu í því sem sýnt er, og þeim sögum sem þar eru sagðar.

Sýnileiki á tímum COVID-19

Í tilefni af safnadeginum árið 2020 eru söfn hvött til að vera virk á samfélagsmiðlum þar sem þau deila efni um söfnin og starf þeirra. Þátttakendur eru hvattir til að merkja myndir og færslur með myllumerkjunum #safnadagurinn, #söfnfyrirjafnrétti, #MuseumDay, #IMD2020, #Museums4Equality, á Instagram, Twitter og Facebook. Þá er hægt er að deila stafrænum viðburðum á Facebook-síðum FÍSOS og safnadagsins.

Söfn um allan heim

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí af International Council of Museums (ICOM). Söfn um allan heim skipuleggja dagskrá þann dag, helgina eða jafnvel vikuna alla sem 18. maí ber upp á og hefur það verið gert öll árin síðan 1977.

Hátæknispítali fyrir fornminjar

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður hvetur fjölskyldur til að koma sem oftast saman í Þjóðminjasafnið, til að grúska, leika og njóta. Safnið er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna.

„Ég segi stundum að varðveislu- og rannsóknamiðstöð Þjóðminjasafnsins sé eins og hátæknisjúkrahús fyrir þjóðminjar, þar sem þarf að vera tæknilega rétt aðstaða til að tryggja varðveislu viðkvæmra minja, með góðu aðgengi til rannsókna og þvervísindalegrar samvinnu. Þar þarf að vera gjörgæsludeild fyrir viðkvæmustu minjarnar, röntgen, rannsóknastofa til forvörslu, kælir og frystir, og loftstýrð rými fyrir mismunandi minjar úr ólíkum efnum, því suma gripi þarf að meðhöndla sérstaklega og veita ákveðna meðferð, sérstaklega forngripi sem finnast við uppgröft og koma upp úr jörðinni. Þannig erum við með sjö rými fyrir mismunandi minjar; sumar þurfa að vera í þurru og aðrar röku loftslagi, flestar í hárnákvæmu hitastigi og sérhæfðir starfsmenn meðhöndla gripina á viðeigandi hátt,“ segir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður.

Þjóðminjasafn Íslands er tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna fyrir varðveislu- og rannsóknamiðstöðina, sem og útgáfu vefritsins Handbók um varðveislu safnkosts.

„Þetta er mikilvægur áfangi fyrir Þjóðminjasafnið, sem er höfuðsafn á sviði menningarminja og ætlað að vera leiðandi fyrir safnastarf um allt land á sínu sviði. Margir hafa lagt hönd á plóg og reynsla og þekking starfsmanna Þjóðminjasafns verið grundvöllur árangurs. Það má segja að Þjóðminjasafnið sé fyrsta safnið sem kemur öllum sínum safnkosti í örugga höfn, við kjöraðstæður. Með því setjum við ný viðmið í safnastarfi á Íslandi, ekki bara fyrir okkur sem störfum á Þjóðminjasafninu, heldur málaflokkinn í heild og erum að bæta starfsaðstöðu fyrir starfsfólk, fræðimenn, nemendur, fornleifafræðinga og aðra, sem þurfa að leita í þeim heimildabrunni sem safnkosturinn er,“ útskýrir Margrét.

Í umsókn valnefndar segir að „varðveislu- og rannsóknamiðstöð Þjóðminjasafns Íslands, ásamt Handbók um varðveislu safnkosts, sé mikilvægt framlag til minjaverndar á landsvísu. Samstarf og miðlun þekkingar er þýðingarmikið og sú sérhæfða aðstaða sem sköpuð hefur verið fyrir varðveislu ómetanlegra minja er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.“

Margrét segir áratuga vinnu liggja að baki miðstöðinni, sem var vígð 5. desember í fyrra.

„Heimildabrunnur Þjóðminjasafnsins hefur orðið til á hálfri annarri öld, enda stofnað 1863. Við leggjum ríka áherslu á samvinnu við önnur söfn og búum nú í haginn, með aðstöðu til að varðveita allan safnkost og þjóðminjar í vörslu Þjóðminjasafnsins; jarðfundna gripi og muni sem hafa varðveist frá landnámi til okkar tíma, Ljósmyndasafn Íslands og 65 hús sem eru á ábyrgð Þjóðminjasafnsins um land allt.“



Afrakstur 30 ára rannsóknar frá Hofsstöðum í Mývatnssveit sýnir merkar minjar og endurgerð á landnámskonu.



Í dag opnar glæsileg sýning í tilefni af 90 ára afmæli Vigdísar forseta.

Kórónaveiran nú skrásett

Á Safnadaginn verður Þjóðminjasafnið opið og í dag verður opnuð sýning um Vigdísi Finnbogadóttur í tilefni 90 ára afmælis hennar.

„Við leggjum mikið upp úr sýningum sem vekja fólk til umhugsunar, í stað þess að sýna bara eitthvað „flott". Við vekjum athygli á hversu magnaður brautryðjandi og forseti Vigdís var, og langt á undan sinni samtíð. Hennar leiðarljós voru hlutir sem við leggjum áherslu á í dag, sjálfbær þróun og samhengi manns og náttúru í fortíð og framtíð. Já, og í samræmi við heimsmarkmiðin sem við hugsun um nú ,“ upplýsir Margrét.



Margrét segir söfn vilja fá fjölskyldufólk í heimsókn til að fræða fróðleiksfús börnin um söguna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Önnur ný sýning er afrakstur þrjátíu ára rannsóknar frá Hofsstöðum í Mývatnssveit, sem er í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands.

„Hún sýnir merkar minjar um veisluskála, svo fátt sé talið. Þar hafa fornleifafræðingar varpað ljósi á líf landnámskonunnar Sögu, en með því að greina hauskúpu hennar og bein komu vísindamenn með tilgátu um hvernig hún leit út í lifanda lífi. Síðast, en ekki síst, vil ég nefna magnaða ljósmyndasýningu Gunnars Péturssonar, listræna sýn á umhverfi okkar og hálendi á 20. öld og svo auðvitað Safnahúsið við Hverfisgötu, þar sem er áhrifamikil sýning um okkar sjónrænu menningararf.“

> **„Við eigum að koma í söfn til að njóta og hafa gaman en ekki með því hugarfari að ætla að læra Íslandssögu-una frá a til ö og nýta heimsóknina í botn. Komum frekar aftur og aftur til að fara í ferðalag um söguna.**

Frítt er í Þjóðminjasafnið fyrir börn upp að 18 ára og fullorðnir fá árskort fyrir 2000 krónur. Fjölskyldur geta komið í safnið eins oft og fólk kýs fyrir einn aðgöngumiða fyrir fullorðna á ári.

„Það er frábær upplifun fyrir fjölskyldufólk að koma í söfn, grúska saman og leyfa börnunum að fræðast því þau hafa svo mikinn áhuga. Við eigum að koma í söfn til að njóta og hafa gaman en ekki með því hugarfari að ætla að læra Íslandssöguna frá a til ö og nýta heimsóknina í botn. Komum frekar aftur og aftur til að rannsaka spennandi hluti, fara í ferðalag um söguna og pústum svo á kaffihúsinu. Það er hollt, gott og gefandi fyrir krakka að fara í ratleiki um safnið og í Stofuna til að leika sér, fá hugmyndir og klæða sig upp í gamaldags föt. Ég held að viðhorf margra breytist eftir COVID 19; að fólk vilji vera saman og nota tímann vel. Þá er líka gott fyrir þá sem eru einmana að setjast niður á safni og vera innan um fólk,“ segir Margrét á Þjóðminjasafninu þar sem þessa dagana er unnið að heimildaöflun um lífið á tímum kórónaveirunnar með ljósmyndum og skráningu frásagna almennings.

„Við finnum til upplýsingar og jafnvel gripi sem einkenna tímabilið og föngum augnablikið til að geta sett upp sýningar síðar. Til að ná því þarf að skrásetja andrúmsloftið; auðar götur, fólk að tala saman í gegnum glugga og fólk á göngu sem víkur þegar það mætir öðrum. Það gerum við á meðan ástandið er og réðum til okkar þrjá ljósmyndara í verkið ásamt því að biðja almenning að senda okkur frásagnir úr kófinu. Þær streyma inn í þjóðháttasafnið okkar.“

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, s. 550 5657, | Veffang: frettabladid.is

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Kennarar

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða kennara fyrir skólaárið 2020-2021.

Kennari í spænsku
Auglýst er eftir kennara í 100% starf í spænsku. Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í spænsku eða skyldum greinum.

Kennari í ensku
Auglýst er eftir kennara í 100% starf í ensku. Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í ensku eða skyldum greinum.


Við bjóðum:
- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen starfsmanna – og þróunarstjóri.

Umsóknarfrestur er til 22. maí og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 940 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.





Framtíðin er snjöll
– mótaðu hana með okkur

Við leitum að stjórnanda í framkvæmdastjórn fyrirtækisins til að móta framtíðina með okkur.

Leiðtogi snjallvæðingar og stafrænnar þróunar

Við horfum til drífandi manneskju sem býr yfir ríkum umbótavilja, hugmyndaauðgi, auðmýkt og umhyggju. Er með brennandi áhuga á nýsköpun, snjöllum lausnum og leitast við að vera í fararbroddi í tækniframförum og þjónustu við viðskiptavini.

Hvers vegna Veitur?

Hlutverk Veitna er að þróa og byggja upp veitukerfi sem eru grundvöllur lífsgæða og gæta þess að notendur hafi stöðugt aðgengi að hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu. Veitusvæði okkar er að mestu á höfuðborgarsvæðinu en einnig víða á Suður- og Vesturlandi. Lagnakerfið er stórt, en lagnir og strengir eru alls 9.000 km að lengd, sem samsvarar vegalengdinni frá Reykjavík til Shanghai. Veitur eru stærsta veitufyrirtæki landsins og starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Veltan er um 33 milljarðar og fjárfestingar að jafnaði um 9 milljarðar árlega og við þjónustum ríflega 70% landsmanna á einn eða annan hátt. Við erum framsækið þekkingar- og þjónustufyrirtæki og höfum frumkvæði að verndun vatns og tryggjum auðlindir fyrir komandi kynslóðir. Starfsfólk okkar fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og við leggjum áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi. Okkur er annt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram við hvert annað og viðskiptavini af virðingu.

Umsóknarfrestur er til og með **26. maí 2020.**

Nánari upplýsingar á starf.veitur.is

Í góðu sambandi við framtíðina

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

JAFNRÉTTISRÁÐ

VEITUR

Við erum að leita!

Við óskum eftir að ráða til starfa vélvirkja og stálsmiði

Stálsmiðir

Starfssvið stálsmiða:
· Nýsmíði
· Stálviðgerðir skipa
· Almenn plötu-, stál- og rörasmíði

Vélvirki

Starfssvið vélvirkja:
· Vélaviðgerðir skipa
· Þrýsti- og vökvalagnir
· Uppsetning vélbúnaðar
· Aðrar tilfallandi vélaviðgerðir

Menntunar- og hæfniskröfur:
· Sveins- eða meistarabréf í viðkomandi iðngrein
· A.m.k. 5 ára reynsla í greininni
· Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð
· Stundvísi og áreiðanleiki
· Frumkvæði, sjálfstæði og útsjónarsemi í vinnubrögðum
· Sterk öryggisvitund
· Lipurð í mannlegum samskiptum

Sótt er um rafrænt á www.slipp.is
Umsóknarfrestur er til 25. maí 2020

Nánari upplýsingar veitir:
Kristján Heiðar Kristjánsson
Netfang: khk@slipp.is
eða í síma: 460 2900

Slippurinn Akureyri er leiðandi fyrirtæki á sviði málmiðnaðar á Íslandi og býður heildarlausnir í málmiðnaði og véltækni með sérhæfingu í endurnýjun og viðhaldi á skipum, ásamt hönnun og framleiðslu á vinnslubúnaði fyrir sjávarútveg.

Slippurinn leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður, þar sem fyrsta flokks fagleg þekking og þjónustuvilji fara saman.

Markmið mannauðsstefnu fyrirtækisins er að starfsmenn njóti jafnréttis og öðlist faglegan þroska í starfi þar sem styrkleikar hvers og eins fái notið sín.



Slippurinn AKUREYRI
FAGMENNSKA - METNAÐUR - HAGKVÆMNI
Naustatanga 2 | 600 Akureyri | Sími 460 2900 | slipp@slipp.is | www.slipp.is

Fjármálastjóri (CFO)

Við leitum að öflugum einstaklingi og traustum liðsfélaga í starf fjármálastjóra Daga.

Fjármálastjóri ber ábyrgð á stjórnun og rekstri fjármálasviðs, þjónustu þess og virkni. Fjármálastjóri heyrir undir forstjóra, situr í framkvæmdastjórn og tekur virkan þátt í að þróa þjónustuna að þörfum viðskiptavina og félagið að nýjum viðskiptatækifærum.

Fjármálasvið heldur utan um fjármál og fjármálagerninga félagsins. Greinir og miðlar upplýsingum til stjórnenda sem gefa glögga mynd af rekstri, fjárhag og horfum félagsins á hverjum tíma og framvindu lykil áhersluþátta og verkefna.

Meginverkefni fjármálasviðs

- **Reikningshald** – Stýring og eftirlit með færslu bókhalds, skattaskilum, mánaðarlegum uppgjörum, árshluta uppgjörum og gerð ársreikninga.
- **Fjárstýring** – Reikningagerð, innheimtur, greiðslur, dagleg lausafjárstýring og samskipti við lánastofnanir vegna fjármögnunar. Umsjón með rekstrar- og fjármögnunarleigusamningum, samningum við birgja og samræmdum innkaupum.
- **Launavinnsla** – Launavinnsla, útgreiðsla launa, skil á sköttum, gjöldum og lífeyrissjóðsgreiðslum. Greining og yfirlit á launum, veikindum, frítöku ásamt vöktun, greiningu og eftirliti vegna jafnlaunastefnu.
- **Leiðsögn og miðlun** – Greining og miðlun rekstrartengdra upplýsinga, áætlanagerð, eftirlit og vöktun á mælikvörðum og skýrslugjöf til stjórnar og stjórnenda. Greining, umbætur og eftirlit með helstu ferlum er varða rekstur og fjármál. Rekstur, viðhald og framþróun grunn upplýsingakerfa til samræmi við þarfir starfseminnar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskipta- eða rekstrarmenntun á háskólastigi
- Góð samskiptafærni og leiðtogahæfileikar
- Yfirsýn, greiningarhæfni og nákvæmni
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Framsýni, skipulagshæfileikar, drifkraftur og seigla
- Haldgóð þekking og reynsla af reikningshaldi og fjárstýringu
- Brennandi áhugi og metnaður fyrir umbótum og starfrænni umbreytingu í starfseminni

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.
Sótt er um starfið á vef Capacent,
capacent.com/s/25353

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Hjaltason
(hilmar.hjaltason@capacent.is)

VIRÐING - FRUMKVÆÐI - ÁBYRGÐ - GÆÐI

Starfsfólk Daga telur um 800 einstaklinga og nemur ársvelta félagsins um 5 milljörðum kr.
Dagar eru leiðandi fyrirtæki í ræstingaþjónustu, fasteignaumsjón og tengdri þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Starfsemin teygir anga sína víða um land. Dagar eru með starfsstöðvar á Akureyri, Selfossi og í Reykjanesbæ auk höfuðstöðva í Garðabæ. Hjá Dögum starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt og verkvit til að létta viðskiptavinum sínum lífið.
Gildin okkar eru virðing, frumkvæði, ábyrgð og gæði.

dagar

Tryggingar og ráðgjöf

Tryggingar og ráðgjöf ehf. óskar eftir að ráða forstöðumann/konu söludeildar.

Starfið felur í sér að halda utan um söludeild, hafa umsjón með dreifingu, sölugögnum, markaðssetningu og kennslu.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Rekstur söludeildar
- Söluáætlanir
- Markaðssetning
- Kennsla

Hæfnikröfur
- Skipulagshæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölvukunnátta
- Reynsla af stjórnun
- Menntun í viðskipta-, markaðsfræði eða tengdum fögum er kostur

Tryggingar og ráðgjöf ehf. er í samstarfi við nokkur evrópsk tryggingafélög sem eru að bjóða nýjar og mjög spennandi vörur fyrir íslenskan markað.

Um er að ræða fullt starf í dagvinnu.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast sendið umsókn (ferilskrá og kynningarbréf) á storf@tryggir.is. **Umsóknarfrestur er til 26. maí 2020.** Nánari upplýsingar veitir Ásgerður Ágústsdóttir asgerdur@tryggir.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Tryggingar og ráðgjöf ehf. er löggilt vátryggingamiðlun staðsett í Sóltúni 26, 105 Rvk. Nánar um starfsemi T&R er að finna á www.tryggir.is.

Tryggingar og ráðgjöf



Skipulagsstjóri

Kópavogsbær auglýsir starf skipulagsstjóra laust til umsóknar. Skipulagsstjóri stýrir skipulags- og byggingardeild bæjarins en þar starfar 14 manna samhentur hópur. Hann hefur umsjón með þróun á sviði skipulagsmála í bænum og ber ábyrgð á að meðferð skiplagsmála sé í samræmi við samþykkta stefnumótun, gildar skipulagsáætlanir og að farið sé eftir lögum og reglugerðum. Hann er ráðgjafi bæjarstjórnar í skipulagsmálum.

Helstu verkefni
- Daglegur rekstur skipulags- og byggingardeildar.
- Vinnur skipulagsáætlanir (aðal-, deili- og hverfisskipulags) og skipulags- og byggingarskilmála.
- Umsjón og eftirlit með gerð umhverfismats áætlana.
- Útgáfa framkvæmdaleyfa og gerð umsagna um skipulags- og byggingarerindi.
- Umsjón með grenndarkynningu deiliskipulagsbreytinga og byggingarleyfa.
- Auglýsir skipulagslýsingar og skipulagsbreytingar lögum samkvæmt.
- Undirbúningur funda skipulagsnefndar og umhverfis- og samgöngunefndar.
- Upplýsingagjöf og samskipti við íbúa, kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila.
- Þátttaka í samráðshópum um skipulags- og byggingarmál.
- Situr í fagráði svæðisskipulagsnefndar SSH.
- Umsagnir vegna kærumála og álitaefna í samstarfi við lögfræðideild.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistarapróf á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Löggiltur skipulagsfræðingur eða sambærileg menntun sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Leiðtogahæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun og teymisvinnu.
- Lausnamiðuð hugsun og færni í framsetningu efnis.
- Þekking á teikniforritum og öðrum forritum tengdum skipulagsvinnu.
- Þekking á skjalavistunarkerfum er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2020.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Steingrímur Hauksson, sviðsstjóri umhverfissviðs (steingr@kopavogur.is).

Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Kópavogsbær

kopavogur.is

HÉÐINN

Héðinn hf. er fyrirtæki með nærri 100 ára sögu af þjónustu við sjávarútveg og iðnað. Hjá Héðni starfa um 100 manns við fjölbreytt störf, allt frá hönnun til framleiðslu fullbúins tækjabúnaðar ásamt eftirfylgni og þjónustu.

DEILDARSTJÓRI KONGSBERG

Kongsberg búnaður og skipahönnun er í fremstu röð í heiminum og hefur þjónað íslenskum útgerðum í áratugi með áreiðanleika og endingu að leiðarljósi. Skipið Ilivileq, sem er nýjasta skipið í eigu íslenskrar útgerðar, er frábær vitnisburður um glæsilegt fullvinnsluskip frá Kongsberg.

Við leitum að deildarstjóra fyrir sölu og þjónustudeild Kongsberg Maritime hjá Héðni til að fara fyrir hópi sérfræðinga í sölu og þjónustu á búnaði frá Kongsberg um borð í skipum.



KONGSBERG

Helstu verkefni:
- Yfirumsjón með samstarfi við Kongsberg
- Samskipti við viðskiptavini í stærri nýsölu- og þjónustuverkefnum og tengsl þeirra við viðeigandi deildir hjá Kongsberg
- Umsjón starfsmannamála í samstarfi við verkstjóra og þjónustustjóra
- Skipulag deildar og mótun verkferla

Hæfniskröfur:
- Verk- og tæknimenntun með reynslu í skipaþjónustu
- Mjög góður tæknigrunnur og tölvufærni
- Reynsla og þekking á búnaði frá Kongsberg Maritime eða sambærilegum búnaði
- Góð þekking á ritaðri og talaðri íslensku og ensku
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Stundvísi, skipulagshæfni og færni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með **27. maí nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is.**

HAGVANGUR

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Hafnarfirði starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 190 starfsmenn í þjónustu sinni.

Lausar eru til umsóknar tvær stöður nýdoktora við Hafrannsóknastofnun, með starfsstöð í Hafnarfirði.

1 – Nýdoktor á sviði flotahegðunar og hagfræði tengdri útgerð fiskiskipa

Staða nýdoktors er auglýst hjá Hafrannsóknastofnun, við starfsstöð stofnunarinnar í Hafnarfirði. Nýdoktornum er ætlað að starfa við rannsóknir á hegðun fiskveiðiflotans og hagrænum hvötum útgerða við bolfiskveiðar á Íslandsmiðum. Um er að ræða þriggja ára stöðu styrkta af Rannís, þar sem nýdoktornum er ætlað rannsaka tækifæri til fiskveiða og aðra þætti þeim tengdum sem stjórna hegðun flotans (heildarafli, samsetning afla, sókn, staðsetning fiskiskipa, stærðarsamsetning, væntur þéttleiki þorsks, veiðarfæri osfrv.) og tengja metnu afurðaverði, sem byggt er á markaðsgögnum, og öðrum kostnaði sem stýrir hagnaði, til þess að skilja betur hvernig aðstæður á markaði geta haft áhrif á stofnþróun og fiskveiðistjórnun.
Verkefnið mun nýta lífmælingagögn sem safnað er af Hafrannsóknastofnun auk upplýsinga um landaðan afla, úr afladagbókum og frá fiskmörkuðum. Æskilegt er því að umsækjendur hafi góðan grunn í gagnagreiningu og haglíkanagerð. Nýdoktorinn mun vinna með tveimur sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar, Dr. Pamelu J. Woods og Dr. Bjarka Þór Elvarssyni, auk samstarfs við hagfræðinga og líffræðinga á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands (þeim Dr. Daða Má Kristóferssyni, Dr. Sveini Agnarssyni og Dr. Freydísi Vigfúdóttur) og Umhverfisdeildar Duke háskóla (Dr. Martin Smith).

2 – Nýdoktor á sviði stofnmatsaðferða og vistkerfislíkana

Staða nýdoktors er auglýst hjá Hafrannsóknastofnun, við starfsstöð stofnunarinnar í Hafnarfirði. Nýdoktornum er ætlað að starfa við smíði stofnmats- og vistkerfislíkana af vistkerfi sjávar á hafsvæðinu í kringum Ísland. Um er að ræða þriggja ára stöðu styrkta af Rannís þar sem nýdoktornum er ætlað að vinna að 1) þróun einstakra þátta í aldurs- og lengdarháða líkanaumhverfinu Gadget og R-pakka því tengdu 2) rannsaka getu Gadgets til að ráða við einstaka tilvik með hermunarprófum og 3) vinna með öðrum vistkerfislíkanasmiðum til þess að tengja Gadget sem stofnmatsforrit í vistkerfishermunum Atlantis.
Verkefnið mun nýta lífmælingagögn sem safnað er af Hafrannsóknastofnun auk upplýsinga um landaðan afla, úr afladagbókum og frá fiskmörkuðum. Því er kostur að umsækjendur hafi góðan grunn í gagnagreiningu, tölfræðilegri líkanagerð og stofnmati. Nýdoktorinn mun vinna með tveim sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar, Dr. Pamelu J. Woods og Dr. Bjarka Þór Elvarssyni, auk samstarfs við tölfræðinga við Háskóla Íslands (Dr. Gunnar Stefánsson) og við Landbúnaðarháskólann (Dr. Erla Sturludóttir).

Báðar stöður:
Umsækjendur þurfa að hafa lokið doktorsprófi í líffræði, auðlindastjórnun, hagfræði, verkfræði, tölfræði eða hagnýtri stærðfræði.

Æskilegt er að umsækjandi hafi:
- Sýnt fram á kunnáttu í tölfræði auk meðhöndlunar og úrvinnslu stórra gagnasetta
- Reynslu af tölfræðilegri líkanasmíði:
  - Nýdoktor 1: geti sýnt fram á kunnáttu við smíði hag-, vistfræði- eða líffræðilíkana
  - Nýdoktor 2: geti sýnt fram á kunnáttu á stofnmatsaðferðum fiskistofna eða tölfræðilegri líkanagerð
- Góða þekkingu á forritunarumhverfinu R auk almennrar forritunarkunnáttu
- Birtingar í ritrýndum fræðitímaritum
- Reynslu af þverfaglegri teymisvinnu
- Getu til að vinna sjálfstætt og sem hluti af hóp

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra náttúrufræðinga hafa gert.

Umsóknir skulu fylltar út á **starfatorg.is**. Umsóknarfrestur er til og með **4. júní nk.** Með umsókn skulu fylgja kynningarbréf, starfsferilsskrá og nöfn tveggja meðmælenda með upplýsingum um hvernig er hægt að ná í þá. Við ráðningu skal leggja fram staðfestingu á doktorsgráðu.
Nánari upplýsingar veita Bjarki Þór Elvarsson (bjarki.elvarsson@hafogvatn.is) og Pamela J. Woods (pamela.woods@hafogvatn.is)

Two post-doctoral positions available at the Marine and Freshwater Research Institute, Hafnarfjörður, Iceland.

1 - Post-doctoral researcher in fleet dynamics and fisheries economics

A position is advertised at Marine and Freshwater Research Institute (MFRI) in Hafnarfjörður, Iceland, for a post-doctoral researcher to work on fleet dynamics and fisheries economics of the Icelandic cod stock (Gadus morhua). This is a three-year position funded by a grant received from the Icelandic Research Fund ("United under one cod: complexities of cod fishing and their utility"), in which the post-doctoral researcher will be expected to fit a spatial choice model by linking spatial information in cod fishing opportunities and attributes of fishing activity (catch amount, bycatch amount, effort, location and timing of catch, expected size composition, expected cod density, gear, location and timing of capture) with attribute-specific prices, especially related to size and predicted from a hedonic price model, and other factors that control profitability, to better understand how market factors can influence stock dynamics and fisheries management.
This project will use biological samples from MFRI survey and catch data, fisheries logbook data, and fish market data, so candidates with both a strong background in data analysis and fisheries economics modeling are ideal. The researcher will be located at the MFRI (working alongside Drs. Pamela J. Woods and Bjarki Þ. Elvarsson), which is a leading research institute in northern marine ecosystem science and houses a diverse and lively team of researchers in a friendly work environment.Work will also be in close collaboration with economists at the University of Iceland, Faculty of Economics, School of Social Sciences (Drs. Daði Már Kristófersson, Sveinn Agnarsson, and Freydís Vigfúsdóttir), and Duke University Nicholas School of the Environment (Dr. Martin Smith).

2 – Post-doctoral researcher in stock assessment and ecosystem dynamics

A position is advertised at Marine and Freshwater Research Institute (MFRI) in Hafnarfjörður, Iceland, for a post-doctoral researcher to work on stock assessment and ecosystem modeling of the Icelandic marine ecosystem. This is a three-year position funded by a grant received from the Icelandic Research Fund, in which the post-doctoral researcher will be expected to 1) develop components of the Gadget length- and age-based modeling framework and R package user interfaces to aid in its online accessibility, 2) simulation-test Gadget's performance under various conditions, and 3) work with ecosystem modelers to link Gadget to as an operating assessment model in ecosystem simulations using Atlantis.
This project will use MFRI survey and catch data, fisheries logbook data, and fish market data, so candidates with both a strong background in statistics and stock assessment modeling are ideal. The researcher will be located at the MFRI (working alongside Drs. Pamela J. Woods and Bjarki Þ. Elvarsson), which is a leading research institute in northern marine ecosystem science and houses a diverse and lively team of researchers in a friendly work environment., Work will also be in close collaboration with statisticians at the University of Iceland (Dr. Gunnar Stefánsson, Mathematics Department, School of Engineering and Natural Sciences) and the Agricultural University of Iceland (Dr. Erla Sturludóttir, Department of Agricultural Science).

For both positions:
Required Qualifications: PhD. In biology, ecology, natural resource science or management, economics, engineering, statistics, or applied mathematics

Desired Qualifications:
- Demonstrated capabilities in statistics and analysis of large data sets
- Modeling skills:
  - Post-doc1: Demonstrated capabilities in economic, ecological, or biological modeling
  - Post-doc 2: Demonstrated capabilities in stock assessment or related statistical modeling
- Fluency in R statistical programming and other programming skills
- Peer-reviewed publication history
- Interdisciplinary experience
- Works well in a team and independently

Salary payments are in accordance with labor union contracts negotiated between the Ministry of Finance and the Economy and the Félag íslenskra náttúrufræðinga (Association of Icelandic Naturalists).

To apply, please send an application to **starfatorg.is** no later than **June 4, 2020.** The application must consist a letter of interest, a C.V., and two references with contact information. Upon hiring a certificate of completion of doctoral studies will be required.
For further information contact Pamela J. Woods (pamela.woods@hafogvatn.is) or Bjarki Þór Elvarsson (bjarki.elvarsson@hafogvatn.is)

Waldorfleikskólinn Ylur

Við erum að leita að starfsmanni í 100% stöðu.
Við erum lítill, heimilislegur leikskóli með 20 börn.
Leggjum áherslu á kærleiksríkt andrúmsloft,
mikla útiveru og frjálsan leik.

Nánari upplýsingar á fésbókarsíðu okkar
Waldorfleikskólinn Ylur, Lækjarbotnum.
Umsóknarfrestur er til 5. júní 2020.



STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli
- Aðstoðarskólastjóri
- Umsjónarmaður frístundaheimilis

Garðaskóli
- Húsvörður

Leikskólinn Bæjarból
- Deildarstjóri

Leikskólinn Hæðarból
- Leikskólakennari og /eða íþróttakennari

Leikskólinn Kirkjuból
- Deildarstjóri

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

Tryggingar og ráðgjöf

Tryggingar og ráðgjöf ehf. óskar eftir starfsmanni í skráningu og þjónustu vegna áhættumats á persónutryggingum.

Starfið felur í sér utanhald um gögn, þýðingar, samskipti við viðskiptavini, ráðgjafa, birgja og heilbrigðisstofnanir.

Hæfnikröfur:
- Jákvæðni í starfi.
- Mjög góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Færni í mannlegum samskiptum.

- Reynsla í áhættumati í persónutryggingum er kostur en ekki skilyrði en viðkomandi fær viðeigandi þjálfun fyrir starfið.
- Bakgrunnur í hjúkrunarfræði eða á sviði heilbrigðisfræða er kostur.
- Reynsla úr störfum í heilbrigðiskerfi er kostur.

Um er að ræða fullt starf í dagvinnu.
Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.
Vinsamlegast sendið umsókn (ferilskrá og kynningarbréf) á storf@tryggir.is. **Umsóknarfrestur er til 26. maí 2020.** Nánari upplýsingar veitir Ásgerður Ágústsdóttir asgerdur@tryggir.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Tryggingar og ráðgjöf ehf. er löggilt vátryggingamiðlun staðsett í Sóltúni 26, 105 Rvk. Nánar um starfsemi T&R er að finna á www.tryggir.is.

Tryggingar og ráðgjöf

Við leitum að Wise fólki ...



Hjá Wise starfar samhentur hópur öflugra sérfræðinga með áralanga reynslu í Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV). Við leggjum metnað í að aðstoða viðskiptavini við að ná hámarksárangri með réttum viðskiptalausnum. Vegna aukinna umsvifa leitum við að hæfileikaríku, kraftmiklu og sjálfstæðu fólki sem á auðvelt með að vinna í hóp, hefur áhuga á hugbúnaði og sjálfvirkni-væðingu og hefur góða almenna menntun og reynslu.

Ráðgjafar

Í starfinu felst ráðgjöf og þjónusta tengd Microsoft Business Central (NAV) viðskiptalausnum, stafrænum umbreytingarverkefnum og fleiri spennandi viðfangsefnum, auk þátttöku í vöruþróun fyrir kröfuharðan hóp viðskiptavina á ýmsum sviðum atvinnulífsins.

KRÖFUR UM REYNSLU OG HÆFNI

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV)
- Microsoft Dynamics 365 CRM (Sales, Customer Service, Fields Service)
- Microsoft Power Platform (Power BI, Power Apps, Power Automate)
- Birgða-og aðfangakeðju, s.s. vöruhúsum, flutningum og tollafgreiðslu
- Framleiðslukerfum
- Fjármálum og bókhaldi

Kerfisrekstur og tækni-þjónusta

Við leitum að öflugum aðilum í ytri tækniþjónustu og kerfisrekstur á hýsingarlausnum okkar. Í starfinu felst ráðgjöf og þjónusta tengd almennum rekstri tölvukerfa viðskiptavina, einkum rekstri á Dynamics NAV/Business Central og rekstri og viðhaldi á skýjalausnum Wise.

KRÖFUR UM REYNSLU OG HÆFNI

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Windows stýrikerfum
- SQL server
- PowerShell er kostur
- Azure DevOps er kostur

Forritarar

Við leitum að forriturum í Microsoft Dynamics 365 Business Central til að sinna margvíslegum verkefnum í vöruþróun og sérlausnum fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina.

KRÖFUR UM REYNSLU OG HÆFNI

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða tengdum greinum
- Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV)
- Azure DevOps er kostur
- PowerShell er kostur

UM WISE

Wise er öflugasti söluaðili Microsoft Dynamics 365 Business Central bókhalds- og viðskiptahugbúnaðar á Íslandi. Wise þróar sérkerfi og lausnir á sviði fjármála, verslunar, þjónustu, sveitarfélaga, sjávarútvegs og flutninga. Starfsstöð er á skrifstofu Wise í Borgartúni 26 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir **Torfi Markússon (torfi@intellecta.is)** ráðgjafi hjá Intellecta í síma **511 1225**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá. **Umsóknarfrestur er til og með 1. júní.** Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.



Hjá Pacta Lögmönnum starfa á þriðja tug lögfræðinga á 13 starfsstöðvum víða um land. Lögmenn Pacta búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.

Markmið okkar er að veita viðskiptavinum um land allt vandaða lögmannsþjónustu og ráðgjöf, byggða á þekkingu, trausti og áreiðanleika.

Við viljum ráða lögmann til starfa á Austurlandi

Pacta lögmenn óska eftir að ráða lögmann með héraðsdómsréttindi til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu Pacta á Austurlandi, með starfsstöð á skrifstofu Pacta á Egilsstöðum.

Meðal verkefna eru fjölbreytt viðfangsefni á sviði lögfræðilegrar ráðgjafar og samningagerðar, réttargæsla og verjandastörf í opinberum málum, úrlausnarefni á sviði kröfuréttar, málflutningur og ábyrgð á mætingum í héraðsdóma og hjá sýslumannsembættum.

Við leitum að ábyrgum og drífandi starfsmanni sem hefur metnað til að ná árangri í starfi, getur unnið sjálfstætt og býr yfir mikilli samskiptafærni.

Nánari upplýsingar veitir Róbert Gíslason, rekstrarstjóri Pacta lögmanna, í síma 440 7900 og á netfangið robert@pacta.is. Vinsamlegast sækið um starfið á heimasíðu pacta.is. Umsóknarfrestur er til og með **24. maí 2020**. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarupplýsingar.

Pacta lögmenn | Kaupvangi 3a | 700 Egilsstaðir | Sími 440 7900

Akranes | Akureyri | Blönduós | Dalvík | Egilsstaðir
Húsavík | Ísafjörður | Keflavík | Reyðarfjörður
Reykjavík | Sauðárkrókur | Selfoss | Siglufjörður

PACTA LÖGMENN

ÖRYGGISVÖRÐUR
SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **24. maí 2020.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is **May 24, 2020.** Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)

Kennarar
Borgarholtsskóli

Lausar eru til umsóknar stöður í eftirfarandi greinum á skólaárinu 2020-2021.

Stærðfræði, forritun, íslensku, ensku og málmiðngreinum.

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Háskólagráða í viðkomandi grein eða skyldum greinum / meistarapróf í vélvirkjun
- Leyfisbréf kennara
- Reynsla af sérkennslu eða af kennslu erlendra nema
- Kennslureynsla á framhaldsskólastigi

Umsækjendur greini í umsókn frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem telja má að skipti máli.
Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnanasamning Borgarholtsskóla.
Sakavottorð fylgi umsókn.

Upplýsingar um störf í ensku, stærðfræði, forritun og íslensku veitir Kristján Ari Arason, sviðsstjóri bóknáms, krisara@bhs.is, s: 820-2930.
Upplýsingar um störf í málmiðngreinum veitir Marín Björk Jónasdóttir, sviðsstjóri iðn- og starfsnáms, marin@bhs.is, s: 698-5795.

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.
Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is **fyrir 22. maí 2020.**

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: **agi, virðing, væntingar.**

Borgarholtsskóli www.bhs.is

Launafulltrúar,
gjaldkerar,
þjónustufulltrúar



hagvangur.is

HAGVANGUR

VIÐSKIPTABLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU VIÐSKIPTABLAÐAMANNA LANDSINS?

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti og fjármál, óskar eftir blaðamanni í fullt starf á ritstjórn blaðsins.

Starfs- og ábyrgðarsvið
- að hafa góða þekkingu og brennandi áhuga á viðskiptum og efnahagsmálum er skilyrði
- háskólamenntun á sviði hagfræði, viðskipta eða lögfræði er æskileg
- reynsla af blaðamennsku er æskileg
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- frumkvæði, öguð vinnubrögð og að geta unnið undir álagi

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Hörð Ægisson á netfangið hordur@frettabladid.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí 2020.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS DV TORG



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Við leitum að góðu fólki í hópinn.

Forstöðumaður almennings-samgangna

Leitað er að einstaklingi sem leitt getur krefjandi deild og tekið þátt í mótun framtíðarskipulags þeirra almenningssamgangna sem Vegagerðinni hefur verið falið að stýra.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020.

Starfssvið deildar
Á deildinni er haldið utan um almenningssamgöngur á landsvísu en undir það falla ferjur, ríkisstyrkt flug og almenningsvagnar milli byggðarlaga. Helstu viðfangsefni eru rekstur, útboð og skilgreining og stefnumótun fyrir þjónustu sem veitt er og fellur undir almenningssamgöngur.

Menntunar- og hæfniskröfur
- → Viðskiptafræði, rekstrarfræði, rekstarverkfræði eða menntun sem nýtist í starfi.
- → Reynsla af stjórnun.
- → Marktæk þekking og reynsla af rekstri.
- → Aðrar almennar hæfniskröfur.

Sérfræðingur í hönnunarstjórn jarðganga

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í hönnun og hönnunarstjórn jarðganga á hönnunardeild Vegagerðarinnar í Reykjavík.

Starfssvið
Stýring hönnunar nýrra jarðganga og aðstoð við áætlanagerð, undirbúning og framkvæmd jarðgangaverkefna ásamt ráðgjöf varðandi viðhaldsaðgerðir. Þar sem Vegagerðin mun sinna stórum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu felst starfið hvorttveggja í hönnunarstýringu jarðganga á landsbyggðinni og stokkalausnum í þéttbýli.

Menntunar- og hæfniskröfur
- → Verkfræðingur, tæknifræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi. Meistarapróf æskilegt.
- → Reynsla af hönnun eða hönnunarstjórn samgöngumannvirkja eða jarðganga.
- → Aðrar almennar hæfniskröfur

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020.

Sérfræðingur á hönnunardeild Áhersla á samgöngumannvirki í þéttbýli

Sérstaklega er sóst eftir þekkingu og reynslu af hönnun samgöngumannvirkja í þéttbýli.

Starfssvið
Vegagerðin vinnur að þróun, skipulagi, hönnun og framkvæmd samgöngumannvirkja fyrir fjölbreytta ferðamáta á landinu öllu. Með tilkomu Samgöngusáttmálans eru framundan umfangsmikil verkefni á stofnvegum Höfuðborgarsvæðisins. Vegagerðin leitar að öflugum einstaklingi til að taka þátt í og leiða skipulagningu og hönnun þessara samgöngumannvirkja.

Menntunar- og hæfniskröfur
- → Verkfræðingur, tæknifræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi. Meistarapróf æskilegt.
- → Marktæk reynsla af stýringu hönnunarverkefna.
- → Reynsla af hönnun samgöngumannvirkja í þéttbýli er æskileg.
- → Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- → Aðrar almennar hæfniskröfur.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020.

Sérfræðingur í fjármálagreiningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í greiningum á fjármálasviði Vegagerðarinnar í Reykjavík.

Starfssvið
Starfið felst m.a. í greiningu og miðlun fjármálaupplýsinga. Greiningu á áhrifum breytinga á rekstrarumhverfi varðandi samninga og verkefni. Í því felst eftirfylgni og fjárhagsumsjón með verkefnum og faglegur stuðningur við margháttuð og fjölbreytt verkefni sem Vegagerðin sinnir hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur
- → Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- → Reynsla og þekking af opinberum fjármálum og lögum um opinber fjármál.
- → Þekking og reynsla af fjárhagskerfi ORRA.
- → Hæfni til að þróa og viðhalda reiknilíkönum.
- → Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg.
- → Hæfni til að setja gögn og upplýsingar fram á skýran og greinargóðan hátt.
- → Aðrar almennar hæfniskröfur.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020.

Verkefnastjóri á framkvæmdadeild

Vegagerðin auglýsir eftir öflugum einstaklingi til að sinna verkefnastjórn stórra verka á framkvæmdadeild Vegagerðarinnar í Reykjavík. Um er að ræða fullt starf við áætlanir, undirbúning og framkvæmd í nýbyggingu og viðhaldi samgöngumannvirkja.

Starfssvið
Starf verkefnastjóra á framkvæmdadeild felst í stjórnun viðhalds- og nýframkvæmda þ.m.t. gerð áætlana, útboðs og verklýsinga, fjárhagslegt og tæknilegt eftirlit, uppgjör verka og gerð skilamata. Einnig vinna verkefnastjórar framkvæmdadeildar að sameiginlegum umbótaverkefnum á sviði verkefnastjórnunar sem skilgreind eru nánar hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur
- → Verkfræðingur, tæknifræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi. Meistarapróf æskilegt.
- → Marktæk reynsla af verkefnastjórnun.
- → Reynsla af verkefnastjórnun stærri verkefna æskileg.
- → Aðrar almennar hæfniskröfur.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020.

Sótt er um laus störf á heimasíðu Vegagerðarinnar: www.vegagerdin.is

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Í umsóknum komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir fyrir starfið, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Almennar hæfniskröfur
- → Skipulagshæfni, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- → Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- → Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.
- → Hæfni til að fylgja málum eftir og til að finna bestu lausnir hverju sinni.

VERITAS LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI Í STERKA HEILD!

Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að metnaðarfullum og öflugum forritara, sem hefur áhuga á að vinna með m.a. Dynamics NAV, vefþjónustur og Sharepoint, til að slást í upplýsingatæknihóp Veritas.

STARFSSVIÐ
- Greining á þörfum, tæknilegum kröfum og hönnun hugbúnaðarlausna sem styðja við vinnuferla Veritas samstæðunnar
- Þátttaka í þróun upplýsingatækni innan Veritas samstæðunnar
- Forritun lausna

HÆFNI
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. tölvunar- eða hugbúnaðarverkfræði
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Lausnamiðuð hugsun, þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

ÞEKKING OG REYNSLA
- Reynsla og góð þekking á Dynamics NAV
- Áhugi á að vinna með m.a. Sharepoint og vefþjónustur
- Þekking á Microsoft umhverfi: Visual Studio, .NET, SQL, Powershell er kostur
- Góð tækniþekking og geta til að setja sig inn í ný kerfi og umhverfi

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí

Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Veritas, www.veritas.is.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Nánari upplýsingar veita Hákonía J. Guðmundsdóttir, deildarstjóri upplýsingatæknideildar, hakonia@veritas.is og Pétur Veigar Pétursson, starfsmannastjóri, petur@veritas.is.

VERITAS

Veritas sérhæfir sig í rekstri fyrirtækja á sviði heilbrigðisþjónustu.
Veritas er móðurfélag fyrirtækjanna Artasan ehf., Distica hf., MEDOR ehf., Stoð hf. og Vistor hf.
Fyrirtækið er kjölfesta samstæðunnar og veitir þjónustu til dótturfyrirtækjanna svo þau geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni.

Nánar á www.veritas.is

Kennari

Hlutfall: Fullt starf **Tegund:** Kennsla

Slysavarnaskóli sjómanna leitar að kennara

Umsóknarfrestur til 31.05.2020

Sjá nánar á Job

job
Finnum draumastarfið saman

JSÓ Járnsmiðja Óðins ehf.

Við leitum að faglærðum málmiðnaðarmönnum til starfa.
Starfið felst í fjölbreyttri nýsmíði og uppsetningum.
Sjá heimasíðu fyrirtækisins www.jso.is
Áhersla er lögð á frumkvæði, áreiðanleika, létta lund og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni. Íslenska eða góð ensku kunnátta er skilyrði.

Umsóknir sendast á jso@jso.is

BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS

Reykjavíkurborg

Ertu góður stjórnandi og með brennandi áhuga á menningu og fólki? Við leitum að deildarstjóra í nýtt menningarhús Borgarbókasafnsins í Úlfarsárdal

Í Úlfarsárdal rís skóli, bókasafn og menningarmiðstöð, sundlaug og íþróttamiðstöð. Áætlað er að Borgarbókasafnið opni þar menningarhús á vormánuðum 2021. Bókasafnið í Úlfarsárdal mun starfa í mikilli nánd og samvinnu við sundlaug staðarins ásamt því að lögð verður mikil áhersla á góða samvinnu við Dalskóla og frístundastarf í hverfinu. Deildarstjóri ber ábyrgð á stjórnun og rekstri bókasafnsins; sýningum, fræðslustarfi, dagskrá og viðburðum ásamt því að eiga gott samtal við nærsamfélagið í hverfinu.
Deildarstjóri hefur jafnframt yfirumsjón með margvíslegri þjónustu við ytri og innri viðskiptavini Borgarbókasafnsins.

Starfssvið:
- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri menningarhússins í Úlfarsárdal.
- Stjórnun mannauðs.
- Eftirfylgni samninga og samvinna við aðrar stofnanir í húsinu
- Gerð og eftirfylgni starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir menningarhúsið.
- Situr í stjórnendateymi Borgarbókasafnsins sem tekur stefnumarkandi ákvarðanir um starfsemi, rekstur og stefnumótun safnsins.

Hæfniskröfur
- Háskólaprófs á framhaldsstigi (MA/MS) eða; Háskólaprófs á fyrsta stigi (BA/BS) auk mikillar starfs- og stjórnunarreynslu á viðkomandi sérfræðisviði.
- Viðamikil reynsla og þekking á menningarstarfi.
- Haldbær þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar.
- Þekking og/eða reynsla af innleiðingu breytinga.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er kostur.
- Metnaður, frumkvæði, hugmyndaauðgi og sjálfstæði í starfi.
- Færni og geta til að vinna undir álagi og að sinna mörgum viðfangsefnum.
- Færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki.
- Gott vald á íslensku og ensku ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti. Þekking á norðurlandamáli er kostur.
- Nákvæmni, vandvirkni, almenn þekking á tölvunotkun ásamt áhuga og getu til að tileinka sér nýjungar.

Næsti yfirmaður er borgarbókavörður.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið gefur Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður, palina.magnusdottir@reykjavik.is, s. 4116125.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjendur gera grein fyrir hæfni sinni í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 25.5.2020. Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

Sveitarfélagið ÁRBORG

Skólastjóri

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Í skólanum eru 140 nemendur og þar starfa um 30 starfsmenn. Kjörorð skólans er ***Jákvæðni – Metnaður – Virðing – Heiðarleiki.*** Skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, gott samstarf er við leikskólana og áhersla er lögð á góða samvinnu við heimilin.

Skólar og fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar vinna að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, öflug tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfni og hefur mikla reynslu og þekkingu á grunnskólastarfi. Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari, framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun skólastarfs og annað sem skiptir máli.
Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2020.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
- Veita skólanum faglega forystu
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans
- Samstarf við fjölskyldusvið, bæjaryfirvöld og aðila skólasamfélagsins

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræði er mikill kostur
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið
Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/SÍ. Starfshlutfall 100%.
Umsóknarfrestur er til 29.05.2020.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, thorsteinnhj@arborg.is Sími 480-1900.
Umsókn ásamt starfsferilskrá og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins http://starf.arborg.is/storf/Default.aspx

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Sálfræðingur

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða sálfræðing í 50% starf skólaárið 2020-2021.

Hæfnikröfur:
- Háskólapróf í klíniskri sálfræði og starfsréttindi.
- Reynsla af skólastarfi er kostur.


Helstu verkefni og ábyrgð:
- Ráðgjöf og fræðsla til nemenda skólans vegna mála sem tengjast þeirra persónulegu líðan.
- Aðstoða nemendur sem þurfa að komast í sérhæfðari úrræði.
- Samstarf við náms- og starfsráðgjafa vegna mála er tengjast líðan nemenda skólans.
- Ráðgjöf og fræðsla til starfsmanna skólans vegna mála sem tengjast persónulegri líðan nemenda.
- Fræðsla til nemenda skólans t.d. í lífsleikni.
- Þátttaka í áfallateymi skólans.
- Kynna sálfræðiþjónustu skólans, t.d. á kynningarfundum með foreldrum.

Við bjóðum:
- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen starfsmanna – og þróunarstjóri.

Umsóknarfrestur er til 22. maí og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 940 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.



Umsóknarfrestur er til 25. maí nk.

Reykjavíkurborg



Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um*

Teymið sinnir rekstri, eftirliti, nýframkvæmdum, viðhaldi í virkjunum og spennistöðvum á virkjanasvæðum okkar.

Ef þú ert með sveinspróf í rafvirkjun og býrð yfir öryggisvitund, samskiptafærni, frumkvæði, umbótahugsun og reynslu af almennri rafvirkjun þá viljum við heyra frá þér.

Próf í rafiðnfræði er kostur, eins er kostur að vera með reynslu af iðnaðarrafmagni, smáspennu- og háspennurafvirkjun.

Orka náttúrunnar á og rekur þrjár virkjanir sem okkur þykir mjög vænt um. Þær eru jarðgufuvirkjanirnar á Hellisheiði og Nesjavöllum og vatnsaflsvirkjunin í Andakíl, Borgarfirði. Við framleiðum og seljum rafmagn til allra landsmanna, auk þess að framleiða heitt vatn.

Við ætlum okkur að verða kolefnishluthlaus fyrir árið 2030. Leiðarljós okkar er sporlaus vinnsla.

*Þar sem konur eru í miklum minnihluta starfsfólks hjá virkjunum ON hvetjum við þær sérstaklega, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til **29. maí 2020** Allar nánari upplýsingar má finna á: **starf.on.is**

JAFNRÉTTISRÁÐ

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

ON ORKA NÁTTÚRUNNAR

Erum við að leita að þér?



Sérfræðingur í greiningu á fjármálasviði

Pósturinn vill ráða sérfræðing í greiningu til starfa sem sér um sértæk uppgjör og úrvinnslu tölfræðilegra gagna ásamt skýrslugerð. Hann sér um upplýsingagjöf og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna og hefur með hendi eftirlit og frávikagreiningu á rekstri. Hann kemur að umbótum í rekstri og bestun ferla ásamt því að taka þátt í stafrænni innleiðingu nýrra kerfa. Þá tekur hann einnig þátt í vinnu við undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði
- Reynsla af starfi á endurskoðendastofu og/eða í greiningardeild
- Reynsla af skýrslugerð og úrvinnslu tölulegra gagna
- Reynsla af uppgjörum æskileg
- Reynsla af innleiðingu kerfa
- Mjög góð kunnátta í Excel
- Alhliða þekking og reynsla á sviði upplýsingatækni
- Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020.
Sótt er um starfið á vef Póstsins, posturinn.is/atvinna. Umsókn skal fylgja ferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórhildur Ólöf Helgadóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, á netfanginu thorhildurh@postur.is.

PÓSTURINN



ERT ÞÚ HJÚKRUNARFRÆÐINGUR SEM HEFUR ÁHUGA Á AÐ VINNA Í RANNSÓKN Á HEIMSVÍSU?

Auglýst er eftir hjúkrunarfræðingi (e. study nurse/study coordinator) í 80–100% starf við vísindarannsóknina **Blóðskimun til bjargar, skimunarrannsókn og lyfjarannsókn** við Læknadeild Háskóla Íslands. Markmið hennar er að rannsaka árangur skimunar fyrir forstigi mergæxlis. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala, Krabbameinsfélag Íslands, Binding Site í Bretlandi, Memorial Sloan Kettering krabbameinsmiðstöðina í New York og International Myeloma Foundation.

Skimað er fyrir forstigi mergæxlis með blóðprufu og þeim einstaklingum sem greinast með forstig mergæxlis fylgt eftir í klínískri rannsókn. Þátttakendur eru kallaðir inn í frekari rannsóknir og fá eftirfylgd með reglubundnum hætti. Þeim sem greinast með mergæxli er hinsvegar boðið að taka þátt í lyfjarannsókn.

Hjúkrunarfræðingar rannsóknarinnar koma bæði að uppvinnslu og eftirfylgd í skimunarrannsókn og uppvinnslu og meðferð í lyfjarannsókn. Móttaka þátttakenda fer að mestu fram á móttökusetri Blóðskimunar að Skógarhlíð 8, en einnig í tímabundnum móttökustöðvum á landsbyggðinni sem og á LSH Hringbraut. Starfið býður upp á einstaka innsýn og reynslu af rannsóknarvinnu og klínísku starfi.

Blóðskimun er lítill og fjölskylduvænn vinnustaður, þar sem áhersla er lögð á gott starfsumhverfi sem felur í sér möguleika á sveigjanleika og sjálfræði í starfi fyrir samhentan hóp til að vinna að krefjandi verkefnum.

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla af vinnu við vísindaverkefni er kostur
- Þekking á good clinical practice (GCP) er kostur
- Reynsla af hjúkrun krabbameinsveikra og krabbameins-lyfjagjöf er kostur
- Reynsla af því að vinna í teymi
- Sjálfstæð, skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni, nákvæmni, útsjónarsemi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði

Hægt er að sækja um og fá nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ: **www.hi.is/laus_storf**

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Fasteignasali óskast!

Heimili fasteignasala óskar eftir að ráða fasteignasala til starfa.

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir góðri sölutækni, á auðvelt með að vinna sjálfstætt og býr yfir góðum hæfileikum í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta starfað skipulega með öðrum og veitt ábyrga þjónustu í starfi sínu.

Umsækjendur þurfa að vera löggiltir fasteignasalar, eða vera í námi til löggiltingar. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega.

Umsóknum skal skila til Finnboga Hilmarssonar, fasteignasala, á finnbogi@heimili.is sem jafnframt veitir allar frekari upplýsingar.

heimili fasteignasala
– á traustum grunni

LAUS STÖRF
HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

Grunnskólar

- Baðvörður (KK) - Lækjarskóli
- Deildarstjóri - Engidalsskóli
- Deildarstjóri fjölgreinadeildar - Hraunvallaskóli
- Enskukennari - Áslandsskóli
- Heimilisfræðikennsla - Setbergsskóli
- Íþróttakennari - Öldutúnsskóli
- Náms- og starfsráðgjafi - Engidalsskóli
- Náttúrufræðikennari á unglingastigi - Öldutúnsskóli
- Skrifstofustjóri - Skarðshlíðarskóli
- Stærðfræðikennari á unglingastigi - Lækjarskóli
- Umsjónarkennari á miðstigi - Hvaleyrarskóli
- Umsjónarkennari á yngsta stigi - Setbergsskóli
- Umsjónarkennari í Bjargi - Hvaleyrarskóli
- Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
- Þroskaþjálfi - Lækjarskóli
- Þroskaþjálfi í fjölgreinadeild - Hraunvallaskóli

Leikskólar

- Deildarstjóri - Stekkjarás
- Deildarstjóri - Skarðshlíðarleikskóli
- Deildarstjóri - Hraunvallaleikskóli
- Leikskólakennarar - Norðurberg
- Leikskólakennari - Hraunvallaleikskóli
- Leikskólakennari - Hlíðarendi
- Leikskólakennari - Smáralundur
- Sérkennslustjóri - Hlíðarendi

Málefni fatlaðs fólks

- Hlutastarf á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður í athvarf fyrir fólk með geðraskanir - Lækur
- Yfirþroskaþjálfi - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni

Sumarstörf háskólanema

- Sumarstörf við rannsóknir og nýsköpun

Vinnuskóli Hafnarfjarðar

- Biðlisti fyrir 18 ára og eldri
- Sumarstörf fyrir ungmenni fædd 2003
- Vinnuskóli fyrir ungmenni fædd 2004
- Vinnuskóli fyrir ungmenni fædd 2005
- Vinnuskóli fyrir ungmenni fædd 2006

Þjónustu- og þróunarsvið

- Kerfisfræðingur í þróunar- og tölvudeild

Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagins.

Nánar á **hafnarfjordur.is**



HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 hafnarfjordur.is



Sérfræðingur í rekstri hugbúnaðarkerfa

Á **Upplýsingatæknisviði OR** starfa verkefnastjórar, forritarar og aðrir sérfræðingar við að þróa og reka fjölmargar hugbúnaðarlausnir. Við leitum að **jákvæðum** og **lausnamiðuðum** hugbúnaðartemjara til að slást í hópinn.

Hæfniskröfur

- Góð samskiptafærni og geta til að vinna sjálfstætt
- Reynsla og þekking á helstu þjónustum á bak við keyrandi hugbúnaðarkerfi á Windows og Linux, t.d IIS, Nginx, .NET Core, SQL Server, Oracle, Networking, Windows Domains, Active Directory, Azure services og fleira
- Þekking á uppsetningu og frágangi netþjóna fyrir mismunandi hugbúnaðarkerfi
- Þekking á uppsetningu og rekstri lítilla og meðalstórra hugbúnaðarkerfa
- Þekking á ferlum tengdum innleiðingu og rekstri á hugbúnaðarkerfum
- Þekking á uppbyggingu netkerfa
- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði, eða sambærileg reynsla

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

Helstu verkefni

- Tæknileg þjónusta við verkefnastjóra og ábyrgðaraðila hugbúnaðarkerfa (DevOps)
- Ráðgjöf við að koma nýjum hugbúnaðarkerfum í rekstur
- Eftirfylgni með ferlum sem unnir eru í samþættingarlagi
- Eftirlit og rekstur á samþættingarlagi
- Stuðningur við þróunarteymi varðandi þjónustur og frágang á uppsetningu netþjóna
- Uppsetning og þjónusta gagnagrunna (MSSQL og Oracle)

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí 2020.
Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um.*

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

**Þar sem konur eru í miklum minnihluta starfsfólks hjá Upplýsingatæknisviði OR hvetjum við þær sérstaklega, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, til að sækja um.*

Orkuveita Reykjavíkur

VEITUR | GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR | ORKA NÁTTÚRUNNAR | Carbfix

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

Staða **verkefnastjóra**
Sýslumannaráðs er laus til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið f.h. Sýslumannaráðs auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra Sýslumannaráðs. Um er að ræða tímabundið starf til eins árs í 100% stöðugildi, með möguleika á framlengingu. Verkefnastjóri verður Sýslumannaráði til stuðnings við framkvæmd verkefna sem ráðinu eru falin með lögum, auk annarra verkefna sem eru sameiginleg öllum sýslumannsembættum.

Starfið er auglýst án staðsetningar en þó þannig að aðsetur starfsmanns verði á skrifstofu eins sýslumannsembættis.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, tilnefna sýslumenn árlega úr sínum hópi þrjá fulltrúa í Sýslumannaráð. Ráðið hefur það hlutverk að vinna með ráðuneytinu að stefnumótun fyrir sýslumannsembættin í heild og gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum sýslumanna eða löggjöf sem um verkefni þeirra gildir. Þá ber ráðinu jafnframt að vinna að sameiginlegum verkefnum sýslumanna og vera til ráðgjafar um þróun starfs- og upplýsingakerfa embættanna, að annast sameiginlega vefsíðu embættanna og stuðla að símenntun og þjálfun starfsmanna þeirra.

Helstu verkefni eru dagleg umsjón og stýring verkefna, þ. á m. umbótaverkefna varðandi samræmingu þjónustu á landsvísu, þátttaka í stafrænum verkefnum og greiningarvinnu, gerð tíma- og verkefnisáætlana, samskipti við starfsmenn sýslumanna og vera tengiliður við ráðuneytið auk annarra verkefna sem verkefnastjóra eru falin til umsjónar.

Umsækjendur skulu hafa háskólapróf eða aðra framhaldsmenntun sem nýtist í starfi. Reynsla af verkefnastjórnun er skilyrði.

Aðrar hæfniskröfur eru:
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.
- Fagmennska, frumkvæði og drifkraftur.
- Reynsla og þekking á verkefna- og gæðastjórnun.
- Reynsla í breytingastjórnun.
- Reynsla af þjónustustjórnun er kostur.
- Reynsla og þekking á stafrænum verkefnum er kostur.
- Þekking á persónuvernd er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð þekking og/eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er kostur.
- Góð þekking og/eða reynsla af störfum á málefnasviði sýslumanna er kostur.
- Rekstrarþekking og/eða reynsla er kostur.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Laun greiðast samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsóknir skulu berast í gegnum starfatorg.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknarfrestur er til og með **25. maí nk.**

Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá, starfsheiti og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfylli hæfniskröfur fyrir starfið.

Nánari upplýsingar veitir
Guðmundur Bjarni Ragnarsson, lögfræðingur
hjá dómsmálaráðuneytinu, í síma 5459000.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Rannsakandi hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa - umferðarsvið

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) óskar eftir að ráða til starfa rannsakanda við slysarannsóknir á umferðarsviði með starfsstöð í Reykjavík. RNSA starfar samkvæmt ákvæðum laga um rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013 og reglugerðar nr. 763/2013. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.RNSA.is

Helstu verkefni:
Í starfinu fellst m.a. rannsóknir á orsökum umferðarslysa, þar með talið vettvangsrannsóknir og sinnir rannsakandi bakvöktum. Rannsakandi stýrir einstaka rannsóknum hefur umsjón með þeim verkefnum sem þeim tengjast svo sem greiningarvinna við rannsóknir, skýrslugerð og eftirfylgni með þeim tillögum sem lagðar eru fram til úrbóta í öryggismálum.

Æskilegar menntunar og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Hafa þekkingu eða reynslu á starfrækslu, viðhaldi og búnaði ökutæka.
- Þekkja til reglna og laga sem gilda um umferðarmál.
- Hafa reynslu af stjórnun verkefna.
- Mjög góð þekking og færni í rituðu og töluðu máli á íslensku og ensku. Kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg.
- Hafa þekkingu og reynslu af notkun algengustu hugbúnaðarforrita.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Hafa reynslu af stjórnun og færni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum við ríkissjóð.

Um er að ræða fullt starf.

Umsóknir skal senda til Rannsóknarnefndar samgönguslysa, Hús FBSR, Flugvallarvegi 7, 101 Reykjavík eða á netfangið „ thorkell@rnsa.is „

Umsókn þarf að fylgja ferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Þorkell Ágústsson (thorkell@rnsa.is).

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Áætlað er að umsækjandi hefji störf í lok sumars eða samkvæmt samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til 31. maí 2020

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Ríkáhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

MENNTUNARSJÓÐUR Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr

Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur

Sjóðurinn er ætlaður þeim sem hyggja á nám á skólaárinu 2020-2021

Umsókn verður afgreidd þegar öll umbeðin gögn hafa borist og staðfesting hefur fengist á skólavist.

Um er að ræða **styrk til greiðslu skólagjalda** (að ákveðnu hámarki), bókakaupa eða annars sem gerir umsækjanda kleift að stunda og ljúka námi.

Umsóknarfrestur rennur út 25. júní 2020

Umsókn þarf að fylgja
- skattskýrsla síðustu 2ja ára
- staðfesting á námsvist

Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu Menntunarsjóðsins á vef Mæðrastyrksnefndar - **www.maedur.is** -
og Facebook síðu Menntunarsjóðsins.

ÚTBOÐ

Rammasamningsútboð - Þjónusta iðnmeistara

Eftarfarandi útboð á þjónustu iðnmeistara eru komin á tilboðstíma:

21200: Þjónusta iðnmeistara - Almennir kaupendur
- http://utbodsvefur.is/thjonusta-idnmeistara-almennir-kaupendur/

21201: Þjónusta iðnmeistara - Ríkiseignir
- http://utbodsvefur.is/thjonusta-idnmeistara-rikiseignir/

Nánari upplýsingar og útboðsgögn eru aðgengileg í rafræna útboðskerfinu TendSign, á vefslóðinni https://tendsign.is/.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Fasteignaumsjón

HEIMAVELLIR ÖRUGGLEIGA

Heimavellir óska eftir að ráða öflugan starfmann í fasteignaumsjón. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afhenda íbúðir til leigjenda.
- Taka á móti íbúðum sem eru að koma úr leigu og undirbúa íbúðir sem eru að fara í leigu.
- Samskipti við leigjendur.
- Sinna viðhaldi á íbúðum eftir þörfum og samskipti við aðra iðnaðarmenn.
- Eftirlit með sameignum fjölbýlishúsa m.t.t. garðsláttar, snjómoksturs, og annarra tilfallandi mála.
- Aðstoða við rýmingu íbúða.
- Önnur tilfallandi verkefni sem tengjast rekstri fasteignasafns Heimavalla.

Hæfniskröfur

- Fagréttindi á byggingasviði eða tæknimenntun, reynsla af umsjón fasteigna er kostur.
- Góð almenn íslensku- og enskukunnátta, pólskukunnátta er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund.

Umsóknir og fyrirspurnir um starfið skulu sendar á ***gauti@heimavellir.is***.
Umsóknarfrestur er til og með 27. maí nk.

Heimavellir eru einkarekið leigufélag sem starfar á íslenskum leigumarkaði. Heimavellir leigja íbúðir með áherslu á trausta langtímaleigu og við veitum góða og lipra þjónustu. Heimavellir eru með 1.600 íbúðir í leigu að mestu leiti á höfuðborgarsvæðinu og Ásbrú í Reykjanesbæ.

heimavellir.is

FÉLAGSBÚSTAÐIR

Útboð

Félagsbústaðir hf. óska eftir tilboðum í verkið:

Seljahlíð-Utanhússframkvæmdir 2020

Helstar magntölur eru:

Múrviðgerðir og filtun	2.130	m²
Gluggaskipti	180	m²
Glerskipti	480	m²
Endurnýjun á þakdúk	116	m²

Útboðsgögnin verða afhent á rafrænu formi endurgjaldslaust hjá Hnit verkfræðistofu hf. Hafa skal samband í póstfangið olijo@hnit.is frá og með mánudeginum 18. maí n.k.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Hnit verkfræðistofu hf, Háaleitisbraut 58-60, fyrir **mánudaginn 1. júní 2020 klukkan 10:00.** Tilboð verða opnuð á sama stað og tíma. Verklok eru 30. september 2020.

50 HNIT VERKFRÆÐISTOFA

HJÓLIÐ
- VERSLUN
- VIÐGERÐIR

REIÐHJÓLAÞJÓNUSTA SMIÐJUVEGI

Til sölu
Reiðhjólaverkstæði/ verslun

Hjólið reiðhjólaverkstæði og verslun er til sölu fyrir sanngjarnt verð.

Komandi mánuðir eru vertíð í reiðhjólageiranum, hér er tækifæri fyrir dugmikla einstaklinga sem vilja skapa eigin framtíð.

Reksturinn fer fram í leiguhúsnæði við Smiðjuveg í Kópavogi.

Óskað er eftir tilboðum í reksturinn og lager.
Upplýsingar veitir Guðbrandur Jónasson lögg. fasteignas. í síma 896 3328.

Hjúkrunarfræðingur - Heilsueflandi móttökur

Þróunarmiðstöð íslenskar heilsugæslu (ÞÍH) óskar eftir hjúkrunarfræðingi í 100% ótímabundið starf verkefnastjóra við heilsueflandi móttökur (HM).
Upphafsdagur er 1. ágúst nk. eða eftir nánari samkomulagi.
Hlutverk verkefnastjóra er að skipuleggja og stuðla að samræmdu þverfaglegu verklagi, efla og samræma heilsuvernd ásamt þróun gæðavísa, eftirfylgd og endurgjöf.

ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR HEILSUGÆSLU

Helstu verkefni og ábyrgð

- Veita heilsugæslustöðvum faglegan stuðning varðandi HM
- Skipulag og samræming verklags
- Umsjón með að viðkomandi starfsmenn HM fái viðhlítandi þjálfun og kennslu
- Utanumhald skráningar og skýrslugerð
- Leiða þverfaglega innleiðingu HM í heilsugæslu á landsvísu

Umsóknarfrestur er til og með 25.05.2020

Nánari upplýsingar veitir Emil Lárus Sigurðsson,
emil.larus.sigurdsson@heilsugaeslan.is
513-5000



Sjá nánar á www.heilsugaeslan.is undir laus störf og www.starfatorg.is

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2020, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2020 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2020, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. maí 2020

Ríkisskattstjóri	Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Bali XL Verð: 139.000 kr.
Lima 300 Verð:149.000 kr.
Lima 410 Verð: 169.000 kr.
Innifalið í verði Þakklæðning, gólfteppi, svuntur, pumpa, stangir, hælar og taska
Opið 11-18 og laugardaga 12-16
Bæjarhraun 24
Sími: 8634449
Netfang: www.hjolhysi.com

Píplulagnir

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Píplulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is



Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Sláttur-trjáklippingar og grisjun. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjumaður. Uppl. s: 698 1215





Bókhald

Rétta ehf.
Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík, Ísland

GSM. 00354 854 8080
Sími. 00354 516 8080

www.retta.is
olafur@retta.is

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta.

Húsaviðhald

Rúnar múrari
Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna.
s. 780 2838.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

Til sölu

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 105 m2 húsnæði við Smiðjuveg í kópavogi, lofthæð 3,20, innkeyrsluhurð og gönguhurð. Uppl. s: 697-4683

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Húsnæði í boði



JÖRÐIN HOF Í VOPNAFIRÐI.


Þjóðkirkjan - Biskupsstofa auglýsir til leigu jörðina Hof. Jörðin er um 1.700ha að stærð en á jörðinni stendur fallegt 284fm íbúðarhús á tveimur hæðum. Leigusali óskar eftir tilboðum fyrir 30. maí nk. Hlunnindi jarðarinnar eru undanskilin.

Frekari upplýsingar og myndir má nálgast á vef kirkjunnar: www.kirkjan.is

Saunatunnur, klefar og heitir pottar úr sedrusviði sem slegið hafa í gegn á Íslandi!

GÓÐ ÞJÓNUSTA OG GÓÐAR VÖRUR

Sedrusviður gerir gæfumuninn!



Tunnupottur úr sedrusviði

Tegund	Stærð h x þv	Sætafjöldi
450	122 x 152 cm	2 - 4
460	122 x 182 cm	4 - 6
470	122 x 214 cm	5 - 8



Saunatunna úr sedrusviði

Tegund	Stærð þv x l	Sætafjöldi
760	214 x 183 cm	2 - 4
770	214 x 214 cm	4 - 6
780	214 x 244 cm	6 - 8



Panorama sedrus saunatunna

Tegund	Stærð þv x l	Sætafjöldi
760 PV	214 x 182 cm	2 - 4
770 PV	214 x 214 cm	4 - 6
780 PV	214 x 244 cm	6 - 8



Luna útisauna úr sedrusviði

Tegund	Stærð b x l	Sætafjöldi
860LU	244 x 182 cm	2 - 4
870LU	244 x 214 cm	4 - 6
880LU	244 x 244 cm	6 - 8



Pod útisauna úr sedrusviði

Tegund	Stærð	Sætafjöldi
PSMINICL	214 x 214 cm	2 - 4

Kanadísku Dundalk pottarnir og saunaklefarnir eru úr sedrusviði sem fúnar ekki, þarf ekkert viðhald, er sterkur og hentar því einstaklega vel íslenskri veðráttu.
Þess vegna velur þú sedrus!

SAUNA SPA
Fjárfesting í vellíðan
Smiðjuvegi 11 s. 571 3770, pall@sauna.is, sauna.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

worknorth.is
WORK NORTH
HÚSARIF • JARÐVEGSVINNA
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN • MÚRBROT
Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

VP Múrari ehf
Flísalögn, múrviðgerðir og alhliða málningavinna innan og utanhús.
Parketlögn og fleira.
Leitaðu verðtilboða þér að kostnaðarlausu
Sími 766-3597 – vpmurari@gmail.com

MP Verk
Þekking og reynsla
Alhliða verktakar
Smiðir, píparar, málarar, múrarar og rafvirkjar.
orn@mpverk.is sími:782-0100

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

SVEIT Í BORG

Til sölu land með mikla möguleika



Sundabraut er væntanleg. Með tilkomu hennar verða 11 km eða um 8 mínútna akstur í Holtagarða og Sundahöfn.

SÆTÚN VIÐ KOLLAFJÖRÐ KJALARNESI

Til sölu eru lóðir og land í fallegu umhverfi í Reykjavík.
Landið nýtist til fjölbreyttra nota, fyrir atvinnuhúsnæði t.d. lager og geymslu-húsnæði, einbýlishús og hesthús og vinnuaðstöðu nálægt heimili.

Sætún A:
Atvinnulóð við þjóðveginn 3.545 fm að stærð. Núverandi atvinnuhúsnæði á lóð 630 fm. 850 fm. viðbótar-byggingaréttur.

Sætún B:
Atvinnulóð við þjóðveginn 5.546 fm að stærð. Byggingaréttur 2.300 fm. að grunnfleti.Teikningar að 2.900 fm geymsluhúsnæði með 20 bilum um 145 fm hvert með millilofti.

Sætún E:
Stór lóð 2.536 fm undir íbúðar-hús og einnig útihús t.d hest-hús og vinnustofu. 898 fm. byggingareitur og miklir möguleikar. Skógivaxin, m.a. yfir 300 stk. þrjátíu ára birkitré.

Sætún:
52.983 fm. land sem er skilgreint sem jörð (lögbýli). Landið hallar skemmtilega niður að sjó og er með miklu og fallegu útsýni m.a. yfir sjóinn til borgarinnar.

Óskað er eftir tilboðum í eignirnar, í einstaka lóðir eða verkefnið í heild.



Allar upplýsingar veitir
Árni Helgason
Löggiltur fasteignasali
arni@domusnova.is
Sími 663 4290

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN

DOMUSNOVA
Fasteignasala

HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI
SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Guðrún var aðeins 23 ára gömul þegar hún tók við sem forstjóri Kjöríss við skyndilegt fráfall föður hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég held ég hafi ekki klúðrað neinu

Guðrún Hafsteinsdóttir lét á dögunum af formennsku Samtaka iðnaðarins eftir sex ára setu. Guðrún var ekki nema 23 ára þegar hún settist í forstjórastól Kjöríss við heldur dramatískar aðstæður.

Það var mjög sérstakur aðdragandi að því að ég tek við starfi forstjóra Kjöríss aðeins 23 ára gömul árið 1993. Ég hafði skráð mig í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands haustið 1992 en undir lok ágúst kemur pabbi að máli við mig og býður mér starf sem hans hægri hönd við fjölskyldufyrirtækið Kjörís.

Þetta var týpískt fjölskyldufyrirtæki þar sem pabbi var allt í öllu, með tékkheftið í rassvasanum og allar uppskriftir og sambönd við birgja, hvort sem var heima eða erlendis, í kollinum. Þegar þarna er komið er hann farið að langa að eignast meiri tíma til annarra hugðarefna.“

Faðir Guðrúnar, Hafsteinn Kristinsson einn stofnenda Kjöríss, býður henni að taka við fjármálum, innkaupum og markaðsmálum fyrirtækisins. „Þegar ég bendi honum á að tímasetningin sé ekki góð því ég sé á leið í háskólanám svarar hann: „Háskólinn fer ekki neitt en ég mun aldrei bjóða þér þetta aftur.“ Ég fékk að sofa á þessu og veit ekki nákvæmlega af hverju en ég sagðist ætla að kýla á þetta.“

Sat á móti pabba heilan vetur

Undir eins var skrifstofu forstjórans breytt og dóttir hans fékk sinn stað. „Hann var með stórt leðursófasett fyrir framan skrifborð sitt sem hann burðaðist með út og náði í gamalt skrifborð sem hann stillti upp beint á móti sínu.“

Þannig sátu feðginin á móti hvort öðru allan veturinn. „Pabbi hafði alltaf verið virkur í pólitík og skrifstofan hans var eins konar félagsheimili fyrir karlana í Hveragerði þar sem Bragi í Eden og fleiri hittust og ræddu hvernig ætti að stýra landinu og svo framvegis. Þegar þessir karlar fóru svo að mæta og sáu mig sitja þarna inni spígsporuðu þeir, þeir voru líklega að bíða eftir því að pabbi myndi vísa mér út – sem hann gerði aldrei. Hann henti í mig tékkheftinu fyrsta daginn og sagði: „Jæja, nú sérð þú um að borga reikninga.“ Svo þetta var mikið meiri skóli þennan vetur en ég hefði fengið í háskólanum.

Svo gerist það 18. apríl 1993 að pabbi varð bráðkvaddur. Við höfðum unnið saman í um níu mánuði þegar hann fær fyrirvaralaust heilablóðfall og deyr samstundis, aðeins 59 ára gamall.“

Þarna var Guðrún rétt nýorðin 23 ára gömul og lífsins skóli svo sannarlega búinn að kenna henni eitt og annað. „Ég var gríðarlega þakklát fyrir að hafa tekið þessu tækifæri og ekki síst fyrir að hafa varið hverjum degi með pabba síðustu mánuðina hans á lífi.

Ákveðin í að synda og ná landi

Þegar maður lendir í svona áfalli er mikilvægt að horfa líka til þess hvað maður getur tekið jákvætt út úr því. Ég ákvað frekar snemma að líta á andlát pabba sem hans síðustu gjöf til okkar systkinanna. Það er ofboðslega dýrmætt að læra svona ungur hvað það er sem raunverulega skiptir máli. Að læra það 23 ára gömul að veraldlegir hlutir skipta mann bara ekki máli.“

Guðrún kemur úr fjögurra systkina hópi og segir þau öll þannig innréttuð. „Bæði fengum við það í vöggugjöf en ég held að verðmætamat okkar hafi breyst þarna. Það breytir lífinu að kveðja ástvini sína of snemma.“

Guðrúnu gafst lítill tími til að syrgja föður sinn enda þurfti hún að stýra fyrirtækinu og næstu misseri voru ákveðin eldskírn. „Ég lærði líka að það getur falist ofboðsleg lækning í vinnu. Ég var inni á hans skrifstofu, í hans umhverfi og í lífinu hans – en ég þurfti auðvitað að vinna nánast allan sólarhringinn til að krafla mig út úr þessu.

Ég hitti pabba síðast á föstudagseftirmiðdegi og á mánudeginum stóð ég uppi á kaffistofu og tilkynnti starfsmönnum að hann væri fallinn frá, og ég tekin við.

> TAKTU AÐ ÞÉR VERKEFNI OG MIKIÐ MÁTTU VERA LÉLEG EF ÞÚ KLÚÐRAR ÞESSU. SYNTU!

Þarna voru starfsmenn sem mundu daginn sem ég fæddist. Ég held að þeir hafi innst inni ekkert litið á mig sem forstjóra, ég var bara Guðrún. En það sem bjargaði mér var að starfsfólkið okkar var stórkostlegt og að ég held mjög meðvitað um það í hvaða aðstöðu ég var. Í minningunni finnst mér þau hafa borið mig á höndum sér.“

En það var ekki aðeins hinn innri rekstur sem var á Guðrúnar höndum heldur auðvitað öll önnur starfsemi. „Ég man vel eftir að hafa farið á fund Jóhannesar í Bónus til að ræða kaup og kjör. Þegar hann leit upp og sá mig, varð hann hálf undrandi og fannst örugglega sem einhver krakki væri mættur.

Ég var ung og reynslulaus en ákveðin í að standa mig vel. Ég ætlaði bara að synda og synda og komast að landi.“

Guðrún verður síðan barnshafandi mitt í þessu öllu sem var ekki á planinu. „Þegar maður er kominn í þessar aðstæður klikkar maður á einhverjum sviðum,“ segir hún og skellir upp úr. „Þá tók bróðir minn við og hefur verið forstjóri síðan og ég hef séð um markaðsmálin ásamt fleiri verkefnum.“

Mun aldrei kljúfa fjölskylduna

Fljótt fóru fyrirtækjasalar að falast eftir fyrirtækinu. Þá þurfti að hugsa hratt. „Ekki síst mamma sem var í mestu sorginni. Hún ákvað fljótt að við ætluðum að eiga þetta fyrirtæki og reka það áfram – eins og hún sagði: „Í minningu pabba ykkar.“

Þegar við tökum á móti gestum tölum við mikið um hann því við erum trú þessu loforði til hennar og trúum því að andi hans svífi yfir vötnum. Hún sagði jafnframt við okkur systkinin: „Um leið og þið farið að rífast, þá mun ég selja – ég mun aldrei láta þetta fyrirtæki kljúfa fjölskylduna. Svo við rífumst ekki. Því þá verðum við atvinnulaus,“ segir Guðrún og hlær.

„Mamma tók við stjórnarformennsku við andlát pabba svo við erum eitt af fáum fyrirtækjum hér á landi með kvennastjórn. Er lög um jöfn kynjahlutföll í stjórnum voru

Framhald á síðu 30 ▶


NIVEA
SUN
UV FACE
SOOTHING
SENSITIVE
0%
STICKY
FEELING
50 HIGH
UVA UVB
NJÓTTU
SÓLARINNAR
ÁHYGGJULAUS



Guðrún segist óhrædd við að taka að sér verkefni. „Strákarnir kasta sér oft ósyndir í djúpu laugina og troða síðan bara marvaða. Við eigum að gera þetta líka.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af síðu 28 ◄

sett vorum við eitt sárafárra fyrirtækja þar sem konur voru í meirihluta enda sitjum við systurnar þrjár allar í stjórn.“

Fjölskyldan býr öll á sömu þúfunni í Hveragerði rétt hjá fyrirtækinu og það er mikill samgangur þeirra á milli.

„Mamma hefur verið hryggjarstykkið og gert okkur kleift að sinna okkar störfum. Það er ómetanlegt og ég held að ekkert okkar væri á þeim stað sem við erum ef hennar framlags hefði ekki notið við. Þegar mamma þurfti að fara í mjaðmaskiptaaðgerð fyrir nokkrum árum fékk hún að heyra að hún yrði sett á þriggja ára biðlista því vegna aldurs væri hún ekki þjóðhagslega hagkvæm. Við systur vorum svo sannarlega ósammála þeirri greiningu.“

Á móti aldursflokkun fólks

Meðfram formennsku sinni hjá Samtökum iðnaðarins hefur Guðrún sinnt formennsku fyrir Lífeyrissjóð verslunarmanna og Landssamtök lífeyrissjóða.

„Ég er á móti því að við flokkum fólk og það sé ákveðið að þú megir ekki vinna eftir einhvern ákveðinn aldur, ef einhver vill þiggja þína starfsorku og þú sjálfur treystir þér til, finnst mér að fólk eigi að fá að ráða þessu sjálft. Joe Biden, sem vill verða forseti Bandaríkjanna, er 78 ára og fáir tala um að hann sé of gamall í starfið. “

Guðrún lét af formennsku í Samtökum iðnaðarins á dögunum eftir sex ára setu en samkvæmt lögum samtakanna getur formaður ekki setið lengur. „Ég hef þurft að bjóða mig fram árlega og hlotið kosningu svo ég hef ekkert gengið að formennskunni vísri. Þetta er búinn að vera rosalega góður tími og það er gott fyrir svona samtök að það sé eðlileg endurnýjun rétt eins og er árlega í stjórninni.“

Umhverfismálin mikilvæg

Aðspurð segist Guðrún ekki vera ákveðin í hvar hennar félagsmálakraftar finni sér farveg þegar hún lætur af formennsku. „Ég hef oft verið spurð að því hvernig ég nenni að standa í þessu og það sem er ótrúlegast er að það eru eiginlega bara konur sem spyrja. Ég hef eiginlega svarað öllum eins, að ef maður hefur áhuga á viðskiptum og á því samfélagi sem maður lifir og starfar í og nýtur þess að vera innan um fólk þá er þetta algjört draumastarf. Ég held að það sé bara gott að hætta núna, ég held ég hafi ekki klúðrað neinu.“

Þegar Guðrún er spurð út í stöðu iðnaðar hér á landi svarar hún að í sínum störfum hafi hún helst lagt áherslu á menntun, nýsköpun, umhverfismál og loftslagsmál. „Þetta er allt hægt að tengja saman. Síðustu misseri höfum við fundið fyrir því að framleiðsla á Íslandi hefur átt undir högg að sækja og það er mikið áhyggjuefni. Nú í þessum hremmingum finnum við aftur á móti meiri samslátt með innlendri framleiðslu en oft áður. Almenningur gerir sér betur grein fyrir mikilvægi hennar og þá sérstaklega matvælaframleiðslunnar.

Í mínum huga er þetta mikið meira umhverfismál en nokkuð annað. Af hverju reynum við ekki að nota þær gjafir sem okkur eru gefnar til að framleiða það sem við getum hér og spara þannig ærinn flutningskostnað, gjaldeyri og kolefnisspor?

Ég hef einnig verulegar áhyggjur af stöðu stóriðjunnar. Við erum ekki samkeppnishæf í raforkuverði miðað við löndin í kringum okkur svo staða stóriðjunnar er slæm. Ég fagna því að Landsvirkjun hefur lækkað verð til stórnotenda og þannig komið til móts við þau fyrirtæki.

Við erum minnt á það núna að við erum algjörlega háð útlöndum. Ef við ætlum að halda uppi öflugu velferðarkerfi verðum við að búa til útflutningstekjur. Við verðum að leggja áherslu á menntun og hlúa að nýsköpun til að búa til fleiri stoðir. Heilt yfir er ég mjög sátt við aðgerðir ríkisstjórnarinnar en auðvitað er staðan grafalvarleg. Hver hefði getað séð fyrir að hér yrðu um sextíu þúsund manns án atvinnu?“

Versti kosturinn að gera ekkert

Eins og fyrr segir situr Guðrún í stjórn næststærsta lífeyrissjóðs landsins, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, og fer jafnframt með formennsku í Landssamtökum lífeyrissjóða en hvert er að hennar mati hlutverk lífeyrissjóðanna í endurreisn atvinnulífsins?

„Lífeyrissjóðirnir hafa alltaf tekið það hlutverk alvarlega að styðja við íslenskt atvinnulíf og það má kannski segja að það hafi að hluta til verið hornsteinn lífeyrissjóðakerfisins. Við getum ekki horft fram hjá því að lífeyrissjóðir eru stærstu fjárfestar á Íslandi í dag, það streymir fé inn í sjóðina frá landsmönnum og það hlýtur að vera hagur landsmanna að byggja hér upp fleiri störf eða tryggja störfin.

Nú erum við hvött til að fjárfesta í nýsköpun og við vitum að þar er áhættan meiri og þess vegna hentar það sjóðunum betur að fara inn í gegnum sjóði. Fjárfesting í nýsköpun er áhættusöm og því er hætt við að gagnrýni á slíkar fjárfestingar verði meiri en ella. En verum samt minnug þess að það er eðli fjárfestinga. Sumt gengur betur en annað en að gera ekki neitt það er alltaf versti kosturinn. Sjóðirnir eru komnir með um 40 prósent eigna sinna í útlöndum sem mér finnst mjög gott, en ég get líka sagt á móti af hverju viljum við byggja upp atvinnulífið í öðrum löndum en ekki okkar?“

Sögusagnir hafa verið á kreiki um að Guðrún stefni í pólitík en systir Guðrúnar, Aldís Hafsteinsdóttir, er bæjarstjóri Hveragerðis fyrir Sjálfstæðisflokkinn. „Ég hef aldrei leitt hugann að pólitískum ferli. Ég er mjög stolt af systur minni og þeirri staðreynd að hún er nú á sínu fjórða kjörtímabili sem bæjarstjóri og að það er kynslóð í Hveragerði sem hefur alist upp við að það sé kvennastarf. Ég hef verið mikill stuðningsmaður hennar og litið svo á að hún sjái um þessa hlið í fjölskyldunni.

Ég ætla þó ekkert að neita því að einhverjir hafa spurt mig, en minn metnaður hefur ekki legið þar. Ég held að það sé erfitt fyrir fólk úr atvinnulífinu að koma inn í umhverfið á Alþingi þar sem hlutirnir ganga oft og tíðum hægar.“

> SVO GERIST ÞAÐ 18. APRÍL 1993 AÐ PABBI VERÐUR BRÁÐKVADDUR. VIÐ HÖFÐUM UNNIÐ SAMAN Í UM NÍU MÁNUÐI ÞEGAR HANN FÆR FYRIRVARALAUST HEILABLÓÐFALL OG DEYR SAMSTUNDIS, AÐEINS 59 ÁRA GAMALL.

Hættið að segja nei

Guðrún er óhrædd við að taka að sér verkefni og segist oft hafa verið fengin til að tala við kvennahópa. „Ég hef þá sagt við þær: „Hættið að segja nei og hættið að efast. Strákarnir kasta sér oft ósyndir í djúpu laugina og troða síðan bara marvaða. Við eigum að gera þetta líka.“ Ég lifi svolítið eftir þessu mottói: Taktu að þér verkefni og mikið máttu vera léleg ef þú klúðrar þessu. Syntu! Það var kannski það sem ég lærði þarna 23 ára.

Mér finnst mikilvægt í atvinnulífinu að allir hafi hlutverk. Líka þeir sem eru með skerta starfsgetu. Ég er alin upp við að vinnan göfgar manninn, mér finnst gaman að vinna og vinnan skiptir mig máli, að ég eigi eitthvert hlutverk. Því hugsa ég oft, hvernig líður fólki sem hefur ekki þetta hlutverk? Vinnan er svo stór hluti af okkur.“

Guðrún viðurkennir að mörkin milli vinnu og einkalífs séu oft óskýr. „Ég bý við hliðina á Kjöris og var þar til dæmis til miðnættis í gærkvöldi. Ég er alin upp í þessu húsi. Það er engin aðgreining í mínu sjálfi og mér líður ekki eins og ég sé í vinnunni. Ég get gengið um húsið blindandi. Ég tel ekki vinnustundirnar sem ég vann fyrir samtökin eða lífeyrissjóðina, mér er alveg sama. Ef ég færi að taka upp á því kæmist ég líklega að því að ég væri á lélegu kaupi og yrði fúl. En ég er bara alsæl með þetta eins og það er,“ segir Guðrún í léttum tón.

Eignaðist kærasta í árshófinu

Guðrún hóf nýverið sambúð með Hans Kristjáni Einarssyni Hagerup gullsmiði. „Ég var einmitt að ræða við vinkonu mína í gær um tímamótin sem ég stend á og sagðist kveðja samtökin sátt og bætti svo við að þegar ég liti yfir þennan feril þegar fram líða stundir þá verður líklega það sem stendur upp úr að ég eignaðist kærasta,“ segir Guðrún og hlær en þau Hans kynntust í árshófi Samtaka iðnaðarins þar sem hann er félagsmaður. „Við tókum það rólega framan af en hann er fluttur til Hveragerðis svo máttur minn er mikill.“

Þegar við kynntumst hafði ég verið skilin í nokkur ár og leið alltaf betur og betur ein og óttaðist svolítið að gefa sjálfstæðið eftir. En hann er yndislegur og ég nýt mjög samvistanna með honum. Hann kemur með þætti inn í mína tilveru sem gera mér gott. Hann lifir ekki og hrærist í sama umhverfi og ég, hann er í skapandi umhverfi. En þó að hann sé í listsköpun þá held ég því einnig fram að atvinnulífið sé afskaplega skapandi heimur.“

Guðrún og Hans eiga hvort um sig þrjú börnin en aðeins einn sonur Guðrúnar býr enn á heimilinu, hin eru flutt að heiman. „Ég er nýorðin fimmtug og mér finnst mér aldrei hafa liðið betur. Það er alveg ótrúlega skemmtilegt að verða fimmtug og ekki sjálfgefið að fá að eldast. Ég er farin að setjast í eigin skinni og óhræddari við að segja það sem mér finnst og hugsa lítið út í það hvað öðrum finnst um mig sem er mikið frelsi.“

bauhaus.is

BAUHAUS®

Eitt mesta úrval landsins af grillum og grillaukahlutum!



68.995.- ~~79.795.-~~

Gasgrill Q3200
2 brennarar, 6,36 kW. Grillflötur 63 x 46 cm. Grillgrind úr porselínglerungshúðuðu steypujárni. Rafrænn kveikjari. Innbyggður hitamælir. Lok og botn úr áli. Opinn vagn.

Yfirbreiðsla.....9.995.-



124.995.-

Gasgrill Ascona 570 G
2 brennarar, 9,7 kW. Grillflötur: 54 cm í þvermál. Snúanleg postulínshúðuð trekt fyrir beina og óbeina grillun. Lok með innbyggðum hitamæli. Hliðarborð úr massívu tré.

Yfirbreiðsla.....10.495.-



99.995.-

Gasgrill Rogue 425
3 brennarar, 12,5 kW. Grillflötur: 60 x 46 cm. Snúanlegar grillgrindur úr steypujárni. Svart porselínglerungshúðað lok. Innbyggður hitamælir. Niðurfellanleg hliðarborð.

GERÐU GARÐINN KLÁRAN MEÐ BAUHAUS!

Auglýst verð gildir til og með mánudeginum **8. júní.**



Verð frá

129.995.-

Eitt mesta úrval landsins af slátturóbótum, margar týpur í boði.



29.995.-

Höggborvél
DCD778S2T-QW. Sterk og meðfærileg 18 V XR Li-Ion borvél fyrir öll verkefni. Með tveimur hraðastillingum. 2 x 1,5 Ahrafhlöður, hraðhleðslutæki og taska fylgja.



84.995.-

Bensínsláttuvél
Makita PLM4621N. 190 cc B&S 65. 60 l. safnskúffa. Sláttubreidd 46 cm. Sláttuhæð 20-75 mm. Þyngd 33,8 kg.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

16. MAÍ 2020 LAUGARDAGUR

Merkisatburðir

1966 Verslunin Karnabær er opnuð í Reykjavík og fer að hafa áhrif á tísku og klæðaburð ungs fólks á Íslandi.

1983 Vikublaðið Andrés önd kemur út á íslensku í fyrsta sinn. Fram að því höfðu Íslendingar lesið það á dönsku.

2000 Landspítali verður til við samruna Landspítalans og Borgarspítalans.

2002 Haraldur Örn Ólafsson nær á tind Everestfjalls og hefur þá klifið hæstu tinda allra heimsálfanna og komist á bæði skautin.



Jóhanna Guðrún ásamt höfundum lagsins.

2009 Jóhanna Guðrún nær öðru sæti í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu Is it true.



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Zophanía G. Briem

(Góa)

Hvassaleiti 56,

lést á hjúkrunarheimilinu Eirarholti miðvikudaginn 13. maí.

Svanborg Briem — **Bragi Ólafsson**
Lida Briem
Einar Jón Briem — **Anna Jóna Jóhannsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Kærar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Hildar Björnsdóttur

Sérstakar þakkir sendum við Heimahlynningunni á Akureyri og Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis.

Yngvi Hrafn Pétursson
Helena Guðlaug Bjarnadóttir
Inga Gerða Pétursdóttir
Jón Ágúst Guðmundsson
Jón Sigurbjörn Pétursson
og barnabörn.



Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



„Aðferðin sem við erum að þróa notar gervigreind til að finna breytileika í heilanum,“ segir Lotta María. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verðlaunahafi í nýsköpun

Lotta María Ellingsen fór fyrir teymi sem vann Vísinda- og nýsköpunarkeppni Háskóla Íslands með því að tefla fram tóli sem mögulega getur auðveldað greiningu á heilabilun.

Tækið sem við erum að þróa er sérstakt tölvuforrit, sem byggir á gervigreind. Það les segulómmyndir af heila og skilar nýjum og næmum upplýsingum úr þeim á sjálfvirkan hátt. Þær upplýsingar geta mögulega flýtt fyrir greiningu á heilabilunarsjúkdómum og aðstoðað við að finna þá sjúkdóma sem eru meðhöndlanlegir á byrjunarstigi, eins og fullorðinsvatnshöfuð. Það er mjög vangreindur sjúkdómur í dag, því það er svo erfitt að greina hann.

Þetta segir Lotta María Ellingsen, dósent við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands. Hún, ásamt þeim Hans Emil Atlasyni, doktorsnema í sömu deild, og Áskeli Löve, lektor við Læknadeild og taugaröntgenlækni á Landspítala, tók þátt í Vísinda- og nýsköpunarkeppni Háskólans í vikunni í flokknum Tækni og framfarir og sigraði ekki bara þann flokk heldur samkeppnina í heild. Verðlaunafé var samanlagt þrjár milljónir sem aðstandendur fengu. Lotta segir það muni nýtast til að vinna að verkefninu áfram.

Fleiri verðlaun voru veitt

Alls bárust 38 tillögur í samkeppni til Vísinda- og nýsköpunarverðlauna Hí. Þrenn verðlaun voru veitt auk aðalverðlaunanna: í flokkunum Heilsa og heilbrigði og Samfélag og einnig sérstök Hvatningarverðlaun.

„Í okkar nýja tæki einblínum við á ákveðin svæði í heilanum sem hafa sýnt sig að vera tengd heilabilunarsjúkdómum. Bæði stækkuð heilahólf og hvítavefsbreytingar geta verið einkenni slíkra sjúkdóma,“ segir Lotta. Hún segir rannsóknaraðferðir með tækinu mun hraðvirkari en þær sem áður hafi þekkst og þegar notendavænt viðmót hafi verið þróað geri tækið læknum á spítölum kleift að fá nýjar upplýsingar í rauntíma úr segulómmyndum, sem þeir þegar hafa. Það muni því spara tíma og hjálpa læknum að taka upplýstari ákvarðanir en mögulegt er nú.

„Lítið er vitað í dag hvernig heilahrörnunarsjúkdómar byrja. Aðferðin sem við erum að þróa notar gervigreind til að finna breytileika í heilanum sem þessir sjúkdómar valda og getur þannig hjálpað okkur að finna þá fyrr. Það gæti líka hjálpað til við að finna meingerð þeirra og leiða til þróunar í lækningum á þeim,“ segir Lotta sem kveðst hafa stundað þessa þróunarvinnu frá árinu 2015, er hún var rannsóknarprófessor við Johns Hopkins háskólann í Baltimore í Bandaríkjunum. „Ég er enn í samstarfi með læknunum við spítalann þar, ekki síst við að reyna að skilja betur þessa meðhöndlanlegu heilabilun sem kallast fullorðinsvatnshöfuð.

Eftir að Lotta flutti til Íslands 2017 fékk hún Hans Emil doktorsnema til að vinna með sér. „Hans hefur verið að þróa aðferðir sem finna hvítavefsbreytingar í heilanum og fleira, undir minni leiðsögn,“ segir hún. „Svo er hann Áskell Löve röntgenlæknir að hjálpa okkur að nákvæmnisprófa aðferðina og benda okkur á hvað væri gagnlegt fyrir starfandi röntgenlækna. Það er mikilvægt í svona vinnu að hafa sérfræðiþekkinguna á öllum vígstöðvum.“

gun@frettabladid.is



†

Elsku faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir, mágur og frændi,

Haukur Þorkelsson

frá Hellissandi, síðast til heimilis að hjúkrunarheimilinu Sólvangi, Hafnarfirði,

lést þann 5. maí síðastliðinn.

Bjarni Hauksson — **Anna Sobolewska**
Haukur Hauksson — **Veronika Björklund**
Kristján Hauksson — **Maria Babkin**
Sigríður Kling
Baldur Bjarnason
Ragnar Bjarnason — **Jonathan Bjarnason**
Kristján Þorkelsson — **Sigríður Markúsdóttir**
Ásta Gestsdóttir, Auðbjörg Friðgeirsdóttir, fjölskyldur, frændfólk og aðrir aðstandendur.



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður Magnúsdóttir

Laugarhvammi,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki, laugardaginn 9. maí. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju, föstudaginn 29. maí, kl. 14. Jarðsett verður í Reykjakirkjugarði. Streymt verður á facebook-síðu kirkjunnar og útvarpað í nærumhverfi hennar á FM 107,2.

Erling Jóhannesson — **Hulda Garðarsdóttir**
Helgi Friðriksson — **Sigríður Viggósdóttir**
Sigurður Friðriksson — **Klara Jónsdóttir**
Jónína Friðriksdóttir — **Stefán Sigurðsson**
Sólveig Friðriksdóttir — **Kolbeinn Erlendsson**
Friðrik Rúnar Friðriksson — **Jóhanna Sigurðardóttir**
og fjölskyldur.



Karl Birgir og Halldóra notuðu auða tímann til að snurfusa í kringum sig á hinu glæsta setri við Hrútafjörðinn.

Algert Covid-frí á Reykjum

Starfsemi skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði hrökk í gang, eftir sjö vikna dvala, um leið og kennsla fór á fullt í landinu. Þar er Covid-faraldur ekki á dagskrá.

Við stoppuðum alveg frá 13. mars til 4. maí og það var gaman að byrja aftur, segir Karl Birgir Örvarsson sem rekur skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði, ásamt konu sinni Halldóru Árnadóttur. „Við settum allt starfsfólkið á 25% leiðina og notuðum tímann til að snurfusa kringum okkur. Sem betur fór vildu skólarnir sem áttu pantað í maí alls ekki að nemendur þeirra misstu af dvöl hér og við verðum með búðirnar til 5. júní. Samkvæmt reglum eru bara kennarar með, engir foreldrar eða aðrir gestir."

Karl segir alla stálslegna í blíðunni í Hrútafirði. „Og heldurðu að það sé ekki bara logn!" segir hann hlæjandi. „Félagar mínir gera nú stundum grín að mér þegar ég sendi héðan myndir og fjörðurinn er spegilsléttur. „Hva, ertu orðinn svona góður í Photoshop?" segja þeir!"

> Þetta eru tólf og þrettán ára krakkar, mjög skemmtilegur aldur og móttækilegur fyrir útiveru og ævintýri í sveitinni.

Karl og Halldóra hafa verið með ferða- og veisluþjónustu yfir sumarið en Karl segir marga hópa hafa hætt við þetta sumarið. „Ég er að lesa það í gegnum samtal mitt við fólk að það er orðið hrætt við einhverja seinni bylgju af veirunni. Kannski er maður kominn svo langt út í sveit að finnast þetta óþarfa varúð, ég veit það ekki. Veit bara að í skólabúðunum er fyrsta daginn bent á þrifnað, handþvott og spritt og við sjáum að allir krakkar eru orðnir meðvitaðir um slíkt. Svo orðum við Covid ekki meira. Hér er algert frí frá því. Ekkert horft á sjónvarp og krakkarnir fá ekki að vera með síma. Þau eru bara úti að leika og stunda íþróttir og fræðast gegnum upplifun, byggðasafnið og fjöruna. Þetta eru tólf og þrettán ára krakkar, mjög skemmtilegur aldur og móttækilegur fyrir útiveru og ævintýri í sveitinni." **gun@frettabladid.is**



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og aðstoð við andlát og útför okkar ástkæru,

Kristínar Ragnarsdóttur

Garðabraut 2a, Akranesi.

Grettir Ásmundur Hákonarson
Fríða Ragnarsdóttir **Ásgeir Rafn Guðmundsson**
Ragna Ragnarsdóttir **Helgi Þröstur Guðnason**
Birna Ragnarsdóttir **Kristinn Eiríksson**
Leó Ragnarsson **Halldóra S. Gylfadóttir**



Elskuleg systir okkar,

Edda Margrét Kjartansdóttir

Ægisgrund 19, Garðabæ,

lést þriðjudaginn 5. maí sl. á Landspítalanum í Fossvogi.
Í ljósi aðstæðna verða eingöngu nánasta fjölskylda og vinir viðstödd útförina, sem fer fram miðvikudaginn 20. maí.

Daníel Jón Kjartansson
Alda Kjartansdóttir
Ómar Kjartansson **Ragnheiður M. Blöndal**
Súsanna Kjartansdóttir **Jakob Halldórsson**
Sigríður Kjartansdóttir
Kjartan Kjartansson **Ásta Lára Sigurðardóttir**
Anne Marie J. Kristjánsdóttir **Friðjón Örn Guðmundsson**
Karen Soffía Kristjánsdóttir
og fjölskyldur.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Erla Víglundsdóttir

Vestmannaeyjum,

lést 9. maí á hjartadeild Landspítalans v/Hringbraut.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Friðrik Helgi Ragnarsson
Sigurður Vignir Friðriksson
Vilborg Friðriksdóttir **Sigmar Þröstur Óskarsson**
og ömmubörnin.



Bróðir okkar,

Hörður Sigtryggsson

áður til heimilis að Tröllagili 14, Akureyri,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð, laugardaginn 2. maí.
Vegna aðstæðna í samfélaginu mun útförin fara fram í kyrrþey. Starfsfólki Víðihlíðar eru færðar alúðarþakkir fyrir einstaka aðhlynningu í krefjandi aðstæðum.

Heimir Sigtryggsson
Guðrún H. Sigtryggsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Þórgnýr Þórhallsson

frá Stóra-Hamri,
Suðurbyggð 2, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 13. maí.
Innilegar þakkir til starfsfólks á Beykihlíð fyrir hlýja umönnun.

Hekla Ragnarsdóttir
Guðrún Ösp Þórgnýsdóttir
Dagný Björk Þórgnýsdóttir **Sverrir Konráðsson**
Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Hekla Björt Helgadóttir
Þórgnýr Inguson
Edda Rún Sverrisdóttir
Guðrún Lóa Sverrisdóttir



Sonur minn, eiginmaður, faðir og fósturfaðir,

Kristján Ó. Kristjánsson

verktaki,
Háagerði í Grímsnesi,

lést sunnudaginn 3. maí.
Vegna aðstæðna mun útförin fara fram síðar.

Fyrir hönd annarra aðstandenda,

Kristín Ásta Egilsdóttir
Kristín Konráðsdóttir
Ólöf Kristín Kristjánsdóttir
Benedikt Kristjánsson
Friðrik Kristjánsson
Margrét Kristjánsdóttir
Eva Björg Sigurðardóttir



Okkar ástkæri,

Salberg Jóhannsson

lést að heimili sínu í Seattle BNA, laugardaginn 9. maí sl. eftir langvarandi veikindi. Jarðarförin fer fram í kyrrþey en minningarathöfn verður haldin hér heima þegar aðstæður leyfa.

Melanie Jóhannsson
Guðmundur Hermann Salbergsson
Vildís Inga Salbergsdóttir
Jóhann Jökull Salbergsson
Unnur Eva Ernudóttir
Elísabet Sól Guðmundsdóttir
Jóhann G. Hálfdanarson **Vilhelmína Þ. Salbergsdóttir**
Þorgeir Jóhannsson



Elskulegi sambýlismaður minn og besti vinur, pabbi, tengdapabbi, afi og langafi,

Ólafur Finnbogason

Grænlandsleið 33,

lést á líknardeild Landspítalans, mánudaginn 11. maí.
Útförin fer fram í kyrrþey sökum aðstæðna.

Rannveig Ósk Agnarsdóttir
Arnar Þór Ólafsson **Adda Magný Þorsteinsdóttir**
Lena Haraldsdóttir **Sveinn Reynisson**
Valgeir Ólafur Flosason **Karen Svendsen**
barnabörn og barnabarnabarn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Svava Jónsdóttir


Boðaþingi 24,

lést miðvikudaginn 13. maí á hjúkrunarheimilinu við Sléttuveg í Fossvogi.

Grímur Antonsson **Björg Freysdóttir**
Guðrún Clausen
Gísli Antonsson **Aðalbjörg Katrín Helgadóttir**
Rúnar Antonsson **Guðlaug Hrönn Gunnarsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




Lausnarorð síðustu viku var

SKRÍNUKOSTUR

S	O	K	K	I	N	N	■	H	■	Æ	■	Þ	O	L	F	A	L	L	I
P	■	O	■	■	■	Æ	R	L	E	G	I	R	■	J	■	X	■	É	■
O	R	K	U	B	Ú	S	■	J	■	I	■	Í	■	Ó	G	L	A	T	T
R	■	H	■	R	■	T	■	Ó	M	S	T	R	Í	Ð	■	A	■	T	■
T	Á	R	F	E	L	L	I	Ð	■	N	■	É	■	A	■	R	I	F	A
S	■	A	■	I	■	I	■	F	L	Á	T	T	S	K	A	P	■	Æ	■
O	F	U	R	M	A	Ð	U	R	■	L	■	T	■	V	■	O	K	R	A
K	■	S	■	A	■	I	■	Á	T	A	K	A	V	E	R	K	■	■	L
K	Á	T	Í	N	U	N	N	A	R	■	A	■	■	R	Ó	A	N	D	I
A	■	A	■	D	■	N	■	■	A	F	L	O	K	I	N	■	O	■	N
R	E	N	N	I	H	I	L	L	U	■	L	■	V	■	A	■	T	■	L
■	L	■	■	■	Á	■	E	■	S	T	A	Ð	A	R	B	L	A	Ð	A
A	L	F	R	Æ	Ð	I	R	I	T	■	R	■	R	■	Æ	■	N	■	N
■	I	■	E	■	S	■	K	■	B	L	A	Ð	K	Á	L	■	D	■	G
Ó	G	Æ	F	U	Á	R	I	■	Y	■	N	■	A	L	I	N	A	U	T
■	E	■	S	■	D	■	B	O	G	N	A	Ð	R	A	■	Ý	■	R	■
H	L	U	T	G	E	R	A	■	G	■	■	U	■	F	E	L	L	I	Ð
■	G	■	Í	■	I	■	R	Ú	Ð	U	N	A	■	O	■	E	■	N	■
H	J	Ó	L	A	L	I	Ð	■	U	■	■	L	Ú	S	A	G	A	N	G
■	A	■	A	■	U	■	A	F	M	Á	N	A	■	S	■	I	■	A	■

LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist húsgagn. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „16. maí“.





FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Uppskriftabók föður míns** eftir **Jacky Durand** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Svanhildur Hermannsdóttir, Akureyri**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Örk, skorpa og Íslendingur koma inn á bar með látum (13)
11 Gullufsi Báru leitar gígju sinnar (8)
12 Enn grillum við á öftustu eggjum (11)
13 Svarðargrunnur vekur ugg í brjósti tvílita sauðsins (10)
14 Spíru handa ránfuglinum sem við hana er kennd! (11)
15 Knattlæsingar hindra voðaskot fremur en vítaspyrnur (10)
16 Lykta eins og sprotasella sem örvar T-frumur (9)
17 Tæmi ferjurnar og manndrápsfleyin öll (10)
23 Kyndum bál með rosa kátum körlum (11)
26 Þetta er vitleysa, kráarhaldari góður, og ekkert spes (9)
27 Merkar sálir móta skapheit börn (8)
30 Á höttunum eftir hæðum (5)
31 Fantapar hefur skráð lengd sína og breidd (7)
32 Gæt nú snót að þjóðans þörfum (7)
33 Frísk vinna fyrir óvinnufæra (7)
34 Hef bæði slökkvara og kveikjara í brotabauk (7)
35 Hlemmur arkar hylur ná/hirslu liggur ofan á (8)
36 Þú beygir af Baulubraut ínn á Vembluveg og endar á Síðhöluslóð (7)
40 Hitti ern hjón í víðum fötum í óbyggðum (8)
44 Þau ortu um spendýr í uppnámi (4)
45 Sé svip með sveitum og kvæðanna kveðum (9)
46 Flettið ofan af því sem ávöxturinn geymir (5)
47 Þessi blettur er merktur sem sölusvæði (8)
48 Leita að meininu á runnanum (7)
49 Suðum í svellköldum gellum (6)
50 Dró úr fjandskap og fyrirgangi (8)

LÓÐRÉTT

1 Þessi götuklíka fékk hjálp (12)
2 Og enn teljið þið að dragbítarnir dugi til að stöðva tímans rás (11)
3 Þetta er ein fordildar sómalína (11)
4 Leita himins himni ofar og hanabjálka (9)
5 Gerum ekki athugasemd við að brydding fylgi stálunum (10)
6 Flutti góðgæti á karamelluknæpu? (8)
7 **GRÆJA GRIMM GENGI FYRIR YFRIGANG GRANNANNA (8)**
8 Þessi gaur í Prumpulaginu er óttalegur karlhólkur (8)
9 Segja Mjöll heimskingja með skæðadrífu á heilanum (8)
10 Hvað segirðu, gefa þeir sjó í æð? (8)
18 Eru allir húskarlar ljóðskáld? (9)
19 Orðabókin segir konupung sæsvepp, en ég tel hann dömutuðru (9)
20 **ÓVISS ANDI MUN GREIÐA ÚR STEFNU (8)**
21 Hrum þrífast af steik og þurrkuðum ávöxtum (10)
22 Þarft að stækka mögur, annars verðurðu alltaf á bekknum (9)
24 Látum Mána um að sverta Sunnu á þessum merkisviðburðum (10)
25 Kunni að meta tilveruna, enda viðurværið gott (8)
28 Það er endalaust japlað á sama röflinu (10)
29 Skutluðu hnuggnum að hliðum (10)
32 Kom hundfúl í hús eftir tröð (8)
37 Þetta hérað er mér sem brenglað búr, Mía, þótt fallegt sé og ítalskt (6)
38 Hreykjum okkur á torgum (6)
39 Röfl um risa sem rændi boltum (6)
41 Samtök sem hitta alltaf á miðdepil auglýsa mikið (5)
42 Reisa skorður ef stafaröðin lekur til (5)
43 Arðan er sem ormurinn snúni (5)

LÉTT

	5	6		1		7		
		1			6	5	8	3
8	9						2	6
9		7	6					8
	8	4		2			3	
3			1					
6		5			1		9	
	2		9			4		
				4				

MIÐLUNGS

		7		2	8	1		
		2			6		3	5
		6			5			
			7			2		4
	1			9				
9				6		7		8
5	6	8		1				2
3					7			1
2				8	9			

ÞUNG

								9
		8			2	5		3
2	4			8				
	9		4		3	7		
7					1		2	
8		4						
	6			7		3		
			2	1				4
9							7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

3	2	8	1	5	9	7	6	4
4	6	5	2	7	3	1	9	8
7	1	9	4	6	8	2	3	5
5	7	1	6	9	4	8	2	3
8	4	6	3	2	5	9	1	7
9	3	2	7	8	1	4	5	6
6	8	3	9	1	7	5	4	2
1	5	4	8	3	2	6	7	9
2	9	7	5	4	6	3	8	1

4	8	7	6	2	9	5	1	3
1	9	5	7	8	3	4	6	2
6	2	3	5	1	4	7	8	9
2	4	9	3	7	8	6	5	1
8	3	6	9	5	1	2	4	7
5	7	1	2	4	6	3	9	8
3	1	2	4	9	5	8	7	6
7	5	8	1	6	2	9	3	4
9	6	4	8	3	7	1	2	5

4	2	3	1	9	5	6	7	8
1	7	8	6	2	4	9	5	3
6	5	9	3	7	8	1	2	4
3	8	2	4	1	9	7	6	5
5	1	4	8	6	7	2	3	9
7	9	6	5	3	2	4	8	1
8	6	5	2	4	1	3	9	7
9	3	1	7	8	6	5	4	2
2	4	7	9	5	3	8	1	6

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Alexander Grischuk (2777) átti leik gegn Vladimir Kramnik (2753) á móti sem teflt var til stuðnings heilbrigðisfólki í Rússlandi.

40. Rh5! 1-0. Kramnik gafst upp vegna framhaldsins. **40...He6 41. Dxd6 Hxd6 42. Hxd7! Hxd7 43. Rf6+.** Með þessu náðarhöggi tryggði Grischuk sér sigur á mótinu.

www.skak.is: Steinitz-mótið.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

ÓHEPPILEG ÚTSPIL

Í faraldursástandinu, sem nú ríkir, hefur verið boðið upp á fjölda móta á netinu, svo að bridgeáhugamenn geti drepið tímann við þetta skemmtilega hugarsport. Færeyska bridgesambandið bauð upp á sveitakeppnismót dagana 8.-10. maí. Mótið var töluvert sótt, en 20 sveitir kepptu í þessu móti. Þátttakendur voru frá þremur löndum, margar færeyskar sveitir, danskar og fimm sveitir frá Íslandi. Spilað var riðlakeppni með Monrad fyrirkomulagi (sveitir með svipað skor spiluðu saman) í upphafi. Að lokinni riðlakeppninni fóru fjórar efstu sveitirnar í úrslitakeppni. Það kom ekki mörgum á óvart að tvær íslenskar sveitir voru meðal þeirra. Sveitirnar voru Hótel Hamar og sveit Frímanns (Stefánssonar). Lengst af var baráttan um efsta sætið í riðlakeppninni milli sveitar Hótels Hamars og ICL-liðsins (sem var að mestu skipað spilurum í færeyska landsliðinu). Að lokinni riðlakeppninni enduðu þessar sveitir í öðru og þriðja sæti en dönsk sveit, Dangerous Minds, náði fyrsta sætinu. Dangerous Minds valdi sveit Frímanns til að spila gegn og Hótel Hamar spilaði gegn ICL-liðinu. Dangerous Minds og ICL-liðið unnu sína leiki og Hótel Hamar vann sveit Frímanns í keppni um þriðja sætið. Dangerous Minds vann sigur á sveit ICL í úrslitaleiknum. Færeyska landsliðið græddi vel á þessu mikla skiptingarspili í riðlakeppninni. Norður var gjafari og NS á hættu:

Norður
♠ 9862
♥ K
♦ KG87653
♣ 4

Vestur
♠ D73
♥ G542
♦ D42
♣ Á106

Austur
♠ 4
♥ D9863
♦ Á
♣ KDG532

Suður
♠ ÁKG105
♥ Á107
♦ 109
♣ 987

Í öðrum salnum sátu Færeyingarnir Danjal Pauli Mohr og Árni M. Dam í AV og sagnir enduðu, eftir mikla sagnbaráttu í 5 ♥ dobluðum í AV. Suður var svo óheppinn að byrja á að spila út hjartaásnum til að fækka trompum andstöðunnar. Samningurinn fékk þá að standa og 650 í dálk AV. Á hinu borðinu enduðu sagnir í 5 ♠ dobluðum í NS hjá Færeyingunum Bogi Simonsen og Arne Mikkelsen. Vestur spilaði út hjarta, eftir hjartaopnun austurs, sem gerði sagnhafa kleift að henda niður tapslag í laufi. Tíguldrottningin lá fyrir svíningu og Færeyingarnir fengu 850 í sinn dálk í NS og græddu 17 impa.

FERÐASTU UM ALLT ÍSLAND

Jeep®

Á ALVÖRU JEPPA MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI



NOKKRIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

JEEP® GRAND CHEROKEE – VERÐ FRÁ: 11.290.000 KR.

- 3.0 V6 250 HÖ. DÍSEL, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- 570 NM TOG
- HÁTT OG LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LÆSING Í AFTURDRIFI
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN AÐ FRAMAN OG AFTAN
- HLÍFÐARPLÖTUR UNDIR VÉL, KÖSSUM OG SKIPTINGU
- BI-XENON LED FRAMLJÓS MEÐ ÞVOTTAKERFI
- RAFDRIFIN OPNUN Á AFTURHLERA
- ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAAÐSTOÐ
- FJARLÆGÐASKYNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- BLINDHORNSVÖRN

BÍLL Á MYND: JEEP® GRAND CHEROKEE OVERLAND 33” BREYTTUR



NOKKRIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

JEEP® WRANGLER RUBICON – VERÐ FRÁ: 11.990.000 KR.


- BENSÍN 273 HÖ / DÍSEL 200 HÖ
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- ROCK-TRACK® FJÓRHJÓLADRIF
- SELECT-TRAC® MILLIKASSI
- TRU-LOCK® 100% DRIFLÆSINGAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- AFTENGJANLEG JAFNVÆGISSTÖNG AÐ FRAMAN
- HEAVY DUTY FRAM- OG AFTURHÁSING
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAAÐSTOÐ

BÍLL Á MYND: JEEP® WRANGLER RUBICON 35” BREYTTUR

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

KRAKKAR



Getur þú fundið leiðina í gegnum völundarhúsið?

Konráð og félagar á ferð og flugi

404

„Of sein, of sein,“ sagði Kata pirruð og hermdi eftir áhyggjurödd Konráðs. „Ég er búin að heyra þetta væl alveg nógu oft og nenni ekki að heyra það einu sinni í viðbót,“ bætti hún við. „En okkur liggur á,“ sagði Konráð biðjandi og bar sig aumlega. „Það gerir ekkert til að vera of sein,“ sagði Kata. „En það er gaman að reyna að komast í gegnum völundarhús,“ bætti hún við og bretti upp ermarnar. „Koma svo, inn með ykkur og reynið nú að týnast ekki. Ég finn réttu leiðina, sannið þið til,“ sagði Kata roggin um leið og hún arkaði inn í dimm göng völundarhúsins.



Listaverkið

Hún **Victoría Mirella Stefánsdóttir,** 10 ára, teiknaði þessa mynd af auga með demanta-augnskugga.





Haraldur Marinó kveðst stundum fara svolítið seint að sofa. „Mér finnst bara svo gott að vaka á kvöldin,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stefni á Ólympíuleikana

Hann Haraldur Marinó Kjartansson verður ellefu ára 11. september en er núna í 5. bekk í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Hann segist oft vera í fótbolta í frímínútunum með vinum sínum og líka stundum eftir skólann.

Eruð þið góðir í boltanum? Já, en ég æfi samt annað.

Hvað er það? Það er sund, ég er búinn að æfa það í sex ár.

Í hvaða sundi ertu bestur? Ég er eiginlega mjög góður í skriðsundi.

Hvar æfir þú? Í Ásvallalaug.

Geturðu hjólað þangað? Ég er alltaf að biðja um að fá að fara á hjóli en má það ekki og tek eiginlega alltaf strætó.

Hvað æfir þú oft í viku? Fjórum sinnum. Tvo klukkutíma í hvert skipti.

Ertu ekki þreyttur á eftir? Jú, sérstaklega á mánudögum af því þá fer ég líka í skólasund. Svo fer ég oft dálítið seint að sofa á sunnudögum, þó pabbi og mamma séu alltaf að segja mér að fara að sofa. Mér finnst bara svo gott að vaka á kvöldin.

Eru einhverjir vinir þínir með þér í sundinu þannig að þið séuð samferða? Nei, ég er sá eini í mínum árgangi sem æfir sund. En ég á vini í sundinu og líka skólavini og nágrannavini. En mér finnst líka voða gott að vera bara heima í Playstation eða á Youtube. Líka að fara út með Loka, hundinn okkar, og hjálpa til ef ég þarf.

SAFNIÐ ER TVEIR KÍLÓMETRAR. ÞAÐ ER HEILL HARRY POTTER-HEIMUR OG VEITINGASTAÐIR OG ALLT SVOLEIÐIS. ÉG VAR ÞAR Í FIMM KLUKKUTÍMA.

Það er gott hjá þér. Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í sumar? Ég ætla að fara í sumarbúðir í Vatnaskógi. Ég held ég sé líka að fara norður í Ásbyrgi og sofa í tjaldi þar. Þá stoppa ég örugglega svona tvo daga á Akureyri. Afi minn á heima þar og einn besti vinur minn úr leikskólanum.

Hefurðu lent í einhverju ævintýralegu nýlega? Ég fór í Harry Potter-safnið í London, rétt fyrir COVID-19. Það var rosagaman. Safnið er tveir kílómetrar. Það er heill Harry Potter-heimur og veitingastaðir og allt svoleiðis. Ég var þar í fimm klukkutíma.

Varstu búinn að lesa bækurnar? Nei, en ég er búinn að sjá allar myndirnar.

En að lokum. Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór? Sundmaður og fara á Ólympíuleikana.

ÍSLENSKT
gjörið svo vel

NÓA

NÓA

Njóttu dagsins
og fáðu þér
NÓANAMMI

Eurovision kvöldið hittir akkúrat á Nóadaginn. Tilviljun?

NÓADAGURINN

Sætasti dagur vikunnar!

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 °C | 4 ↙	2 °C | 4 ↓	5 °C | 8 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
5 °C | 8 ↘	8 °C | 6 ↓	-1 °C | 9 ↓

Norðlæg átt 8-15 m/s, hvassast austast á landinu. Víða léttskýjað, en lítilsháttar él norðaustan til og skúrir á Suðausturlandi síðdegis. Rofar til fyrir norðan í kvöld. Áfram bjart sunnan- og vestanlands. Hiti 1 til 11 stig að deginum, hlýjast syðst.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	10 °C | 6 ↖	9 °C | 1 ↓	9 °C | 1 ↙	10 °C | 4 ←	8 °C | 6 ←
Ísafjörður	2 °C | 9 ←	4 °C | 2 ←	5 °C | 1 ↓	6 °C | 3 ←	5 °C | 3 ←
Akureyri	6 °C | 2 ↖	5 °C | 2 ↖	8 °C | 1 ↓	9 °C | 2 ↖	11 °C | 3 ↖
Egilsstaðir	6 °C | 6 ↙	2 °C | 2 ↙	5 °C | 2 ↑	4 °C | 3 ↖	6 °C | 4 ↖
Kirkjubæjarklaustur	8 °C | 10 ↖	8 °C | 5 ↖	9 °C | 2 ↖	6 °C | 7 ←	7 °C | 8 ←
Hveravellir	3 °C | 2 →	2 °C | 2 ↗	3 °C | 1 ↗	4 °C | 5 ↑	8 °C | 2 ↖

DV
Kynningartilboð

LESTU DV FRÍTT Í MAÍ!

Skráðu þig á dv.is og lestu DV frítt í maí án skuldbindinga*



Hægt er að velja um tvær leiðir:

1. Prent og vefútgáfa
   Frí áskrift út maí að prentútgáfu með vefaðgangi að blaðinu rafrænt. Verð fyrir mánaðaráskrift er 2.990 kr. að reynslutíma loknum. Engin binding.
2. Vefútgáfa
   Frí vefáskrift út maí. Verð fyrir áskrift 1.590 kr. að reynslutíma loknum. Engin binding.

*Gildir aðeins fyrir þá sem eru ekki þegar með áskrift að DV. Kynningartilboðið er frítt í maí en gildir til 31.05.2020 fyrir nýja áskrifendur. Ef kynningartilboði er ekki sagt upp fyrir 31.05.2020 tekur við áskrift sem endurnýjast í mánuð í senn. Uppsögn á áskrift skal senda á áskrift@dv.is fyrir 20. hvers mánaðar.

GLUGGA GERÐIN


Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Nýjar íbúðir til sölu



Ítarlegar upplýsingar má finna á www.201.is

Yfir 150 íbúðir seldar í 201 Smára

201 Smári hefur á örfáum mánuðum fyllst af mannlífi og íbúðir selst á ógnarhraða. Ungt fólk sér hverfið sem upplagðan kost til að leggja drög að lífi sínu til frambúðar enda henta eignirnar afar vel til fyrstu kaupa og fyrir kjarnafjölskyldur. Þá höfum við einnig afhent fjölda lykla til fólks sem vill minnka við sig eða færa sig úr mesta erli hversdagsins án þess að missa nálægð við verslun og þjónustu.

Snjallhverfi í hjarta höfuðborgarsvæðisins

Engan þarf að undra að 201 Smári sé orðinn nýtt heimili svo margra einstaklinga á svo skömmum tíma því íbúðirnar eru ríkulega búnar snjalllausnum og þægindum. Þá er umhverfið fallegt og þaulhugsað, góð tenging við göngu- og hjólabrautir, frábært aðgengi að almenningssamgöngum, sorphirða og flokkun í sérflokki og útisvæðin glæsileg og örugg. Hverfið sjálft er rótgróið og allar nauðsynjar í göngufæri.

Tryggðu þér þína íbúð strax

Nú bætast við íbúðir til sölu sem verða til afhendingar 2020, fjölbreyttar eignir af ýmsum stærðum þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ein af byggingunum þremur er sérstaklega hönnuð með þarfir eldri borgara að leiðarljósi, svalir yfirbyggðar og þægindi í hverju horni.

Fáðu meira fyrir minna, lifðu í núinu og njóttu tímans sem skapast.







Snjöll hönnun og lausnir

Miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu

Yfir 100 verslanir í göngufæri

Hleðslustaðir fyrir rafbíla við hús og í hverfi

Stutt að samgönguæðum og í almenningssamgöngur

Góðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir

Deilibílar í hverfinu

